LOVÍSA BJÖRT HENNINGSDÓTTIR

*Hestarnir ætíð verið í miklu uppáhaldi*

sumar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



VEIÐIFRÉTTIR

*Félag sem nýtur vaxandi vinsælda*

Veiðifréttir • sérblað frá SVFR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




STYRKTU ÁTAKIÐ!

á allra vörum

Við höfum opnað fyrir söfnunar-númerin

903 1000
903 3000
903 5000

Bein útsending á föstudaginn á SkjáEinum

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júní 2008 — 163. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Á mála hjá Chanel



Harry Potter-stjarnan Emma Watson tekur við af Keiru Knightley sem andlit ilmvatnsins Coco Mademoiselle.

FÓLK 24

### Til hamingju, borgarbúar

Eftir liðlega þriggja mánaða hreinsunarátak skartar miðborgin sínu fegursta og iðar af blómlegu mannlífi, skrifar Ólafur F. Magnússon borgarstjóri.

UMRÆÐAN 16

### Tökur hafnar á Run for Her Life



Baltasar Kormákur er með um fjögur hundruð manns í vinnu við tökur á mynd sinni í Nýju Mexíkó.

FÓLK 30

### Fyrstir til að vinna FH



Blikar unnu 4-1 stórsigur á FH í Landsbankadeild karla í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁGÆTT VEÐUR** Í dag verður víða norðaustan 3-10 m/s en 10-13 m/s suðaustan til. Þurrt að mestu en hætta á dálítilli rigningu norðaustan og austan til. Hiti 5-15 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4






**Á MELTUNNI** Ísbjörninn var rólegur í gær, svaf í æðarvarpi og gæddi sér á eggjum. Íbúum á Hrauni í næsta nágrenni var gert að halda sig innandyra, en að sögn húsfreyju óttaðist heimilisfólkið þó ekki björninn. Reynt verður að koma böndum yfir björninn í kvöld eða í síðasta lagi á miðvikudag. MYND/FEYKIR/DAVÍÐ ORRI ÁGÚSTSSON

# Allt kapp verður lagt á að fanga ísbjörninn lifandi

**Annar ísbjörninn á tveimur vikum hefur gengið á land á Skaga. Danskir dýragarðsstarfsmenn munu freista þess að fanga björninn í búr. Þangað til er hann undir stífu eftirliti. Í gær át hann æðaregg og svaf.**

**NÁTTÚRA** Reynt verður að fanga ísbjörn sem fannst á Skagatá í gær og koma honum aftur til síns heima með liðsinni sérfræðinga frá Dýragarðinum í Kaupmannahöfn. Danirnir koma til landsins í dag með búr og annan búnað. Björninn verður vaktaður þangað til og skotinn ef öryggi fólks er ógnað.

Heimilisfólk á Hrauni á Skagatá varð bjarnarins vart um hádegisbil í gær og hafði samband við lögreglu. Ekki er vitað hvernig björninn komst til landsins eða hvenær. Þetta er í annað sinn í mánuðinum sem bjarndýr gengur á land á þessum slóðum. Fyrir tveimur vikum fannst ísbjörn nokkru sunnar á Skaga. Hann var felldur. Nú eru aðstæður aðrar; auðveldara að vakta björninn og hindra að hann hlaupist á brott.

„Um leið og ég frétti af því að það væri kominn annar hvítabjörn í Skagafjörðinn voru mín fyrstu viðbrögð að við myndum gera allt sem við gætum til að ná dýrinu lifandi og koma því til heimkynna sinna. Við förum af stað með það að leiðarljósi,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra, sem segist hafa reynt að stýra aðgerðunum frá útlöndum.

Björninn lá lungann úr gærdeginum í makindum í æðarvarpi steinsnar frá Hrauni, át þar egg og svaf. Íbúum á nálægum bæjum var gert að halda sig innandyra.

Að sögn Hjalta J. Guðmundssonar, sviðsstjóra hjá Umhverfisstofnun, verður þess freistað að deyfa björninn, fanga hann í búr Dananna og flytja hann síðan aftur til Grænlands, eða í versta falli í Dýragarðinn í Kaupmannahöfn. Þangað til verður dýrið vaktað.

„Þetta er mjög áhættusöm aðgerð að öllu leyti. Það þarf allt að ganga upp,“ segir Þórunn.

Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, bauðst í gær til þess að greiða allan kostnað sem til fellur við að bjarga ísbirninum og koma honum í öruggt umhverfi. Þórunn segir þetta vel boðið. „Við vitum ekki hversu mikill kostnaðurinn verður,“ segir hún. Þó sé ljóst að hann hlaupi á milljónum króna, og augljóslega ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði á fjárlögum.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir á vef sínum ætlunina að bjarga dýrinu lifandi með aðstoð Dana og fjárhagslegum stuðningi Novators.

- sh / - bj / sjá síðu 4

### HAFA ALDREI FANGAÐ ÍSBJÖRN

Carsten Gröndahl, yfirdýralæknir í Dýragarðinum í Kaupmannahöfn, var á kafi í skipulagsvinnu vegna ísbjarnarins á Skaga þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gærkvöld. Hann sagðist ekki mundu vita fyrr en í dag hvernig yrði staðið að flutningunum enda hefði skipulagningin þá væntanlega skýrst.

Yfirdýralæknirinn segir að samband hafi verið haft við sig síðdegis í gær og hann hafi strax farið í að kanna alla möguleika, til dæmis hvort hægt væri að fá skipafélag til að flytja búrið.

Gröndahl veit ekki hvernig stjórnun aðgerða verður háttað eða hvort hann kemur sjálfur til Íslands en telur það vel hugsanlegt. Hann segir að starfsmenn dýragarðsins hafi áður staðið að svipuðum aðgerðum erlendis þó að ekki hafi verið um ísbjörn að ræða í þeim tilvikum.



Vel sé hægt að ná ísbirninum og bjarga honum á nokkrum dögum.

- ghs

Milljarða afskriftir Eimskips vegna kaupa á dótturfélaginu Innovate:

# Efast um lögmæti þagnarinnar

**VIÐSKIPTI** „Miðað við þær upplýsingar sem birst hafa í fjölmiðlum sýnist mér hæpið að heimfæra frestun á birtingu upplýsinga undir þessa þröngu undanþáguheimild,“ segir Hlynur Jónsson, lögmaður og fyrrverandi sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu.

Stjórn Eimskipafélagsins vissi í febrúar að dótturfélagið Innovate ætti í vandræðum. Ekki var greint frá því fyrr en í síðustu viku en þá var greint frá því að félagið yrði afskrifað í heild sinni. Eimskipafélagið hefur vísað til lagaheimildar um að þegja yfir upplýsingum.




**FYRRVERANDI STJÓRNENDUR** Baldur Guðnason og Magnús Þorsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskips, segir félagið eiga í góðum samskiptum við eftirlitsaðila og spurningum þeirra verði svarað. Frestunin hafi gefið svigrúm til að undirbúa sölumeðferð á Innovate og tekist hafi að bjarga verðmætum. Viðræður við væntanlega kaupendur eru á lokastigi. Komist FME að þeirri niðurstöðu að Eimskip hafi brotið lög um verðbréfaviðskipti á það yfir höfði sér stjórnvaldssekt upp á allt að fimmtíu milljónir króna.

- ikh / sjá síðu 12

Ingibjörg Finnbogadóttir:

# Hannar nýtt útlit á sex manneskjur

**TÍSKA Ingibjörg Finnbogadóttir, fatahönnuður og stílisti, hefur fengið það verkefni að hanna útlit á sex manns sem sækja ýmsa menningarviðburði í New York. Verkefnið er á vegum fyrirtækis sem kallast Fauxcialite og geta fyrirtæki keypt sér útlimi til að auglýsa á. Ingibjörg hefur verið búsett í New York í tvö ár og hefur komið ár sinni vel fyrir borð þar.**

**„Ég fékk atvinnuleyfi í fyrrahaust og hef haft nóg fyrir stafni síðan þá,“ útskýrir Imba.**

- sa / sjá síðu 30

## SPURNING DAGSINS



*„Gunnleifur, voruð þið alveg þróttlausir?“*

„Já, eiginlega, þeir voru algjörir HKarlar.“

Þróttur lagði HK á Valbjarnarvelli í fyrradag og hélt þar með sigurgöngu sinni áfram. Gunnleifur Gunnleifsson er markvörður og fyrirliði HK.

Eigendur stórra reita í miðbæ Reykjavíkur bíða fram á haust með framkvæmdir:

# Engar framkvæmdir í sumar

**SKIPULAGSMÁL** „Við veittum leyfi fyrir því að listamenn skreyttu portið,“ segir Hanna Benediktsdóttir, fjármálastjóri fasteignafélagsins Festa sem á hús á svokölluðum Hljómalindarreit. Reiturinn er kenndur við húsið við Laugaveg 21 sem áður hýsti verslunina Hljómalind.

Hanna segir Íslenska Kaupfélagið hafa fengið að vera endurgjaldslaust í húsinu í sumar. Þar er rekið kaffihús auk þess sem ýmsar uppákomur verða á svæðinu í sumar. Hún segir þetta gert til að hafa líf á svæðinu en enn sé nokkuð í framkvæmdir hefjist á reitnum.

Enn er unnið að deiliskipulagi fyrir reitinn. „Við fundum reglulega með borginni og málið er í góðum farvegi,“ segir Hanna.

„Það styttist óðum í að frekari hugmyndir verði kynntar skipulagsyfirvöldum,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Samson Properties sem eiga Barónsreit.

„Við höfum verið í því að taka til, mála og gera þetta snyrtilegt eins og aðrir.“ Að sögn Ásgeirs gera ætlanir ráð fyrir að framkvæmdir taki um tvö ár.

Þá segir Ásgeir ekkert húsanna á reitnum standa autt. Ráðstafanir gagnvart leigjendum verði gerðar þegar séð er hvenær framkvæmdir hefjast. - ovd



**VIÐ HLJÓMALINDARHÚSIÐ** Gamla Hljómalindarhúsið, Laugavegur 21 og portið þar á bak við öðlast nýtt líf í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Olíumálverk gerð upptæk:

## Með 550 málverk í Norrænu

**LÖGREGLUMÁL** Tollgæslan lagði í síðustu viku hald á um 550 olíumálverk sem erlendur maður hafði trassað að framvísa við komuna til Seyðisfjarðar með Norrænu.

Að sögn Óskars Bjartmarz, yfirlögregluþjóns á Egilsstöðum, reyndi maðurinn ekki að fela verkin fyrir tollvörðum. Þau munu hafa verið máluð í Kína og hvorki dýr né sérlega merkileg. Þau voru af ýmsum stærðum. Ekki er ljóst hvað maðurinn ætlaðist fyrir með verkin hérlendis. Verkin komu með sömu ferð og 190 kíló af fíkniefnum, og féll málverkafundurinn í skuggann af því máli. - sh

# Sala færist til ÁTVR frá skemmtistöðum

**Sala áfengis eykst hjá ÁTVR þrátt fyrir versnandi efnahagsástand. Sumir birgjar merkja samdrátt í sölu til verta. Þeir segja það benda til þess að salan sé að færast til ÁTVR frá skemmtistöðum. Efnahagsástandið er ein skýringin.**

**VERSLUN** Sala áfengis hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fer vaxandi, en á sama tíma merkja sumir birgjar samdrátt í sölu til veitingahúsa og vínveitingastaða.

„Sala til ÁTVR og hjá Fríhöfninni er greinilega, svo heildarsalan er frekar upp á við. En það er klárlega minnkun í sölu á veitingahúsamarkaðinn,“ segir Gunnar B. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri markaðsdeildar Ölgerðarinnar.

Hann segir sölu á áfengi til verta hafa dregist saman frá áramótum, en er ekki tilbúinn að upplýsa hversu mikið.

„Það er nokkuð viðurkennt að efnahagsástandið hefur áhrif. Fólk velur frekar þann kostinn að drekka heima. Það er ein skýringin,“ segir Gunnar.

Önnur skýring geti verið reykingabannið, en þó sé ekkert hægt að fullyrða um það. Vegna breytts efnahagsástands sé raunar erfitt að sjá hver áhrif reykingabannsins séu á áfengissöluna á skemmtistöðum.

Sala ÁTVR hefur aukist það sem af er ári. Frá janúar og út maí var aukningin í lítrum talið sex prósent, segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. Vertar kaupa áfengi beint af byrgjum, án aðkomu ÁTVR.

„Ég hef trú á því að jafnvægið hafi eitthvað breyst,“ segir Kári Ellertsson, markaðsstjóri hjá Glóbus. Fólk fari seinna út að skemmta sér og drekki frekar áfengi í heimahúsi. Þó sé erfitt að meta stöðuna í dag, hún muni frekar liggja fyrir eftir sumarið.

„Það hefur komið einhver lægð í þetta samanborið við síðasta ár, en hvort það er marktækt veit ég ekki alveg,“ segir Kári. „Í svona árferði eins og er núna er þróunin frekar sú að sala í vínbúðum og fríhöfninni aukist.“

Sumir birgjar sem rætt var við segja aðra sögu. Þannig hefur sala til veitingastaða verið að aukast hjá Vífilfelli, að sögn Símons Ragnars Guðmundssonar sölumanns.

Sala á léttvíni og bjór til verta eykst nokkuð, en sterka vínið stendur í stað hjá heildsölunni Karli K. Karlssyni, segir Guðlaugur Guðlaugsson viðskiptastjóri. Sala til ÁTVR hefur þó aukist áberandi meira.

brjann@frettabladid.is



**DRYKKJA** Varla hefur verið hægt að merkja í blíðviðrinu í miðborginni undanfarið að áfengissala sé að dragast saman á veitingahúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### DÝRARI VÍNIN FREKAR Á UNDANHALDI

Heldur hefur dregið úr sölu á dýrari vínum hjá birgjum. Kári Ellertsson, markaðsstjóri hjá Glóbus, segir það sína tilfinningu að þeir sem drukkið hafi dýrari vín haldi sig í svipuðum verðflokki, en drekki þá lakari vín eftir verðhækkanir tengdar gengishækkun.

Slæmt efnahagsástand gæti þýtt minni sölu á dýrari vínum, segir Kári. „Þetta gæti haft þau áhrif að þeir sem hafa getað leyft sér að safna dýrari vínum fari að drekka eitthvað af þeim og haldi aftur af sér með það að bæta í safnið.“

Prófessor um millidómstig:

## Ekki hægt að vera á móti

**DÓMSMÁL** „Íslenska réttarkerfið er eitt það skilvirkasta í Evrópu og þó víðar væri leitað,“ segir Sigurður Líndal lagaprófessor.



SIGURÐUR LÍNDAL

Hann segir þó ekki hægt að vera á móti millidómstigi þar sem það tryggi réttaröryggi í sessi með vitnaleiðslu á tveimur dómstigum.

„Ókostirnir eru þó að réttarkerfið verður þyngra, málskostnaður talsvert hærri og málsmeðferðin löng,“ segir Sigurður.

„Fram á 18. öld bjuggu Íslendingar við fjögur dómstig og það þótti ansi þungt. Árið 1800 var lögréttudómurinn hins vegar lagður niður og við það var dómskerfið þrískipt. Þetta þótti gríðarleg framför í réttarfari á þeim tíma.“ - vsp

Bandarískir foreldrar í haldi:

## Sonurinn lést bundinn við tré

**BANDARÍKIN** **Lögregla í Edgecombe-sýslu í Norður-Karólínu hefur handtekið foreldra sem grunaðir eru um að hafa banað þrettán ára syni sínum með því að binda hann við tré til að kenna honum lexíu. Föðurnum fannst drengurinn hafa hegðað sér illa og refsaði honum með því að láta hann sofa utandyra. Hann batt hann við tré í garðinum tvo daga í röð. Drengurinn fannst látinn í garðinum eftir seinni nóttina.**

**Foreldrarnir hafa báðir verið kærðir fyrir manndráp og misnotkun. Barnaverndaryfirvöld hafa svipt þá forsjá yfir tveimur öðrum börnum þeirra. Málið er enn í rannsókn.** - sh

Þrettán líkamsárásir komu til kasta lögreglu á Bíladögum á Akureyri um helgina:

# Vill hátíðina aftur á næsta ári

**LÖGREGLUMÁL** „Þessi hátíð hefur verið að vinda upp á sig síðustu árin bæði hvað varðar ónæði og framkomu gesta,“ segir Daníel Guðjónsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri, en miklar óspektir voru um helgina í tengslum við Bíladaga í bænum, sem lýkur í dag.

Þrettán minniháttar líkamsárásir komu til kasta lögreglu og ein alvarlegri líkamsárás er til rannsóknar. Þá hafa nokkur skemmdarverk verið tilkynnt.

Kristján Þ. Kristjánsson, stjórnarformaður Bílaklúbbs Akureyrar, telur annað ekki koma til greina en að Bíladagar verði haldnir aftur að ári enda hafi hátíðin sjálf gengið mjög vel.

„Ryskingar hjá fólki á næturrölti tengjast öðrum en þátttakendum Bíladaga,“ segir Kristján. „Hér hefur ríkt ró og engum þurft að hafa afskipti af.“

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri segist munu hitta lögreglu og skipuleggjendur hátíðarinnar síðar í vikunni til að fara yfir atburði helgarinnar.

„Framkvæmd hátíðarinnar gekk með ágætum en það voru fylgifiskar hennar sem ollu vandræðum,“ segir Sigrún.

Mun meiri viðbúnaður var hjá lögreglu vegna hátíðarinnar nú en undanfarin ár, og beitti lögregla kylfum og piparúða til að halda mannfjöldanum í skefjum. - ht



**BÍLADAGAR Á AKUREYRI** Þrettán líkamsárásir komu til kasta lögreglu um helgina en þá voru haldnir Bíladagar í bænum. Hátíðinni lýkur í dag.



**ÓLAFUR RAGNAR OG FORSETABÍLINN** Packard Sveins Björnssonar í góðum gír.

Ólafur Ragnar á fornbíl í dag:

## Fyrsta forsetabifreiðin notuð

**FORSETAEMBÆTTIÐ** **Forsetabifreið Sveins Björnssonar verður notuð í fyrsta sinn við opinbert tækifæri í dag. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, kemur í henni til Alþingishússins við upphaf hátíðarhaldanna á Austurvelli.**

**Um hádegið verður hún hluti af hátíðaakstri Fornbílaklúbbsins frá Árbæjarsafni. Þá verður henni ekið frá safninu í miðbæinn, þar sem hún verður til sýnis við Þjóðminjasafnið á milli klukkan tvö og fimm.**

**Nýlega var lokið við endurgerð bifreiðarinnar. Hún er af Packard-gerð frá árinu 1942. Bifreiðin er aðeins notuð og sýnd við sérstök tækifæri.** - hþj

Hótel Sögu-nauðgari ósáttur:

## Áfrýjar dómi fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Robert Dariusz Sobiecki hefur ákveðið að áfrýja nauðgunardómi sem hann hlaut í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi. Þetta staðfestir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður hans.

Sobiecki hlaut þriggja ára fangelsisdóm fyrir að nauðga stúlku á salerni Hótels Sögu í mars í fyrra. Honum var auk þess gert að greiða fórnarlambi sínu eina og hálfa milljón í miskabætur. Héraðsdómur hafði áður sýknað Sobiecki af ákærunni en Hæstiréttur ómerkti þann dóm og vísaði honum aftur í hérað, þar sem aðrir dómarar sakfelldu hann í annarri atrennu. - sh

Fréttablaðið:

## Breytingar á auglýsingaverði

**VIÐSKIPTI** **Almenn auglýsingaverðskrá Fréttablaðsins hækkar um 4,5 prósent frá og með 1. júlí. Rað- og smáauglýsingar hækka um sex prósent á sama tíma. Hækkunin er almenn og nær yfir verðskrár og samninga.**

**Þessar aðgerðir eru vegna hækkandi pappírs- og dreifingarkostnaðar. Með þeim er verið að tryggja og treysta gæði og dreifingu Fréttablaðsins.**

www.toyota.is




Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070

## ANNAR ÍSBJÖRN Í SKAGAFIRÐI

### ALLT AÐ 5.500 ÍSBIRNIR Á GRÆNLANDI

Talið er að á bilinu 4.000 til 5.500 ísbirnir séu í þeim stofni sem heldur til á Grænlandi. Það lætur nærri að vera um fimmtungur af heildarfjölda ísbjarna í heiminum. Þeir halda sig helst á norðvestur- og norðaustur-hluta Grænlands.

Ísbjörnum er gjarnan skipt í sex stofna eftir því hvar þeir halda til. Flestir eru ísbirnirnir í Kanada, þar sem talið er að um fimmtán þúsund ísbirnir séu í dag.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Plan B að skjóta skepnuna

„Við hljótum að hafa lært af reynslunni þegar fyrri [hvítabjörninn] kom,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra spurð um viðbrögð við fréttinni af bjarndýrinu á Skaga í gær.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg segist telja eðlilegt að gripið sé til varúðarráðstafana á borð við að loka vegum, sem ekki var gert þegar fyrri björninn uppgötvaðist. Eðlilegt sé einnig að leita leiða til þess að svæfa björninn og koma honum úr landi. Það velti þó á því að réttur búnaður sé til staðar í landinu.

„En það er auðvitað alltaf plan B að skjóta skepnuna ef menn telja að hún sé að verða mannfólkinu hættuleg; þá hlýtur mannfólkið að hafa forgang,“ segir Ingibjörg. - aa

Dýraverndunarsjóðurinn IFAW:

## Viðbrögðin ánægjuleg

Ánægjulegt er að íslensk stjórnvöld hafa lagt mikið á sig til að bjarga ísbirninum sem sást á Skaga í gær, og sem margir Íslendingar og Danir vinni að því að koma dýrinu í sitt náttúrulega umhverfi á ný. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Alþjóðlega dýraverndunarsjóðinum (IFAW).

Það á alltaf að vera síðasta úrræðið að skjóta dýr, og aðgerðirnar nú eru stórt skref fram á við fyrir ríkisstjórnina, segir í yfirlýsingunni.

Þá bjóðast samtökin til að aðstoða við gerð aðgerðaráætlunar vegna komu ísbjarna í framtíðinni. - bj




Þór Jakobsson segir hafísinn á Grænlandssundi ekki óvenjulegan um þessar mundir. Líklega hafi meginlandsísinn ekki verið samfelldur alla leið upp að Grænlandi, sem hafi valdið því að birnir urðu innlyksa á ísnum. Fláka hafi síðan rekið í átt að Íslandi og birnirnir synt síðasta spölinn til Íslands. Slíkir flákar sjást ekki á gervihnattamyndum, heldur þarf ísflug til.

# Fleiri birnir gætu komið

**Bæta þarf eftirlit með hafísflákum til að geta fylgst með hugsanlegum komum hvítabjarna til landsins, að mati Þórs Jakobssonar veðurfræðings. Hann útilokar ekki að fleiri birnir geti fylgt í kjölfar hinna tveggja.**

Ekki er loku fyrir það skotið að fleiri hvítabirnir gangi á land á næstunni, að mati Þórs Jakobssonar veðurfræðings. Hann segir að fjölga þurfi ísflugferðum Landhelgisgæslunnar í ljósi bjarnarheimsókna síðustu vikna og gæta sérstaklega að því hvort ísbirnir séu á ísflákum eða á sundi nálægt landi.



ÞÓR JAKOBSSON

„Það er betra að vita af því ef þeir eru á leiðinni,“ segir hann.

Þór segir útbreiðslu hafíssins á Grænlandssundi hafa verið mikla nú í byrjun sumars, þótt ekki hafi ísjaðarinn komið ýkja nærri landi. Hann bendir á að ísröndin sé um sjötíu mílur frá landi núna, en hafi oft verið örfáar mílur frá landi án þess að hvítabirnir hafi gengið á land.

„Ísinn er í sjálfu sér ekkert óvenjulegur núna svo það er eitthvað sem hefur gerst áður sem er óvenjulegt,“ segir Þór. „Ég giska á að meginísinn hafi ekki verið samfelldur upp að Grænlandi, og birnirnir hafi verið svo óheppnir að lokast inni á ísbreiðunni og borist frá Grænlandi og svo nægilega nálægt Íslandi til að þeir hafi lagt í að synda síðasta spölinn.“

Þór segir að þar sem þegar hafi komið tveir birnir sé alls ekki útilokað að fleiri fylgi í kjölfarið. „Þeir gætu verið fleiri á ferðinni núna þó að ég þori ekki að segja til um hvernig það yrði næstu árin.“

Hann kallar eftir bættu eftirliti með hugsanlegum vágestum. „Þetta er nokkuð sem hefur greinilega ekki verið fylgst alveg nógu vel með.“ Gisinn ís geti teygt sig langleiðina yfir Grænlandssundið á milli Grænlands og Íslands, og hann sjáist ekki á gervitunglamyndum. Því þurfi að fljúga reglulega þar yfir.

stigur@frettabladid.is

### BJARNARGREIÐI AÐ LOKA BJÖRNINN INNI

Það eina rétta að gera í stöðunni er að fanga ísbjörninn sem nam land á Skaga og flytja hann til sinna náttúrulegu heimkynna, segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Garðurinn hefur enga aðstöðu til að taka við dýrinu.

„Ef þetta er fullorðið dýr set ég mjög stórt spurningamerki við það að koma því fyrir í dýragarði,“ segir Tómas. „Það gæti verið bjarnargreiði við dýrið að fanga svona villt og kröftugt dýr og hafa það í dýragarði þar sem er heitt og lítil aðstaða.“

Kostnaður við að koma upp bjarnargryfju í húsdýragarðinum liggur á milli 100 og 200 milljóna króna, segir Tómas. Að auki kosti sitt að fóðra dýrið og að hafa viðeigandi starfsmenn og öryggisgæslu á staðnum.

Stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins kannar



nú möguleikann á því að taka inn nýjar dýrategundir sem aðlagaðar eru köldu loftslagi. Tómas segir af mörgu að taka þar, í þann flokk falli dýr allt frá ísbjörnum, Síberíutígrum og úlfum, að snæhérum, sauðnautum og mörgæsum.

„Það liggur fyrir stjórn garðsins að móta sína afstöðu. Væntanlega verður það gert í ár. Við vinnum svo eftir því sem stjórnin ákveður,“ segir Tómas. - bj

### GRÉT AF ÓTTA UM HEIMILISHUNDINN

Heimilisfólkinu á Hrauni á Skaga brá heldur betur í brún í gær og varð ljóst að hvítabjörn hafði hreiðrað um sig í æðarvarpinu steinsnar frá bænum. Það var heimilishundurinn sem fyrst varð bjarndýrsins var og rauk geltandi af stað í átt að varpinu.

„Dóttir mín hljóp á eftir hundinum, enda má hann alls ekki fara í æðarvarpið,“ segir Merete Rabölle, húsfreyja að Hrauni. Stúlkan, hin tólf ára gamla Karen Helga, kom síðan grátandi til baka eftir að hafa séð að hundurinn hljóp ekki í átt að áburðarpoka eins og henni hafði fyrst sýnst, heldur stærðar ísbirni. Hún óttaðist að örlög hundsins væru þar með ráðin.

Isaaq, grænlenskur vinnumaður á bænum, hljóp þá rakleiðis út á eftir hundinum og tókst að heimta hann úr helju.



KAREN HELGA STEINSDÓTTIR

Ekkert amaði raunar að hundinum.

„Auðvitað brá okkur mjög mikið þegar við áttuðum okkur á því að stúlkan væri að segja satt – að það væri virkilega ísbjörn svona nálægt okkur,“ segir Merete. Fjölskyldunni var gert að halda sig innandyra í gær og svo virðist sem framhald verði á biðinni þar til björninn hefur verið fangaður. - sh

„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is

## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**SKAPLEGT VEÐUR**
Ljómandi veður verður á Suðvesturlandinu í dag. Léttskýjað sunnan og vestan til en skýjað eða skýjað með köflum annars staðar. Yfirleitt þurrt en má búast við lítilsháttar rigningu austan til í dag. Hitinn verður á bilinu 5-15 stig, hlýjast suðvestan til.




Á MORGUN
3-10 m/s, stífastur suðaustast.

FIMMTUDAGUR
Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| London | 18° |
| París | 23° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Berlín | 23° |
| Alicante | 26° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 18° |
| Eindhoven | 21° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

*Frábærir vinningar alla föstudaga í sumar!*

BYLGJAN 989

# Sumarleikur NINGS




**Vinnur þú einn sparneytnasta bíl landsins til afnota í heilt ár?**

Das Auto. HEKLA olís LAUGAR SÉÐ OG HEYRT Coca-Cola WWW.ICELANDAIR.IS

**Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.**
Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
**Og í lok sumars drögum við út Volkswagen Fox til afnota í heilt ár.**

**SUMAR TILBOÐ**

- Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt og grænmeti með mildri karrýsósu
- Matarmiklar vorrúllur með grænmeti
- Kjúklingur og grænmeti í Satay sósu

krónur **2790** fyrir tvo

krónur **1395** á mann

*ATH! SUMARTILBOÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. KÓK MEÐ TILBOÐINU*

# NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17
**PÖNTUNARSÍMI: 588 9899**
NINGS AKUREYRI PÖNTUNARSÍMI: 440 6600

**Þú finnur ótrúlegt úrval ljúffengra rétta á matseðli okkar á www.nings.is**

Fylltu út seðilinn hér að neðan og skilaðu til okkar á Nings og þú ert með í leiknum.

*...og kroppurinn blómstrar!*

Nafn ______

Heimili ______

Sími ______ netfang ______

## KJÖRKASSINN



*Á lögreglan að fá að koma upp hreyfanlegri lögreglustöð á Lækjartorgi í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 85% |
| Nei | 15% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að taka upp strandsiglingar að nýju?*

Segðu þína skoðun á visir.is — vísir

Spenna vex milli grannríkjanna Afganistans og Pakistans:

# Talibanar sækja að Kandahar

**AFGANISTAN, AP** Hundruð skæruliða talibana hertóku þó nokkur þorp í héraðinu Arghandab í suðurhluta Afganistans í gær. Héraðið er rétt norður af Kandahar, sem var eitt helsta vígi talibana, og óttast er að þeir muni reyna að gera árás á borgina. Aðeins eru fjórir dagar síðan um 870 fangar sluppu úr fangelsi í Kandahar eftir árás talibana. Þeirra á meðal voru fjölmargir skæruliðar úr þeirra röðum. Annars staðar í Afganistan voru 35 uppreisnarmenn drepnir af bandarískum og afgönskum hermönnum.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, hótaði á sunnudag að senda herlið inn í Pakistan til þess að leita uppi talibana sem þar dveljast. Mikillar óánægju gætir með ummæli Karzais í Pakistan, og var sendiherra Afgana í landinu kallaður á fund í utanríkisráðuneytinu til þess að taka við kvörtun. Það sagði utanríkisráðherrann ljóst að Pakistan myndi verja landamæri sín. Á sama tíma hafa hundruð Afgana komið saman í að minnsta kosti fjórum borgum til stuðnings Karzai.

Þrátt fyrir að enn þyki ólíklegt að hótununum verði fylgt eftir eru samskipti nágrannaríkjanna tveggja enn stirðari en áður. **- þeb**



**FORSETINN** Hamid Karzai segir Afganistan hafa rétt á að verja sig gegn talibönum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Teikningar og myndir:

## Framtíð miðborgar til sýnis

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagssýning á þeim verkefnum sem standa fyrir dyrum í miðborg Reykjavíkur verður opnuð á Laugavegi í dag. Á sýningunni geta gestir séð upplýsingar um allar deiliskipulagstillögur sem hafa verið samþykktar eða eru í vinnslu, teikningar, módel og myndir. Sýningin er í húsinu á Laugavegi 33.

Sýningin verður opin frá ellefu til sex alla daga nema sunnudaga. Einn starfsmaður sinnir sýningunni auk þess sem uppákomur eru fyrirhugaðar með stjórnmála- og fræðimönnum, að sögn verkefnastjóra hjá skipulagssviði Reykjavíkurborgar. **- sh**

Nágrannaerjur í Reykjavík:

## Bað um frið en fékk kjaftshögg

**REYKJAVÍK Nágrannaerjur í Reykjavík enduðu með alvarlegum slagsmálum. Atvikið átti sér stað í austurbæ Reykjavíkur aðfaranótt mánudags.**

**Að sögn lögreglu gekk maður yfir til nágranna síns í þeim erindagjörðum að biðja hann um að lækka í hljómflutningstækjum í íbúð sinni. Brást sá ókvæða við og réðist að þeim fyrrnefnda, sló til hans og skallaði.**

**Kalla þurfti til lögreglu sem yfirbugaði hávaðaseggin með piparúða en hinn þurfti að fara á slysadeild. Sá hávaðasami var fluttur í fangageymslur lögreglu.**

**- hþj**

### KJARAMÁL

**BHM fær fundinn**

Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, hefur boðað fulltrúa Bandalags háskólamanna, BHM, á sinn fund ásamt fjármála- og utanríkisráðherra á fimmtudag. Fyrir hönd samstarfshóps 25 stéttarfélaga háskólamanna mæta þau Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, Páll Halldórsson, varaformaður BHM, og Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM.

### ÁRÉTTING

Myndin sem fylgdi frétt af ólátum á Bíladögum á Akureyri í Fréttablaðinu í gær var tekin á Bíladögum í fyrra. Bíllinn á myndinni og eigandi hans tengdust fréttinni að öðru leyti ekki.

### LEIÐRÉTTING

Það er Ármann Snævarr prófessor sem er mættur til Akureyrar fyrir hönd stúdenta er útskrifuðust úr MA fyrir sjötíu árum en ekki Valdimar Snævarr, eins og fram kemur í viðtali við Þorlák Jónsson menntaskólakennara í blaðinu í gær, 16. júní. Villan er alfarið sök blaðamanns og lesendur eru beðnir velvirðingar á henni.

# Álverin sögð styrkt með skattpeningum

**Rætt er um „dulinn kostnað“ stóriðjunnar í nýrri skýrslu Framtíðarlandsins. Kostnaður við hvert starf í álveri á Reyðarfirði sagður 350 milljónir. „Mikil einföldun,“ segir Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.**

**IÐNAÐUR** Ódýr orka og ríkisábyrgð á lánum, skattaívilnanir og ókeypis útblásturskvótar eru meðal þess sem Framtíðarlandið telur til í nýrri skýrslu sem margbreytilegan kostnað ríkisins við stóriðjuframkvæmdir.

Framtíðarlandið reiknar út að hvert starf við álverið á Reyðarfirði hafi kostað um 350 milljónir króna, miðað við að Kárahnjúkavirkjun hafi kostað 145 milljarða. Árið 2004 hafi heildarstyrkir Byggðastofnunar til atvinnuþróunar á landsbyggðinni hins vegar numið 143 milljónum, sem skiptust milli 64 verkefna.

Því séu álver og önnur orkufrek stóriðja slæmir kostir, sé meiningin að byggja upp atvinnulíf á hagkvæman hátt.

Í skýrslunni er reyndar efast um að slík hagkvæmni sé endilega efst í huga þeirra sem með valdið fara og segir skýrslan opinbera starfsmenn gjarnan vilija auka eigin umsvif. Fyrirtæki þeirra stefni því ekki fyrst og síðast á að skila hagnaði, heldur að stækka efnahagsreikninginn og fjölga starfsmönnum. Þannig öðlist embættismaðurinn völd og virðingu.

Framtíðarlandið býst við því að með samdrætti í efnahagslífi heyrist háværar kröfur um framkvæmdir. Þá sé gott að hafa í huga að ekki eru allar framkvæmdir jafn góðar. Fjölgun starfa, sem slík, sé til dæmis ekki besti mælikvarðinn á ágæti fjárfestingar.

Í lokaorðum skýrslunnar er fullyrt að fjárfesting í einstökum fyrirtækjum, svo sem álverum, sé hlutverk einkageirans, en ekki ríkisins. **klemens@frettabladid.is**



**Í IÐRUM KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR** Framtíðarlandið telur að ríkið ætti til að mynda að bjóða upp á fjölbreyttari menntun, frekar en að niðurgreiða álver. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### ÁLITAMÁL HVERJIR STANDI Í REKSTRINUM

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hefur í ræðu og riti hvatt til stóriðjuframkvæmda. Hann segir breiða samstöðu um að náttúruauðlindir verði í þjóðareign en vissulega megi deila um hverjir eigi að standa í sjálfum rekstrinum.

Hann gagnrýnir útreikninga Framtíðarlandsins og segir þá mikla einföldun á staðreyndum.

„Mér sýnist til dæmis að í þessum útreikningum á Kárahnjúkum sé ekki tekið tillit til þess orkuverðs sem álverið mun greiða. Það liggur fyrir hjá Landsvirkjun að arðsemi virkjunarinnar er mun meiri en gert var ráð fyrir og hún borgar sig upp á skemmri tíma en ætlað var. Þarna er heldur ekki litið til hliðaráhrifanna á Austfjörðum,“ segir hann.



**JÓN GUNNARSSON**

Spurður hvort ekki hefði verið hægt að skapa sambærileg störf með því að setja 145 milljarða í Byggðastofnun segir Jón að hugmyndirnar þurfi að vera á borðinu fyrst. „Það þýðir ekki að henda bara peningum í eitthvað sem enginn veit hvað er. Álver á þessu svæði var raunhæfur kostur á sínum tíma.“



**VATNSTJÓN FYRIR MILLJÓNIR** Kaldavatnsleiðsla gaf sig í íþróttahúsi Þróttar og flæddi vatn um allt gólf. Rjúfa þurfti gólf til að dæla vatni í burtu. Tjónið hleypur á milljónum.

Íþróttahús Þróttar:

## Rjúfa þurfti gólf til að dæla burt vatninu

**VATNSTJÓN** Mikið tjón varð þegar kaldavatnsleiðsla gaf sig í inntaksklefa í íþróttahúsi Þróttar og vatn flæddi inn í 900 fermetra íþróttasal á neðstu hæð. Vart varð við tjónið snemma í gærmorgun og var strax kallað eftir aðstoð. Slökkviliðið vann ásamt starfsfólki að því að dæla burt vatni og forða munum frá skemmdum.

Rjúfa þurfti gólf til að dæla vatni í burtu en vatnið lá undir öllu gólfinu. Tjónið hleypur á milljónum króna, að sögn Magnúsar Haraldssonar, deildarstjóra hjá framkvæmda- og eignasviði. „Í dag erum við að meta tjónið og átta okkur á orsökum þess að lögnin gaf sig,“ segir hann. **- ghs**

### SVÍÞJÓÐ

**Sól og haglél til skiptis**

Veðráttan í suðurhluta Svíþjóðar hefur verið mjög óvenjuleg miðað við árstíma upp á síðkastið. Í gærmorgun var sól og 20 stiga hiti í Örebro. Síðdegis var haglél og snjókoma, að sögn Aftonbladet.


**-2 krónur í Hveragerði og á Selfossi í dag!**

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 168,6 kr. á 95 okt. bensíni og 185,1 kr. á dísel.

M.v. verð 17. júní 2008.







**Sparaðu hjá Orkunni í dag!**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK

# Opið í dag 17. júní
## frá kl. 12–20




Blöðrur í úrvali

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Íslensk stuttmynd vann til verðlauna á þremur hátíðum um helgina. Hvað heitir hún?*

2 *Hvaða hátíð var haldin á Akureyri um helgina?*

3 *Hvað heitir nýtt safn Hitaveitu Suðurnesja um jarðvarma og orku?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Öryrki missti dýrmætar persónulegar eigur þegar veski var stolið í Kolaportinu:

# Sama um peningana en saknar ljósmyndanna

**FÓLK** Inga Ósk Guðmundsdóttir tapaði þrjátíu þúsund krónum þegar veskinu hennar var stolið í Kolaportinu fyrir tæpri viku. Inga Ósk er öryrki og var þetta bróðurparturinn af hennar mánaðarlegu launum. Hún tapaði einnig myndum af látnum eiginmanni sínum og fjórum börnum sem hún segir óbætanlegar.

„Ég var með töskuna mína á göngugrindinni minni og leit af henni í augnablik. Einhver tók veskið mitt rétt á meðan en ég sá ekki hver átti í hlut. Mér finnst þetta mikið virðingarleysi við mig,“ segir Inga Ósk, sem er nýorðin sextug og er öryrki vegna lömunarsjúkdóms.

Inga Ósk leitaði til lögreglu og síns tryggingarfélags vegna atviksins en var tjáð að ekkert væri hægt að gera í máli hennar þar sem hún var ekki beitt eða henni hótað ofbeldi.

„Mér er í raun sama um peningana en mikið vildi ég fá myndirnar mínar aftur og veskið mitt,“ segir Inga Ósk. Peningana ætlaði hún að nota til þess að fara í stutt ferðalag en segist nú þurfa að hætta við þau áform.

„Ég fer þá bara á næsta ári þó það séu vonbrigði að geta ekki farið í þetta ferðalag. En mig langar að biðja þann sem rændi mig að skila veskinu í óskilamunadeildina hjá lögreglunni. Mig langar svo að fá myndirnar mínar til baka.“

Ómar Smári Ármannsson yfirlögregluþjónn merkir ekki aukningu á þjófnuðum en bendir fólki á að vera á varðbergi. - shá



**INGA ÓSK GUÐMUNDSDÓTTIR** Í veskinu hennar Ingu, sem var stolið í Kolaportinu, voru óbætanlegir persónulegir munir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Héraðsdómur Suðurlands:

## Hart deilt um sölu á hryssu

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn hafa verið sýknaðir í Héraðsdómi Suðurlands, svo og tamninga- og hrossaræktarbú, af að hafa gabbað dýrmæta hryssu út úr eiganda hennar fyrir hundrað þúsund krónur.

Hryssueigandinn hafði sett vel ættaða hryssu í tamningu á búinu. Þegar hann spurðist fyrir um hvernig gengi með hana var honum sagt „...að hún væri ljót, hundafóður, kolvitlaus, ekkert við hana tjónkandi og hún lyfti fótunum ekki yfir skítinn úr sjálfri sér“.

Skömmu síðar frétti hryssueigandinn að búið var að skipta á sléttu á henni og annarri hryssu sem var seld til útlanda á 3,5 milljónir. Hann fór í mál en tapaði því. - jss

Fimmtán látnir á síðustu vikum:

## Yfirborð lægra en áður talið

**BANDARÍKIN, AP Veðurfræðingar spá því nú að vatnsyfirborðið í Iowa-ánni í Bandaríkjunum verði ekki jafn hátt og áður var búist við. Því er vonað að háskólaborgin í Iowa City sleppi betur en á horfðist í fyrstu.**

**Á undanförnum vikum hafa fimmtán látist af völdum óveðranna og flóðanna í Iowa. 24.000 manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín í Cedar Rapids.** - hbj

**NORÐURLÖND**

### Unnustan stal senunni

Unnusta finnska forsætisráðherrans Matta Vanhanen, Sirkka Mertala, stal algjörlega senunni á fundi norrænu forsætisráðherranna í Motala í Svíþjóð nýlega. Óvenjumargir finnskir fréttamenn eru á staðnum og fylgjast með hverju skrefi sem Mertala tekur, að sögn finnskra og sænskra vefmiðla.

# Harðari refsiaðgerðir gagnvart Írönum

**Bretar munu beita Írana harðari refsiaðgerðum og gera ráð fyrir því að Evrópusambandið geri slíkt hið sama. Gordon Brown og George W. Bush ræddu meðal annars málefni Afganistans, Írans og Simbabve á fundi sínum í London í gær.**

**BRETLAND, AP** Bretar munu beita Írana harðari refsiaðgerðum og gera ráð fyrir því að önnur Evrópuríki fylgi í kjölfarið. Þetta sagði Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, í gær.

Brown og George W. Bush Bandaríkjaforseti héldu sameiginlegan blaðamannafund eftir fund sinn í Downing-stræti 10 í London. Brown sagðist vilja tryggja samskipti milli ríkisstjórnar sinnar og yfirvalda í Íran. Ef Íranar héldu þó áfram að hundsa ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna yrði að beita þá frekari refsiaðgerðum, sem yrðu til þess að landið myndi einangrast enn frekar. Hertar refsiaðgerðir gagnvart Íran muni beinast að olíu- og gasvinnslu, sem og fjármálum. Áformað sé að frysta eignir stærsta banka landsins.

Michael Ellam, talsmaður Browns, sagði eftir fundinn að Evrópusambandið hefði í stórum dráttum samþykkt aðgerðirnar. Utanríkisráðherrar sambandsins funduðu í Lúxemborg í gær. Eftir hann sagði Cristina Gallach, talsmaður utanríkismála hjá sambandinu, að formleg ákvörðun hefði ekki verið tekin, en að ljóst væri að lengra þyrfti að ganga.

Bresk stjórnvöld tilkynntu einnig í gær að 230 breskir hermenn til viðbótar verði sendir til Afganistans á næstunni. Meðal þeirra eru verkfræðingar og herþjálfarar sem munu í auknum mæli vinna að því að efla afganska herinn. Nú þegar eru tæplega átta þúsund breskir hermenn í landinu.

Meðal þess sem Bush og Brown ræddu einnig voru málefni Simbabve. Fram kom í máli Browns að alþjóðlegir eftirlitsmenn yrðu að fá að fylgjast með forsetakosningunum þar í landi til þess að koma í veg fyrir kosningasvindl Roberts Mugabe forseta. Breskir embættismenn hafa sagt að þörf sé fyrir um það bil 400 eftirlitsmenn í kosningunum.

Brown sagði að undanfarnar vikur hafi stjórn Mugabes, sem væri nú örvæntingar- og ofbeldisfyllri en áður, meðal annars orðið völd að 53 morðum. Hann sagði ástandið óviðunandi. Bush bætti því við að Bandaríkin myndu leggja sitt af mörkum til þess að kosningarnar færu fram eftir alþjóðlegum reglum. „Fólkið í Simbabve hefur þjáðst undir stjórn Mugabes og við munum starfa með ykkur í því að tryggja frjálsar og sanngjarnar kosningar, sem Mugabe vill greinilega ekki að gerist,“ sagði Bush.

thorunn@frettabladid.is



**BUSH Í LONDON** George W. Bush og Gordon Brown brostu breitt á blaðamannafundinum í gær. Bush lýkur síðustu Evrópuförinni í forsetatíð sinni í Belfast í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Fólkið í Simbabve hefur þjáðst undir stjórn Mugabes og við munum starfa með ykkur í því að tryggja frjálsar og sanngjarnar kosningar, sem Mugabe vill greinilega ekki að gerist.
>
> **GEORGE W. BUSH**
> FORSETI BANDARÍKJANNA

Samið við Heilsuverndarstöð:

## Kastar ekki rýrð á SÁÁ

**STJÓRNSÝSLA „Þó samið sé við aðra en SÁÁ þá kastar það í engu rýrð á þeirra störf og þá miklu reynslu sem þeir svo sannarlega hafa,“ segir Jórunn Ósk Frímannsdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar, um val á rekstaraðilum til að reka heimili fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga.**



**JÓRUNN ÓSK FRÍMANNSDÓTTIR**

**Hún segir SÁÁ ekki geta litið svo á að samtökin hafi einkarétt á svona starfsemi. „Innri endurskoðun borgarinnar leggur til að við göngum til samninga við Heilsuverndarstöðina.“ Hagkvæmasta tilboðinu verði því tekið og fyrir því liggi ítarlegur rökstuðningur. „Mér finnst ótrúlegt þetta endalausa hjakk sem á ekki við nein rök að styðjast, búið er að fara yfir málið og niðustaða innri endurskoðunar er skýr.“** - ovd



**SÍGARETTUR** Stundum er erfitt að meta hvort um auglýsingu er að ræða.

Talsmaður Lýðheilsustöðvar:

## Ósáttur við tóbakskynningu

**HEILBRIGÐISMÁL** Talsmaður Lýðheilsustöðvar er ósáttur við áfengis- og tóbakskynningu sem haldin var á Broadway á dögunum. „Við lítum svona mál alvarlegum augum,“ segir hann.

Sígarettum var dreift meðal gesta auk þess sem stórar tóbaksauglýsingar héngu á veggjum. „Augljóslega er um skýrt lögbrot að ræða,“ segir fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins.

Ásgeir Johansen framkvæmdastjóri innflutningsfyrirtækisins RJC, sem stóð fyrir kynningunni, sagði hana löglega. „Þetta var lokuð kynning fyrir fagaðila og tekið er fram á boðsmiðanum að hún sé einungis fyrir leyfishafa tóbaks og fulltrúa þeirra.“ - ges

**SVÍÞJÓÐ**

### Sagði frá misnotkun í ritgerð

Sænsk stúlka þagði um kynferðislega misnotkun föður síns í tíu ár. Eftir að hafa lesið bókina Bak við luktar dyr fór hún að velta þessu fyrir sér. „Ég komst að þeirri niðurstöðu að það myndi bara hjálpa mér,“ hefur Expressen eftir henni. Að lokum ákvað hún að skrifa ritgerð um misnotkunina sem hófst þegar hún var fimm ára. Faðirinn hefur nú verið ákærður.


M I Ð B O
R G A R B
R E Y T I
N G A R .

**Sjáðu hvernig miðborg Reykjavíkur mun breytast á komandi árum.**

Sýning á skipulagi miðborgar verður opnuð á Laugavegi 33, 17. júní 2008.

Á sýningunni mun borgarbúum og öðrum gefast kostur á að kynna sér þær tillögur sem eru í vinnslu fyrir miðbæ Reykjavíkur.

Sýningin stendur í allt sumar.

Borgarstjóri mun opna sýninguna klukkan 13.00.

Reykjavíkurborg




*...Því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!*

móar



## LARRY BIRD

### SMÁBÆJARSVEITALUBBI OG STÓRSTJARNA

■ Lawrence Joseph Bird eða Larry Bird er einn allra besti körfuknattleiksmaður allra tíma. Bird og Magic Johnson voru góðir vinir utan vallar en innan hans voru þeir höfuðandstæðingar. Þeir kepptu meðal annars þrisvar sinnum til úrslita í NBA-deildinni á níunda áratugnum og í úrslitum háskóladeildarinnar, NCAA, í lok þess áttunda.

Bird er lifandi goðsögn og er dáður um allan heim. Sem dæmi um virðinguna sem borin er fyrir honum bað bandarískur sakamaður um að fangelsisdómur sinn yrði lengdur úr þrjátíu árum í 33 af því að Bird bar það númer.

„...fyrst á visir.is“

vísir.is

...ég sá það á vísir.is

# Sextíu ár í hnappheldunni

**Í huga Páls Pálssonar og Ingu Ásgrímsdóttur er dagurinn í dag ekki aðeins merkilegur fyrir þær sakir að vera þjóðhátíðardagur Íslendinga. Í dag eru nefnilega liðin sextíu ár frá því þau gengu upp að altarinu og hétu því fyrir guði og mönnum að standa saman í blíðu og stríðu og í gegnum súrt og sætt.**

Þau Páll og Inga kynntust í Borgarfirði en þá var bóndasonurinn úr Ísafjarðardjúpi í Bændaskólanum á Hvanneyri en Inga stundaði nám í Húsmæðraskólanum í Varmalandi. Oft kom fyrir að upprennandi bændur leituðu lags og buðu stúlkum úr Húsmæðraskólanum á skemmtanir. Á einni slíkri lágu leiðir þeirra Páls og Ingu saman og þá varð ekki aftur snúið.

Mikil brúðkaupsveisla var haldin í foreldrahúsum brúðarinnar á Borg í Miklaholtshreppi en síðar önnur fyrir vestan svo vinir og ættingjar brúðgumans gætu örugglega samglaðst þeim hjónum. Árið þar á eftir bjuggu þau reyndar hvort í sínum heimahögum í eitt ár. Páll er gamansamur mjög og hafði einhvern tímann á orði að hann hefði geymt konu sína í eitt ár. Tóku þau síðan við búi á Borg þar sem þau bjuggu þar til þau fluttu í íbúð fyrir aldraða í Hraunbæ í Reykjavík.

Einnig bar oft á gamansemi Páls þegar barneignir þeirra hjóna bar á góma en hann hafði einhvern tíma á orði að þau hefðu eignast fimm börn í fjórum tilraunum. Þau eiga nefnilega tvíburana Auðun og Arndísi en þar að auki eiga þau Pál, Ásgrím og Björgvin.

Það vantar ekki þakklætið hjá Auðuni þegar hann er spurður um foreldra sína. „Ég gæti ekki hugsað mér betri foreldra og ég veit ég mæli fyrir munn barnabarnanna þegar ég segi að það sé ekki hægt að hugsa sér betri afa og ömmu,“ segir hann. „Þau hafa alltaf verið mjög samrýnd og það er alltaf gaman í kringum þau. Sumir báru kvíðboga fyrir því að þeim myndi leiðast fyrir sunnan en sú reyndist ekki raunin. Þau taka mikinn þátt í öllu félagsstarfi í Hraunbæ og eru hvarvetna hrókar alls fagnaðar.“



**EIGA 60 ÁRA BRÚÐKAUPSAFMÆLI Í DAG** Páll og Inga ætla að eyða deginum saman á heimili sínu í Hraunbænum. Þau eiga von á börnum, barnabörnum, barnabarnabarninu og tengdafólki í kaffi.



**BORG Í MIKLAHOLTSHREPPI** Páll og Inga bjuggu lengst af á Borg. Þau búa nú í Hraunbænum og una sér vel.



**AUÐUNN PÁLSSON** Segir foreldra sína ætíð hafa verið samrýmda og alltaf gaman í kringum þau hjónin.



**STÓRI DAGURINN** Páll og Inga gengu í það heilaga á þjóðhátíðardaginn fyrir réttum 60 árum.

Páll er orðinn 85 ára og heilsu hans nokkuð farið að hraka. Undanfarna daga hefur hann verið á sjúkrahúsinu á Landakoti en þrátt fyrir það ætlar hann að eyða deginum með sinni eiginkonu á heimili þeirra í Hraunbæ þar sem þau munu gleðjast með börnum, barnabörnum, barnabarnabarni og tengdafólki.

jse@frettabladid.is





**ÆTLAR Á SHIVLING** Arnar Þór Emilsson flugmaður er einn fimm Akureyringa sem ætla að ganga á fjallið Shivling í Himalaja-fjöllum í október. Fjallið er rúmir 6.500 metrar á hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Heimamenn töldu fjallið ógnvekjandi

Fimm Akureyringar ætla að ganga á Shivling-fjall í Garhwal Himalaja á Norður-Indlandi í október en Shivling-fjall er 6.543 metrar á hæð. Fimmmenningarnir eru Arnar Þór Emilsson flugmaður, Berglind Aðalsteinsdóttir læknir, Eiríkur Geir Ragnarsson rafvirki, Gunnar Sverrir Ragnarsson nemi og Kári Erlingsson lögreglumaður.

Leiðangursmennirnir fljúga til Delí á Indlandi og hafa síðan októbermánuð til að ganga á fjallið en leiðin er opin tvisvar á ári, í júní-júlí og september-október. Aðeins einn leiðangur fær leyfi til að reyna við fjallið í hverjum mánuði þannig að Íslendingarnir verða í eina leiðangrinum á fjallinu í október en þá eru aðstæður þar hvað stöðugastar. Arnar Þór segir að búast megi við snjóleysi neðst í fjallinu en toppurinn sé hulinn snjó allt árið.

Nafnið Shivling er dregið af nafni guðsins Shiva sem er einn þriggja guða í trimurti-kerfi hindúisma. Þar er Brahma skaparinn, Vishnu verndarinn og Shiva er tortímandinn. Af nafni fjallsins að dæma má því álykta að heimamönnum hafi þótt fjallið ógnvekjandi, segir á vef Íslenska alpaklúbbsins, en það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum sem fjallið var klifið fyrst.

Arnar Þór segir að leiðangursmennirnir hafi stefnt að því að ganga á Shivling í eitt ár en þau séu öll að norðan og hafi verið í sömu björgunarsveit auk þess sem þau séu félagar í Íslenska alpaklúbbnum. - ghs





Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.

**VELDU ÍSLENSKAR TRJÁPLÖNTUR, SÉRMERKTAR ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur






## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.471 **+0,72%**

**Fjöldi viðskipta:** 230
**Velta:** 4.054 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | +5,83% | **FÆREYJABANKI** | -3,27% |
| **CENTURY ALU** | +4,26% | **ICELANDAIR** | -2,65% |
| **LANDSBANKINN** | +2,62% | **SPRON** | -1,55% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,44 -0,62% ... Bakkavör 31,75 +5,83% ... Eimskipafélagið 14,37 -0,90% ... Exista 8,71 -0,57% ... Glitnir 16,30 -0,61% ... Icelandair Group 14,70 -2,65% ... Kaupþing 758,00 +0,40% ... Landsbankinn 23,50 +2,62% ... Marel 89,00 -0,45% ... SPRON 3,82 -1,55% ... Straumur-Burðarás 10,11 +0,60% ... Teymi 2,10 +0,00 ... Össur 93,00 -0,32%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðbólga ekki meiri í sextán ár

Verðbólga á evrusvæðinu hefur ekki mælst meiri í sextán ár, 3,7 prósent. Seðlabanki Evrópu hefur varað við því að hækkandi launakostnaður auki enn á viðvarandi verðbólguþrýsting vegna síhækkandi olíuverðs.

Financial Times greinir frá því að Seðlabanki Evrópu muni þó gleðjast yfir því að kjarnaverðbólga, verðbólga án hækkunar orkukostnaðar og hrávöruverð, hefur einungis hækkað lítillega, úr 2,4 prósentum í apríl í 2,5 prósent í maí. Seðlabanki Evrópu hefur gefið út að bankinn hyggst hækka vexti í næsta mánuði og vonar að sú hækkun muni senda út skilaboð um að bankinn ætli sér að ná niður verðbólgu og halda henni sem næst tveimur prósentum.

Innan evrusvæðisins er Slóvenía með hæstu verðbólguna 6,2 prósent en minnst verðbólga er aftur á móti í Hollandi, aðeins 2,1 prósent. **- bþa**

# Hæpið að Eimskip geti stuðst við þagnarákvæði

**Fyrrverandi sviðsstjóri Fjármálaeftirlitsins segir hæpið að Eimskip geti stuðst við undanþágu verðbréfalaga um birtingu upplýsinga vegna Innovate-málsins. Eimskip sagði Fjármálaeftirlitinu í maí að eitthvað kynni að vera í aðsigi.**


**DETTIFOSS EIMSKIPAFÉLAGSINS Í SUNDAHÖFN** Framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskips segir að í maí hafi eftirlitsstofnunum verið greint frá því að eitthvað væri í aðsigi; þá hafi mönnum verið ljós alvarleiki Innovate-málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er erfitt að fella nokkra dóma um þetta mál án þess að þekkja málsatvik til hlítar. En miðað við þær upplýsingar sem birst hafa í fjölmiðlum sýnist mér hæpið að heimfæra frestun á birtingu upplýsinga undir þessa þröngu undanþáguheimild,“ segir Hlynur Jónsson, lögmaður og fyrrverandi sviðsstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu (FME), um að Eimskipafélagið hafi beitt ákvæði í lögum um verðbréfaviðskipti til að þegja yfir verðmyndandi upplýsingum.

Tilkynnt var fyrir helgi að Eimskipafélagið myndi afskrifa dótturfélagið Innovate í heilu lagi á öðrum fjórðungi ársins. Þar með hverfa níu milljarðar króna út úr bókum félagsins auk þess sem það verður af tugum milljarða króna í áætlaðar tekjur af því á árinu.

Fram hefur komið að stjórn Eimskips hafði veður af málinu í febrúar. Í sama mánuði hætti Baldur Guðnason sem forstjóri félagsins.

Stjórn Eimskipafélagsins ákvað að láta ekkert uppi um Innovate-málið fyrr en í síðustu viku, eftir að visir.is hafði greint frá hugsanlegum milljarða afskriftum.

Eimskip vísar í 122. grein laga um verðbréfaviðskipti. Þar segir að sá sem gefur út hlutabréf megi, á eigin ábyrgð, fresta því að birta upplýsingar til að vernda lögmæta hagsmuni sína, svo framarlega sem frestunin sé ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi. Þá þarf útgefandinn að tryggja að trúnaður ríki um upplýsingarnar.

Ákvæðið er nánar skýrt í reglugerð. Þar segir meðal annars að ákvæðið eigi sérstaklega við ef fjárhagsafkoma útgefanda er í alvarlegri og yfirvofandi hættu, þó án þess að málið falli undir gildandi lög um gjaldþrot.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst, hafa menn frestað því að geta um sameiningarviðræður, en aldrei þagað yfir afskriftum eða miklu tapi.

„Ég minnist þess ekki að menn hafi áður borið þetta við, við þessar aðstæður,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Hlynur Jónsson bendir á að höfuðskylda skráðs félags sé að birta upplýsingar tafarlaust til að tryggja jafnræði fjárfesta. „Undanþágur frá þeirri skyldu eru mjög þröngar og um þær gilda ströng skilyrði.“ Að öllu jöfnu vari frestun á upplýsingagjöf í mjög skamman tíma.

Aðrir viðmælendur Markaðarins segja óviðunandi að upplýsingar af þessu tagi hafi legið óbirtar mánuðum saman.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Eimskips, segir að félagið eigi nú sem áður í góðum samskiptum við eftirlitsaðila og spurningum þeirra verði eðlilega svarað. „Allt frá því að ljóst var að um var að ræða að umtalsverð verðmæti gætu tapast sem tengjast afskrift á eignarhlut í Innovate hefur verið lögð áhersla á að verja hagsmuni félagsins. Við hófum viðræður við væntanlega kaupendur sem eru á lokastigum og ljóst að sú frestun sem við nýttum okkur hafi gefið okkur nægjanlegt svigrúm til að undirbúa félagið undir sölumeðferð og verja verðmæti þeirra eigna. Við ákváðum að nýta okkur ákvæði um frestun á birtingu þessara upplýsinga í því skyni,“ segir Halldór. Við slíka frestun beri fyrirtækjum að upplýsa Fjármálaeftirlit, hafi utanaðkomandi aðilar vitneskju um málið. Það hafi verið gert, en meira geti hann ekki sagt um málið.

Komist FME að því að brotið hafi verið gegn ákvæðum 122. greinar, getur það lagt allt að 50 milljóna króna stjórnvaldssekt á félag, óháð því hvort brot sé talið framið af gáleysi. Þá varðar brot á upplýsingaskyldu allt að tveggja ára fangelsi.

Eftir því sem næst verður komist hafa bæði FME og Kauphöll þegar sent Eimskipafélaginu spurningar vegna málsins. Hvorugur aðilinn vill hins vegar staðfesta það. **ingimar@markadurinn.is**

# Óvenju lítil verðmæti í loðnunni

„Það kemur ekki á óvart að aflaverðmætið minnki. Bæði var verðmætasta tegundin skorin niður um þriðjung og svo sáum við minnstu loðnuveiði í aldarfjórðung á vetrarvertíð,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Verulega dró úr aflaverðmæti íslenskra skipa á fyrstu þremur mánuðum ársins, miðað við sama tíma í fyrra. Samkvæmt tölum Hagstofunnar dróst verðmætið saman um tæplega þrjá og hálfan milljarð króna, eða 13,5 prósent milli ára. Verðmætið nú nam tæpum 22 milljörðum króna, en ríflega 25 milljörðum í fyrra.

Verðmæti þorskaflans dróst saman um yfir milljarð króna, en mestu munar um loðnuna. Þar minnkaði verðmætið um næstum sex af hundraði milli ára.

Friðrik bætir því við að áhrif af veikara gengi krónunnar komi lítið inn á þessu tímabili.

Verðmæti afla sem unninn var erlendis jókst um fjórðung miðað við sama tíma í fyrra. **- ikh**

**AFLAVERÐMÆTI EFTIR VERKUNARSTAÐ***

| | janúar til mars | Breyting milli ára í prósentum | |
|---|---|---|---|
| | | 2007 | 2008 |
| Höfuðborgarsvæði | 4.182,4 | 3.450,6 | -17,5 |
| Suðurnes | 5.150,3 | 4.745,0 | -7,9 |
| Vesturland | 1.919,0 | 1.809,2 | -5,7 |
| Vestfirðir | 1.231,4 | 973,8 | -20,9 |
| Norðurland vestra | 1.450,1 | 1.060,4 | -26,9 |
| Norðurland eystra | 3.027,4 | 2.477,9 | -18,2 |
| Austurland | 3.339,3 | 2.617,8 | -21,6 |
| Suðurland | 2.753,5 | 1.985,4 | -27,9 |
| Útlönd | 2.107,5 | 2.655,5 | 26,0 |

* Fjárhæðir í milljónum króna. HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# 17. júní í Kópavogi



## Dagskrá:

Þjóðhátíðardegi fagnað, fánar dregnir að húni vítt og breitt um bæinn.

**10:00 – 12:00** Blásarasveitir spila um bæinn. Pallbílar frá Kópavogsbæ aka með brassband ***Skólahljómsveitar Kópavogs*** og vekja Kópavogsbúa á þessum hátíðardegi.

**10:00 – 11:00** 17. júní hlaup fyrir *6 – 11 ára börn* á Kópavogsvelli. Allir fá verðlaunapening. Skrúðganga frá Kópavogsvelli að Digraneskirkju að loknu hlaupi.

**11:00 – 12:00** Fjölskyldusamvera í Digraneskirkju. Prestar: *Séra Yrsa Þórðardóttir og séra Sigfús Kristjánsson*. Verðlaunaafhending fyrir 17. júní hlaup. ***Skólakór Kársness*** syngur undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Atriði frá Stoppleikhúsinu úr leikritinu ***Ósýnilegi vinurinn***. Félagar úr brassbandi ***Skólahljómsveitar Kópavogs*** líta inn í lokin.

**13:30** Skrúðganga frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Heiðursvörður Kópavogslögreglunnar. Skátafélagið Kópar og Skólahljómsveit Kópavogs. Fornbíll með nýstúdent og fjallkonu.

**14:00 – 18:00** Hátíðar- og skemmtidagskrá á Rútstúni.
Kynnir: *Björgvin Franz Gíslason.*

**Hátíðardagskrá:**
Skólahljómsveit Kópavogs spilar undir stjórn *Össurar Geirssonar.*
Bæjarstjóri *Gunnar Ingi Birgisson* flytur ávarp.
Fjallkonan *Guðrún Erla Hilmarsdóttir* flytur ljóð.
Nýstúdent *Hjörtur Ólafsson* flytur ræðu.

## Skemmtidagskrá:

**Á stóra sviði:**
***Örn Árnason, Soffía Karlsdóttir og Jónas Þórir*** flytja þekkt revíulög.
***Magni Ásgeirsson og Birgitta Haukdal.*** Tvær söngstjörnur sem allir elska.
***Skoppa og Skrítla*** koma í heimsókn.
Atriði úr söngleik Þjóðleikhússins ***Ástin er diskó*** eftir Hallgrím Helgason.
***Snjólfur snjókarl og Þrúður trúður*** úr barnaævintýrasýningunni Óskinni.
***Páll Óskar Hjálmtýsson*** kemur öllum í gott stuð.
***South River Band.*** Hljómveit með tónlist frá ýmsum heimshornum.
Hundafimisýning frá íþróttadeild *HRFÍ.*

**Á litla sviði:**
Barnaleikrit frá leikhópnum ***Kær-leik.***
Leiktæki frá Sprell, myndlistarsmiðja, andlitsmálun og sápukúluveröld.
***Frítt*** í öll leiktæki. ***Mikki Mús og Mína Mús*** koma í heimsókn á Rútstún.
Íþróttafélögin með söluskála á Rútstúni og vöfflusölu í Sundlaug Kópavogs.
Sjúkragæsla á vegum Hjálparsveitar skáta í Kópavogi.

**15:00 – 16:00** Hátíðarkaffi í félagsmiðstöðinni Gjábakka.
***Örn Árnason, Soffía Karlsdóttir og Jónas Þórir*** flytja þekkt revíulög. Tónlistarhópar frá Skapandi sumarstörfum.

**16:00 – 16:30** Knattspyrnuleikur á Vallargerðisvelli.
Vináttuleikir í 6. flokki karla milli ***HK og Breiðabliks.***

**Útitónleikar á Rútstúni 20:00 – 22:30**
**20:00** Unglingahljómsveitir frá félagsmiðstöðvum ÍTK og ***Skólahljómsveit Kópavogs***. ***Sigurvegari úr söngkeppni félagsmiðstöðva.***
**21:00** Hljómsveitin ***BUFF*** og söngvararnir ***EYÞÓR, MATTI*** og ***INGÓ.***
Hljómsveitin ***EUROBANDIÐ*** og söngvararnir ***REGÍNA ÓSK*** og ***FRIÐRIK ÓMAR.***

Frítt í öll leiktæki

Nánari upplýsingar á
www.kopavogur.is

PIPAR • SÍA • 81185



GOTT FÓLK / Ljósmynd: Ari Magg

Íslendingar endurheimtu sjálfstæði sitt endanlega þegar Alþingi kom saman á Þingvöllum 17. júní 1944 og samþykkti stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Mörg þúsund gestir urðu vitni að þessum merku tímamótum á glæsilegri lýðveldishátíð sem skipulögð var á hinum forna samkomustað Alþingis – á fæðingardegi Jóns forseta Sigurðssonar. Ekki skyggði það á gleðina að rigningu hvolfdi yfir þingmenn og almenning.

**Á myndinni eru, talið frá vinstri: Björn Þórðarson forsætisráðherra, Gísli Sveinsson forseti sameinaðs Alþingis, Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra, Einar Arnórsson dómsmálaráðherra, Bernharð Stefánsson ritari þingsins, Björn Ólafsson fjármálaráðherra, Jón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis og að lokum Sveinn Björnsson.**

**Frekari fróðleikur á hatidisdagar.is**


Íslendingar,
til hamingju með daginn.
Sveinn Björnsson (Jóhann Sigurðarson), nýkjörinn fyrsti forseti Íslands, vinnur heit að íslensku stjórnarskránni á Þingvöllum 17. júní 1944. Skrifstofustjóri Alþingis annast skjölin, en ráðherrar utanþingsstjórnarinnar og forseti sameinaðs Alþingis eru vitni að undirrituninni.
Landsbankinn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## Jón forseti og samtíminn:

# Umræðufimi

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Íslensk þjóðerniskennd er sterk og lifandi. Einn angi hennar kemur fram í því að enn telst það fullgild rökræða að gera sér í hugarlund hvernig Jón forseti hefði hugsað um þau viðfangsefni samtímans er lúta að stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Þjóðerniskenndin er vissulega merki um styrkleika. En sú umræðufimi liðinna áratuga að bregða nafni Jóns forseta á loft sem eins konar sjálflýsandi mótmælaspjaldi í hvert sinn sem rætt er um nánari samskipti Íslands við aðrar þjóðir hefur ekki sannað gildi sitt í búð reynslunnar. Þeir sem höfðu forystu um aðildina að Atlantshafsbandalaginu voru sakaðir um svik við hugsjónir Jóns forseta. Nafni hans var veifað gegn varnarsamningnum. Andmæli í hans nafni voru færð fram gegn aðildinni að Fríverslunarsamtökunum og Evrópska efnahagssvæðinu.

Hvert þessara skrefa þjóðarinnar til aukinnar samvinnu við aðrar átti sinn samtíma. Þau hafa hvert á sinn hátt treyst fullveldi og sjálfstæði landsins og átt snaran þátt í búskaparvexti þjóðarinnar. Af sjálfu leiðir að mótmælaspjöldin með tilvísunum um andstöðu Jóns forseta við þessi skref hafa fyrir löngu verið felld. En þau rísa jafnharðan eins og Evrópusambandsumræðan nú um stundir ber vitni um.

Á þjóðhátíðardaginn er hollt að hafa í huga að þeir sem í forystu veljast verða á hverjum tíma að takast á við ný viðfangsefni inn á við í samfélaginu og eins út á við í samfélagi þjóðanna. Við það reynir á árvekni um réttindi landsins og hagsmuni. Það reynir á mat á nýjum aðstæðum sem kalla á að þjóðin lagi sig að síbreytilegu alþjóðlegu samstarfsumhverfi.

Í þessu samhengi má ekki gleymast að þeir sem höfðu forystu í málefnum Íslands á nítjándu öld risu til áhrifa fyrir þá sök að þeir færðu strauma sem voru sterkastir í Evrópu þess tíma inn í umræður um íslenska menningu, efnahagslega viðreisn og þjóðréttarkröfur. Verkefni samtímans er í sjálfu sér óbreytt: Að tryggja hagsmuni Íslands í alþjóðlegu straumkasti nýrra tíma. Það er ævarandi þjóðræknisverkefni að spyrja áleitinna spurninga um innviði fullveldisins. Hver verður til að mynda vegur móðurmálsins í nánara Evrópusamstarfi? Hvernig ræktum við garð mennta og vísinda? Hvort ætli einangrun eða alþjóðlegt samstarf sé líklegra til að auðga þá gróðurmold?

Háskóli Íslands setti sér fyrir tveimur árum metnaðarfull alþjóðleg viðreisnarmarkmið. Rektor skólans kynnti við útskrift nemenda í lok síðustu viku vísitölur sem sýna að vel hefur miðað. Háskólinn í Reykjavík hefur einnig fetað inn á þessa braut. Þetta starf er hluti af inntaki fullveldisins enda var til Háskóla Íslands stofnað á aldarafmæli Jóns forseta.

Þekking og menntun eiga sér á hinn veginn engin landamæri. Rannsóknir og þekkingarmiðlun háskólanna er alþjóðleg í eðli sínu. Verður ekki gróska háskólastarfsins ávallt háð alþjóðlegum straumum? Hvort er líklegra að okkur takist að verja móðurmálið með öflugum háskólum eða meðalmennskuháskólum? Hvort stafar móðurmálinu meiri hætta af Evrópusamstarfi eða hinu að við rækjum ekki íslenskuna sem skyldi á heimilum og í skólum?

Að kalla eftir svörum við viðlíka spurningum á þjóðhátíðardaginn hefur ekki minna gildi fyrir fullveldið en andaglasavitnisburður um afstöðu liðinna kynslóða til aðstæðna sem þær gátu ekki þekkt til. Það rýrir í engu sögulegt mikilvægi fullveldisbaráttunnar. Jón forseti á eftir sem áður erindi við samtímann. En fullveldið kallar á framþróun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

**Hestmannafélagið Fákur**

óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt að einu 30 hesta húsi á félagssvæði Fáks í Almannadal. Umrætt hús er merkt nr. 7 við Vegbrekku samkvæmt deiliskipulagi svæðisins. Lágmarkssöluverð er kr. 4.620.000. Umsóknarfrestur er til kl. 17:00 fimmtudaginn 26. júní nk. og skal kauptilboðum skilað til félagsheimilis Fáks á sérstökum eyðublöðum sem hægt er að nálgast þar eða á heimasíðu félagsins. Kauptilboðin skilast í lokuðu umslagi merkt Vegbrekku 7.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Fáks **www.fakur.is** undir "Almannadalur-Sala á byggingarrétti 2008".

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lán í óláni

Þegar Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra lýsti yfir vilja sínum um að í framtíðinni ætti að bjarga bjarndýrum á villigötum hér á landi taldi hún sig líklega hafa meira en hálfan mánuð til stefnu þar til næsta bangsa skolaði á land. Hún þakkar því eflaust sínum sæla að vera stödd í útlöndum, hvaðan ísbjörnum verður ekki bjargað, og því nauðugur einn kostur að fela öðrum að „gera það sem þeir þurfa að gera“. Þegar þetta er skrifað stendur til að fanga dýrið. Gangi það eftir hafa allir fengið eitthvað fyrir sinn snúð; skotmenn fengið að fella dýr og dýravinir fengið að bjarga öðru. Farsæl málalok fyrir alla – nema fyrsta björninn.



### Komst hjá Bíladögum

Nýja birninum varð það sjálfsagt til gæfu að gera strandhögg í Skagafirði en ekki í Eyjafirði fyrir helgi. Þar hefði hann mögulega rambað á Bíladaga á Akureyri þar sem ódælir bílaáhugamenn létu ófriðlega; hefði einhver haft nógu stóra íþróttatösku við höndina hefði björninn eflaust ekki þurft að kemba hærurnar.

### Rækileg sinnaskipti

Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, skrifar grein í Morgunblaðinu í gær þar sem hann brýnir enn fyrir lesendum að Ísland verði að sækja um inngöngu í ESB tafarlaust. Áður hefur verið rifjað upp að sem formaður Framsóknarflokksins lagði Jón ríka áherslu að Ísland gæti ekki sótt um aðild að ESB í veikri stöðu. Nú predikar hann tafarlausa inngöngu. Það er auðvitað gott og blessað þegar mönnum snýst hugur, en fágætt að sinnaskiptin séu jafn rækileg og hjá Jóni, sem hamast nú við að afskrifa allt sem hann hafði áður haft um málið að segja.



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Til hamingju, borgarbúar

Þjóðhátíðardagurinn er í dag og það hefur vart farið framhjá borgarbúum að borgin býður prúðbúin eftir hátíðahöldunum. Eftir liðlega þriggja mánaða hreinsunarátak borgaryfirvalda, íbúa og hagsmunaaðila skartar miðborgin sínu fegursta og iðar af blómlegu mannlífi. Menningarlífið í höfuðborginni blómstrar einnig sem aldrei fyrr og nægir þar að nefna nýafstaðna Listahátíð auk garðtónleika tónlistarsendiherranna Mezzoforte, Sigur Rósar og Bjarkar.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON**

**Í DAG** | Þjóðhátíðardagur

Fyrir nokkrum mánuðum var umræðan um miðborgina, sameign okkar allra, afar neikvæð. En það er ekkert nýtt að fólki finnist að ástand miðborgarinnar gæti verið betra og í samræmi við það að Íslendingar hafa æfið borið hag miðborgarinnar fyrir brjósti. Meistari Kjarval telur Reykjavík margt til tekna í blaðagrein frá árinu 1923, þar segir hann m.a.:

„Laugavegurinn er svo formfull og laðandi gata að hreinasta yndi er að ganga hana ef hún bara væri hreinlegri en hún er. Ef hún væri slétt og snyrtilega um hana hugsað frá Smiðjustíg alla leið inn að Rauðalæk, má segja að gatan lokki mann og seiði. Þessi örfíni halli sem laðar augað og tilfinninguna inn eftir eða niður eftir á vixl.“

Í dag 85 árum síðar standast þessi skrif tímans tönn „bara ef hún væri hreinlegri en hún er“. Rétt eins og Kjarval bera núlifandi Íslendingar hag miðborgarinnar fyrir brjósti.

Ég hef ávallt verið talsmaður þess að við eigum að varðveita miðborgina okkar og þegar borgin kom undan vetri var ljóst að aðgerða var þörf. Haldinn var miðborgarfundur þar sem borgaryfirvöld, lögregla og hagsmunaaðilar fóru yfir stöðu mála. Á þeim fundi lofaði ég fundarmönnum að reisa miðborgina við og að á þjóðhátíðardaginn myndu sjást miklar breytingar til hins betra.

Víðtækt samstarf borgaryfirvalda, borgarbúa og hagsmunaaðila hefur skipt sköpum í þessu verkefni því eins og við vitum þá mótast borg af þeim sem í henni búa. Borgaryfirvöld lögðu sitt af mörkum, fundað var með helstu embættismönnum borgarinnar og hreinsunarátak skipulagt í samvinnu við framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar. Hafist var handa við endurskoðun deiliskipulags við Laugaveg sem miðar að því að varðveita 19. aldar götumynd Laugavegs, í samráði við hagsmunaaðila.

Ég beitti mér fyrir því að stofnaður yrði aðgerðarhópur sem fundar einu sinni í viku og hefur virku samráði verið komið á m.a. við lögreglu, slökkvilið og ýmsa hagsmunaaðila í miðborginni. Framkvæmdastjóri miðborgarmála fylgir eftir ákvörðunum borgarstjóra varðandi miðborgina og er tengiliður milli stofnana/fagsviða borgarinnar og milli borgarinnar og hagsmunaaðila.

Ábendingarvefurinn 1,2 og Reykjavík sýndi og sannaði að borgarbúum er annt um borgina sína og bárust fjölmargar ábendingar til Reykjavíkurborgar um það sem betur mátti fara í hverfunum frá færustu sérfræðingum í faginu, íbúunum sjálfum. Ég heimsótti íbúa í öllum hverfum og fór yfir hin ýmsu mál sem voru í brennidepli á hverjum stað. Flestar ábendingar frá íbúum miðborgar snerust um hreinsun og fegrun og hafa starfsmenn borgarinnar þegar brugðist við fjölmörgum þeirra athugasemda. Borgarbúa mega svo eiga von á bæklingi með frekari upplýsingum um ávöxt samstarfsins í byrjun júlí. Hreinsunarátakið „Hvítur stormsveipur“ í samvinnu við íbúasamtök miðborgarinnar var vel sótt, þar tóku íbúar til hendinni máluðu, sópuðu og gerðu sitt til að fegra miðbæinn.

Á þjóðhátíðardaginn verður opnuð sýning á skipulagsverkefnum í miðborginni að Laugavegi 33, og vil ég benda borgarbúum sem annt er um miðborgina að fara á sýninguna, því þar gefur að líta áhugavert verkefni sem eru í vinnslu hjá Skipulags- og byggingasviði.

Hér er einungis fátt eitt talið sem hefur átt þátt í því að frábær árangur hefur náðst á örskömmum tíma. Verkefnið er flókið en skilar svo sannarlega árangri eins og sjá má á miðborginni. Haldið verður áfram á sömu braut, en mér er efst í huga þakklæti til þeirra fjölmörgu sem hafa lagt hönd á plóg, bæði starfsmönnum Reykjavíkurborgar og íbúum. Til hamingju með hreina og fallega miðborg.

Gleðilega þjóðhátíð.

*Höfundur er borgarstjóri Reykjavíkur.*

# Gleðilega þjóðhátíð

**UMRÆÐAN**

Oddný Sturludóttir skrifar um félag fyrir nýbúa



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

Saga hverrar þjóðar geymir frásagnir af landnemum. Kunnasta frásögn okkar Íslendinga er af landnemunum sem héldu vestur um haf til Kanada um aldamótin 1900. Stór hópur Íslendinga hélt til Brasilíu á svipuðum tíma í leit að betra lífi og á áttunda áratug síðustu aldar mynduðust stórar landnemabyggðir Íslendinga á Norðurlöndunum.

Íslenskir landnemar eru yfirleitt í kringum 25.000 talsins; í Evrópu, Bandaríkjunum og um allan heim. Landnemar eiga það sammerkt að taka sig upp og flytjast milli landa í eftirsókn eftir menntun, reynslu, starfi við hæfi, betri lífskjörum eða hreinni ævintýraþrá. Sumir fylgja fjölskyldu sinni og ástvinum, aðrir koma sem flóttamenn og öðlast mun betri lífsgæði enda er bakland þeirra gjarnan ótryggt og aðstæður hörmulegar.

Landnemar á Íslandi hafa í gegnum tíðina ekki verið margir en undanfarna áratugi hefur breyting orðið á. Íslenskt samfélag verður æ fjölmenningarlegra og fjölbreytilegra og því fylgja nýjar áskoranir, ný verkefni, ný viðhorf.

Síðastliðna helgi var stofnað nýtt félag sem er tengt Samfylkingunni en þó opið öllum. Félagið heitir Landneminn og er fyrir nýbúa sem síbúa, landnema sem innfædda. Markmið Landnemans er að skapa samræður milli sí- og nýbúa, halda á lofti opinni umræðu um ávinning og áskoranir í fjölmenningarsamfélagi, að gera landnema sýnilegri í þjóðmála- og stjórnmálaumræðu en ekki síst að gera landnemum auðveldara fyrir að taka sín fyrstu skref inn í stjórnmálastarf. Í gegnum stjórnmálastarf geta þeir sannarlega haft áhrif á þá löggjöf sem varðar þeirra mál, þeir geta komið sínum sjónarmiðum áleiðis og haft áhrif á samfélagið sem þeir kusu að búa í.

Nú er lag. Samfylkingin er alþjóðasinnaður flokkur sem ber nú ábyrgð á málefnum innflytjenda í ráðuneyti félags- og tryggingamála. Hið nýja félag Landneminn mun ekki láta sitt eftir liggja í ráðgjöf, samvinnu og hlutdeild.

Upplifun landnema fyrstu árin í nýju landi er keimlík. Tungumálið getur verið hart undir tönn, aðrar hefðir og önnur viðmið, einmanaleiki og lítið bakland fjölskyldu. Allir landnemar, íslenskir sem erlendir, vilja þó að vel sé tekið á móti þeim í nýju landi, að sjónarmið þeirra séu virt, að menning þeirra njóti sannmælis og að framlag þeirra til samfélagsins sé metið að verðleikum.

Gleðilega þjóðhátíð.

*Höfundur er borgarfulltrúi og situr í stjórn Landnemans.*

**Hátíðarhöld** verða á mörgum stöðum á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga. Þótt spáin sé góð getur veðrið alltaf tekið breytingum. Gott er því að taka með sér einhvern hlífðarfatnað eins og regnkápu eða góða peysu ef ske kynni að veðrið breyttist.



**Börnin** skemmta sér alltaf vel á 17. júní. Það getur komið fyrir að þau verði viðskila og týnist. Því er gott að vera búinn að skrifa miða sem barnið geymir í vasa sínum sem á stendur nafn, heimilisfang og sími sem barnið getur sýnt ef það týnist.



**Arnarhóll** er aðaltónleikastaðurinn kvöldið 17. júní. Tilvalið er fyrir fjölskylduna að fara þangað saman, njóta samveru hvers annars og hlusta á góða tónlist. Dagskrá 17. júní er hægt að finna á www.17juni.is
















Lovísa hefur hestinn sinn Ás í hesthúsi hjá hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

# Krafturinn heillandi

***Lovísa Björt Henningsdóttir stefnir á að fara á reiðnámskeið í sumar og læra enn meira um reiðmennskunna.***

„Ég hef alltaf verið mikill dýravinur alveg síðan ég man eftir mér. En hestarnir hafa ætíð verið í miklu uppáhaldi,“ segir Lovísa Björt Henningsdóttir.

Hestarnir eiga tvímælalaust hug hennar á sumrin, en á þeim árstíma eyðir hún miklum tíma í hesthúsinu og á hestbaki.

„Ég vil helst hafa hestana frekar viljuga og mikla stuðbolta,“ útskýrir Lovísa Björt og bendir á að á þessum árstíma eru hestarnir komnir í gott form eftir veturinn. „Enda virðast þeir geta hlaupið endalaust,“ segir hún.

Lovísu Björt finnst gaman að pæla í hversu ólíkar þessar skepnur geta verið í skapinu. „Flestir eru þeir nú skapgóðir en suma daga geta sumir þeirra verið býsna skapstyggir,“ bendir hún á. Hún er þó á því að flestir þeir hestar sem hún hefur kynnst í gegnum tíðina séu upp til hópa heldur skapgóðir og ljúfir.

„Krafturinn og styrkur hestanna er það sem heillar mig mest við þessi dýr,“ nefnir hún og bætir við að það sé mjög gaman og mikið fjör að vera úti í náttúrunni og ferðast um á hestbaki.

Um helgar þegar farið í lengri reiðtúra er Sléttuhlíðarleiðin oft farin, en hestinn sinn sem hún kallar Ás hefur Lovísa Björt í hesthúsi hjá hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði.

*- vg*




**Hjólreiðar** eru skemmtilegar í sumarblíðunni. Tilvalið er fyrir fjölskyldur að fara saman í hjólreiðatúr og njóta íslenska sumarsins. Að hjóla er góð hreyfing sem allir ættu að stunda.




## Verið stælt í sumar

Nú bjóðum við **sumarkort** sem gildir til 1. september 2008 á aðeins **kr. 12.900.**
Innifalinn er einn tími hjá einkaþjálfara sem finnur út það æfingarkerfi sem hentar þér.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is


# Í sandölum með sólhatt

***Sumarið er tími sandala, sólhatta og litríkra fylgihluta.***

Nú þegar tíð sumarfríanna er hafin þarf að huga að réttu fylgihlutunum. Hvort sem flogið er til heitari landa eða sólin sleikt heima í heiðardalnum er gaman að vera með réttu græjurnar og ekki úr vegi að skoða hvað í boði er.

*klara@frettabladid.is*



Fátt er sumarlegra en léttur hattur til að hlífa hári og augum fyrir geislum sólarinnar. Þessi sæti blómahattur fæst í Monsoon og kostar 2.199 krónur.



Það er sama hverju við klæðumst í sumar, sólgleraugun eru algerlega ómissandi. Þessi flottu skvísugleraugu fást í Next og kosta 1.990 krónur.



Þegar sólin skín er gott að geta smellt sér berfættur í létta sandala. Þessir sandalar kosta 1.749 krónur og fást í Monsoon.






Njáluarmband hannað af Ríkarði Jónssyni og Karli Guðmundssyni myndskera frá Þinganesi.

ERNA
gull- og silfursmiðja

Erna gull- og silfursmiðja, Skipholti 3, Sími 552 0775.



fataefni

Onion snið

## Hannaðu
þín eigin föt

Föndur og gjafavara FÖNDRA

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 8500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, lokað laugardaga í sumar.

# BEC Design

BEC Design

**- Copenhagen's creative academy**



## Get an international education in Denmark

BEC Design offer two diploma programmes in an international environment in new and stylish premises in Copenhagen.

**The two diploma programmes are:**

- Advanced Computer Studies
- Design Technologist

**In our educations we are particularly focusing on:**

- Close contact with business life
- Project-based work and cross-curricular activities
- Interaction between theory and practical experience

To read more about the two educations in English, go to www.english.bec-design.dk

**www.english.bec-design.dk**

**BEC** | Design, Landskronagade 64-70, 2100 Copenhagen Ø, Denmark,
Phone.: +45 39 16 23 00, Email: osterbro@bec-design.dk

kristy.is
Póstsendum um land allt
Sími: 437 1234

VICTORIA'S SECRET
Bath & Body Works
JONATHAN PRODUCT



# Þjóðleg og hátíðleg

***Þjóðbúningar eru viðeigandi hátíðarklæði fyrir fjölskylduna á sjálfum þjóðhátíðardeginum.***

„Svarti upphluturinn með öllu skartinu sem allir þekkja er alltaf sígildur og vinsæll. Síðan var mikil stemning fyrir peysufötum þegar ég byrjaði að kenna og á árunum frá 1994-2000 vildu allir koma sér upp búningi. Á sínum tíma var gamli upphluturinn, sem er mjög litskrúðugur, blár eða grænn eða rauður, í mikilli sveiflu,“ segir Oddný Kristjánsdóttir, klæðskeri og annar eigandi Þjóðbúningastofunnar ásamt Guðrúnu Hildi Rosenkjær.

Þær hafa rekið stofuna í núverandi mynd síðan 2000 og taka að sér að sauma ýmsar gerðir þjóðbúninga frá grunni, gera við og bæta við búninga, halda námskeið í gerð þjóðbúninga og eru með búninga í umboðssölu.

„Áhugi á þjóðbúningum hefur aukist mjög og aðsókn á námskeiðin er orðin mjög góð. Þess vegna á ég ekki von á öðru en að það endi með að allir verði í þessu þjóðlega skarti á þjóðhátíðardaginn,“ segir Oddný hlæjandi.

Námskeiðin sem um er rætt eru á vegum Heimilisiðnaðarskólans í Reykjavík. Þar er meðal annars boðið upp á ellefu vikna námskeið þar sem bæði konur og karlar sauma eigin búninga. Auk þess sem Oddný nefnir lengri námskeið þar sem þátttakendur eru í þriggja til fimm ára áskrift eins og hún segir. „Á lengri námskeiðum er verið að sauma fald- og skautbúninga þar sem saumaskapurinn er ógurlegur. Bæði balderingar og aðrar skreytingar sem taka mjög langan tíma. Þá hittum við þáttakendur einu sinni í mánuði, en síðan eru þeir á öðrum námskeiðum hjá Heimilisiðnaðarskólanum samhliða stundunum með okkur.“

Flestir skarta þjóðbúningi á hátíðarstundum eins og við brúðkaup, fermingar, skírnir, útskriftir og á 17. júní. Sjálf á Oddný peysuföt og upphlut sem hún notar við hátíðleg tilefni.

„Sumir eru feimnir við að vera í búningi ef þeir eru einir, en þetta er að aukast. Þá er maður alltaf pottþétt fínn og ég á einnig margar skyrtur og svuntur sem ég skipti um eftir hentugleikum. Síðan er misjafnt hverju ég klæðist þegar ég er að kynna starfsemina og fjalla um búningana.“

Hún nefnir einnig marga viðskiptavini sem eru búsettir í Noregi, þar er þjóðbúningahefðin mjög sterk. „Íslendingar búsettir í Noregi, jafnvel af annarri og þriðju kynslóð, vilja gjarnan búning frá gamla landinu. Jafnvel þótt þeir tali ekki íslensku,“ útskýrir Oddný og heldur áfram: „Síðan erfast oft búningar og silfur milli kynslóða og tengir þær þannig með þessum sameiginlega menningararfi.“

Upplýsingar um námskeiðin má nálgast hjá Heimilisiðnaðarskólanum www.heimilisidnadur.is og Oddný segir að fólk megi reikna með að eyða allt að fimm hundruð þúsundum í búning og silfur. Nánari upplýsingar um íslenska þjóðbúninginn er að finna á heimasíðu Þjóðbúningaráðs: www.buningurinn.is

*rh@frettabladid.is*



Oddný segir áhuga á þjóðbúningum hafa aukist og aðsókn á námskeið í gerð þjóðbúninga góða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA




Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið





*Í fyrsta skipti eru öll ástarljóð Páls Ólafssonar komin út í einni bók.*

Þórarinn Hjartarson tók ljóðin saman og rekur sögu Páls og Ragnhildar – eina frægustu ástarsögu á Íslandi. List Páls lifir enn á vörum þjóðarinnar, enda borin uppi af eldi hjartans og óvenju léttvængjuðu rími.

*Gjöf sem yljar og gleður.*

www.Salka.is Salka



**Viðhaldsfríar**

# ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

**Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.

*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*

Augl. Þórhildar 1460.24

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is



**50% AFSLÁTTUR !**
M-Benz S 600 Coupe árg 1996 á aðeins 990 þús, Gott ástand hlaðinn búnaði. S. 864 8989.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Mótor & Sport




**Gerið verðsamanburð!**
Robot ryksugur fyrir öll gólf með fjarstýringu, eru komnar aftur. Nú á kr. 23.500. Íslenskur leiðarvísir fylgir.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Eigum einnig nokkur notuð hjól á góðu verði.**
**www.motorogsport.is**

100 bílar.is bílasala



VW Polo, árg. 2007, ek.13þús.km, Beinsk. Geislaspilari, Rafmagn og fl. Ásett verð 1790 Stgr. Tilboð 1650 þús.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




**Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala**
Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300







Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com






Mjög vel með farinn , VW Passat comfort. Árg '98, sjsk., nýsk. og í toppstandi. V. 590 þ. Uppl. s. 898 9819 Þorsteinn.



Cadillc Deville árg. 1990 toppeintak. Verð kr. 600 þ. Uppl. í s. 844 7851.



Ford Focus 1.6 Beinsk. árg.05 ek.32þús flottur frúarbíll V/1690þús stgr.1390þús S:821-4068



TILBOÐ! VW Golf árg.'98 Ek. 126 þ. 1600. Flottur bíll. Verð 350 þús. Uppl. í s. 659 3459.



Pajero árg.'99. 35" breyttur. Ek. 194 þ. Skoða skipti á ódýrari. Verð 1.390 þ. Uppl. í s. 659 3459.



**Fæst á yfirtöku!!!!!!!**
Mazda rx8 High Output árg 04" ekinn 46 þ. 6gíra, leður, lúga bose hljómkerfi, umboðsbíll, aðeins 2 eigendur. Uppl. í síma 857-7245.



**2 milljónir í afslátt!!**
Range Rover 4.4 vogue árg 02" ekinn 83 þ. ssk með öllu. Verð 550þ + yfirtaka 3.4m (listaverð B&L er 5.9m) Uppl. í síma 857-7245.



**Ekinn 65 þ.km.**
Toyota Avensis 1.8. Sjsk. 8/"98. Góður bíll. V. 650 þ. S. 5656024 & 8977006


vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## 0-250 þús.



**Bíll með dráttarkrók á 90 þús.**
opel astra station árg.'97 dráttarkrókur og með skoðun, í fínu standi en er orðin ljótur, fínn sem vinnubíll. Verð 90 þús. S. 841 8955



mazda 323f coupe 1,5 árg '97 ek.130 þús,þjóvavörn,farstýrðar samlæsingar,cd,fínasti bíll ásett 320 þús fæst á 180 þús. S. 841 8955.



**Ódýr sjálfskiptur bíll**
dawoo nubira árg.'99 ek.140 þús sjálfskiptur,spoiler,filmur,cd,rafmagn í rúðum,ný skoðaður 09, ásett 300 þús fæst á 170 þ. S. 841 8955.

## 500-999 þús.



Nissan Almera Luxury árg 02 sjálfsk. ek 64.000. Ásett verð 790.000, Tilboð 650.000! Uppls 8984990

## 1-2 milljónir




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



MB 320 CLK m/öllu árg 99 ekinn 90 þús mílur (1.990 þús kr)'beinn sala eða skipti á Pallbíl eða enduruhjóli GSM 894 2859



Porsche 911 SC árg 1978, 3.0L mikið endunýjaður og góður bíll verð 1.890 þús uppl 899 4681

## 2 milljónir +




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Subaru Legacy LUX árg 07 ekinn 30 þkm, leður, topplúga og mjög snyrtilgur og fallegur bíll verð ásett 3.290 þús staðgreiðsluverð 2.700 þús uppl 899 4681

Til sölu volvo v50 disel árg,05.sportlegur fjölskyldubíll sem eyðir litlu.ath skipti ód fjölskyldubíl.s,8473029

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



**1.500.þ í afslátt 100%yfirtaka á erl.láni!!!!**

Til sölu Range Rover Disel Árg 2003 ek 102.þ km einn með öllu umboðsbíll ásett verð 5.990.000. Lánið er ca.4.500. þ og er í erl. mynt afb. 74.þ uppl í 844-0542

## Bílar óskast

Vantar Avensis station 1800, árg. 2000 eða yngri. Má kosta allt að 500 þ. Uppl. í síma 695-3413.

Óska eftir bíl á 0-150 þús ekki eldri en '97 má þarfnast lagfæringa uppl s.841 8955.

## Vörubílar



Til sölu Scania 124G 420 árg. '00 með Hiab 220C5 '04. Stóll undir palli og gámalásar í palli. V. 10,9 millj. + vsk. Uppl. í s. 894 1705.



Til sölu. Yfirtaka á láni. S.899 0957.

**FLUTNINGAVAGNAR**
Alorka útvegar bæði nýja og notaða vagna og vörukassa sem standast kröfur flutningsaðila. Einnig vörukassa með WINGLINER opnun. ALORKA, s. 577 3080, www.alorka.is

## Mótorhjól



**Eigum til vélhjólafatnað í öllum stærðum á karla og konur á frábæru verði.**
**Goretex, leður, hanska og stígvél. Vandaður, vatnsheldur og hlýr. Langbesta verðið á landinu.**
**Opið á kvöldin og helgar. Ský Trading Reykjanesbæ. S. 892 1116 & 892 5005.**

## Hjólhýsi



**Frábært tilboð á nokkrum hjólhýsum.**
Getum nú boðið upp á nokkur notuð og ný hjólhýsi á einstöku tilboðsverði Mótormax, Kletthálsi 13, sími 563 4400.

Fjölskylda óskar eftir að taka á leigu stórt og gott hjólhýsi vikuna 3. - 9. júlí. Verðhugmynd 80.000. Góðri umgengi heitið. Vinsaml. hafið samband 822-0000 / tta@hataekni.is

SVFR

# Veiðifréttir

STANGAVEIÐIFÉLAG REYKJAVÍKUR

ÞRIÐJUDAGUR 17. JÚNÍ 2008

# Stangaveiðifélagið er stækkandi félag

**Stangaveiðifélag Reykjavíkur er stærsta og öflugasta stangaveiðifélag landsins með yfir 3.500 félagsmenn. Félagið hefur notið sívaxandi vinsælda á meðal veiðimanna.**

Á síðustu þremur árum hefur félagsmönnum Stangaveiðifélags Reykjavíkur fjölgað um 1.500. Þetta er auðvitað mikið gleðiefni og segir okkur vonandi að félagið sé á réttri braut þegar veiðimenn sjá hag sínum best borgið með því að vera félagsmenn í SVFR.

Fjölgun félagsmanna í SVFR setur aukinn þrýsting á stjórn og starfsmenn félagsins. Til að mæta aukinni eftirspurn félagsmanna eftir veiðileyfum þarf sífellt að bæta við fleiri ársvæðum til að halda uppi nægjanlegu framboði veiðileyfa. Það hefur gengið eftir eins og sjá má í meðfylgjandi súluriti sem sýnir þróun í heildarframboði stangardaga hjá SVFR.

SVFR hefur í dag um sextíu veiðisvæði á sínum snærum víða um landið. Fjölbreytt framboð er í lax- og silungsveiði. SVFR hefur stöðugt verið að bæta við sig veiðisvæðum með laxi og silungi. Þá hefur verið lögð áhersla á að auka framboð fjölskylduvænna svæða þar sem æ algengara verður að fjölskyldur fari saman til veiða.

Í lögum félagsins segir um hlutverk félagsins:

- Að útvega félagsmönnum veiðileyfi og taka í því skyni veiðivötn á leigu eða kaupa veiðisvæði og annast umboðssölu á veiðileyfum.
- Að efla hróður stangaveiði með almennri fræðslu um íþróttina, með því að hvetja til hófsemi í veiði og stuðla að því að veiðimenn virði settar veiðireglur og umgangist náttúruna af virðingu og tillitsemi.
- Að styrkja stöðu stangaveiði sem almennings- og fjölskylduíþróttar.
- Að efla áhuga barna og unglinga á stangaveiði, m.a. með kennslu í veiðileikni í ám og vötnum og hvers konar fræðslustarfi.
- Að vinna að samstöðu meðal stangaveiðimanna og standa vörð um rétt þeirra og hagsmuni.
- Að stuðla að góðri samvinnu við veiðiréttareigendur og standa fyrir, ásamt þeim, umbótum á veiðisvæðum sem félagið hefur til umráða.



Laxar að stökkva í Glanna í Norðurá.

MYND/KLAUS FRIMOR






Ánægður veiðimaður á barna- og unglingadegi SVFR í Elliðaánum.

MYND/ÚR SAFNI SVFR

Grant Thornton

# Hvers vegna að gerast félagi í SVFR?

Það geta verið margar ástæður fyrir því að gerast félagi í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur. Í fyrsta lagi er þetta stærsta einstaka félag stangaveiðimanna á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Félagið er því stórt og öflugt og leggur áherslu á að útvega félagsmönnum sínum fjölbreytt veiðileyfi á sem hagstæðustu verði.

Innan SVFR er einnig mikið félagsstarf. Á veturna eru haldin hnýtingakvöld þar sem komið er saman og flugur hnýttar, góð ráð gefin og skrafað um hver verður besta fluga næsta sumars. Einnig eru haldin skemmtikvöld yfir vetrarmánuðina, þá eru veiðisvæði kynnt með veiðistaðalýsingum og ýmislegt annað gert til gagns og gamans.

Beinn ávinningur félagsmanna í SVFR er:

- Ódýrari veiðileyfi – utanfélagsmenn greiða 20% hærra verð en félagsmenn fyrir veiðileyfin.
- Forgangur að mörgum góðum lax- og silungsveiðiám – félagsmenn sækja um veiðileyfi áður en þau fara á almennan markað.
- Staðgreiðsluafsláttur af veiðileyfum – 5% staðgreiðsluafsláttur af veiðileyfum í úthlutun.
- Veiðikortið með 20% afslætti kostar einungis kr. 4.000 fyrir félagsmenn.
- Veiðileyfi í Elliðavatn með 20% afslætti.
- Veiðimaðurinn – 3 tölublöð á ári.



Fallegur lax úr Elliðaánum.

MYND/JÓN ÞORSTEINN

- Veiðifréttir – fréttabréf SVFR, 6-7 tölublöð á ári.
- Aðgangur að öflugu barnastarfi þar sem börnum og unglingum er m.a. boðið að veiða í Elliðaánum.
- Aðgangur að skemmtilegum félagsskap veiðimanna.

## LAUS SILUNGSLEYFI 17. JÚNÍ 2008

| Ársvæði | Mán. | Lausir dagar; dagsetning |
|---|---|---|
| **Vesturland:** | | |
| Andakílsá Silungur | júní | 19,21,23-25,29 |
| 2 st. 1-2 d. í senn | júlí | 3,7,10-15,18,21-23,28-31 |
| Gott hús á staðnum | ágúst | 5-8,11-16,19-22,26-28,30,31 |
| Svefnpláss f. 7 | sept | 1,3-5,7-9,11-13,15-17,19-21,23-25,27-30 |
| Norðurá - Flóðatangi | júní/júlí | 24-27/2,3,4,6-9,13-15,18,21-23,27-30 |
| 2. St. Veiðihús | ágúst | 2,3,6-29 |
| Grímsá Sjóbirtingur | okt | 10 |
| Ljárskógavötn í Dölum | júlí | 1,28 |
| Gott hús - Fjölskylduvænt | ágúst/sept | 5,6,17-22,28-31/2,3,12-14 |
| Gufudalsá | júní/júlí | Uppselt/10-13 |
| 4 st. Gott hús - Fjölskylduvænt | ágúst/sept | Uppselt/Uppselt |
| Efri Haukadalsá | júní/júlí | 22,23,30/Uppselt |
| 2 st. seldar sam. Gott hús | ágúst/sept | Uppselt/Uppselt |
| Hörðudalsá | júlí | 1-11,14-17,21,23,26-31 |
| 3 st. - ágætt veiðihús | ágúst | 3-8,11-14,17,18,21-28,31 |
| | sept | 2-7,21-26,29,30 |
| Vatnsdalsá | ágúst | 7-31 |
| Vatnsfirði | sept. | 1-14 |
| **Norðurland:** | | |
| Hjaltad.á & Kolka | júní/júlí | 22,23,26-28/6-12,15,16,20-23,27-31 |
| 4 st. - Ágætt hús | ágúst | 3-6,10,11,19,20,24,25,31 |
| | sept. | 4-8,11-17,23-25 |
| Grafará | júní/júlí | 23-26//1-10,13,14,17-18,21-24,29-31 |
| 2 st. / Veiðihús | ágúst/sept | 2,3,6,7,12,13,21,22,24,25,28-31/2-15 |
| Laxá í Aðaldal - Hraun | júní | 23 |
| 3 stangir | júlí/ágúst | 10-13,16-31/1-20,23-25 |
| Laxá í Aðaldal - Múlatorfa | júní | Uppselt |
| 2 stangir | júlí/ágúst | 1,2,7-11,13-18,20-29/1-20,23-26 |
| Laxá í Aðaldal - Staðartorfa | júní | Uppselt |
| 2 stangir | júlí/ágúst | 6-9,16-18,20,23-29/2-5,8-20,23-26 |
| Laxá í Aðaldal - Presthvammur | júní | 30 |
| 1 stöng | júlí/ágúst | |
| 1,3,4,6,14-18,20-29//1-8,11-13,15,16,18-20,23-26 | | |
| Litlá í Kelduhverfi | júní/júlí | 17-30/1-14,19-31 |
| 5 stangir | ágúst | 1-16,23-31 |
| Gisting möguleg í Keldunesi | sept/okt | 15-27/1-10 |
| **Suðurland:** | | |
| Baugstaðarós | júní | Uppselt |
| 2 st. / lítið veiðihús | júlí/ágúst | Uppselt/Uppselt |
| sept/okt | 2,3,15-19/1,2,5,13-20, | |
| Tungu-Bár | júní/júlí | 23-28/7-11,12,21-23,25-28 |
| 2 st. | ágúst | 5-10,20,21,23-25 |
| | sept/okt | 1-7,15-19,29,30/1-5,13-20, |
| Volinn | júní/júlí | 23-26/7-10,13,21-26 |
| 2 st./ lítið veiðihús | ágúst | 4,5,19,20, |
| sept/okt | 15-20/14-17 | |
| Sog - Þrastarlundur | júní/júlí | 20-30/1-18,20,21,23-30 |
| 2 stangir | ágúst/sept | 1-31/1-28 |
| Sog Ásg. Silungasv. | júní/júlí | Uppselt/1-4,5-31 |
| 3 stangir | ágúst/sept | 1-31/1-28 |
| Tungufljót V-Skaf | Vikur | 27. júní - 4. júlí |
| Silungur og sjóbirtingur | ágúst | 1-31 |
| Svefnrými fyrir 8. | sept/okt | 2-10/Uppselt |
| Eldvatnsbotnar | Vikur | 18.júlí - 24. júlí |
| 2 st. / Gott hús | júlí/ágúst | 27-31/6-8 |
| | sept/okt | Uppselt/2-3 |
| Grenlækur I og II | júní/júlí | 17-30/2-18 |
| 3 st. / 2d í senn | ágúst | 9-14,17-31 |
| Góð aðstaða | sept/okt | 2,3,6-30/2-20 |
| Steinsmýrarvötn | júní/júlí | 14-23,30/2-7,12-17,20-31 |
| 4 stangir | ágúst | 2-13,16-30 |
| Frábær aðstaða | sept | 1-4,7-10,13-16,21-24,29,30 |
| | okt | 1,2,4-10,13-17 |
| Hörgsá | sept | 2-6 |
| 2 stangir - lítið veiðihús | okt | 6-9,14-20 |



Laxinn veiddur á stöng. Veitt af bát á Árnessvæðinu í Laxá í Aðaldal þar sem öllum laxi er sleppt. MYND/ÁRNI PÉTUR

# Netauppkaupasjóður SVFR

**Á undanförnum þremur árum hefur staðið yfir merkilegt átak af hálfu Stangaveiðifélags Reykjavíkur á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár sem miðar að því að draga úr netaveiði á vatnasvæðinu.**

Þegar stjórn SVFR ákvað að beita sér fyrir netaupptöku á Hvítár-Ölfusársvæðinu var markmiðið tvennt:

Annars vegar að freista þess að glæða stangaveiðina, ekki síst í bergvatnsánum sem renna í Hvítá og Ölfusá. Hins vegar að hlífa stórlaxi sem talinn er í útrýmingarhættu að mati sérfræðinga Veiðimálastofnunar.

Árangurinn hefur verið eftirtektarverður því náðst hafa samningar við nokkra af helstu netabændum á svæðinu. Það er mat manna að með framtaki SVFR hafi náðst sá árangur að nú sé hætt að leggja net sem náðu um 2/3 hluta netaveiðinnar á Hvítár-Ölfusársvæðinu miðað við það sem var fyrir daga umræddra samninga.

Framtíð þessa verkefnis er hins vegar nú í miklu uppnámi eftir að stjórn Fiskræktarsjóðs synjaði beiðni SVFR um áframhaldandi styrk vegna netauppkaupanna og þar með friðunar á stórlaxi á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár.

Það er afar mikilvægt að verkefninu verði fundinn farvegur til framtíðar. Segja má að SVFR hafi tekist að koma kyrrstöðu netaveiðanna upp úr hjólfari liðinna áratuga og dregið vagninn fyrsta spölinn. Nú verða fleiri að koma að málinu og þoka því áfram.

Greinargerð stjórnar SVFR um netauppkaup á Hvítár-Ölfusársvæðinu má lesa í heild sinni meðal annars á www.svfr.is og í nýjasta eintaki af Veiðimanninum sem kom út í vikunni.

# Veiðidagur fjölskyldunnar haldinn hinn 29. júní

Landssamband Stangaveiðifélaga stendur fyrir árlegum Veiðidegi fjölskyldunnar 29. júní næstkomandi. Sem fyrr leggja veiðifélög og hinir ýmsu leigutakar til vatnasvæði sín þennan dag og gefst fólki kostur á að veiða á þeim án endurgjalds.

Fjölskyldunni gefst þarna kjörið tækifæri til að veiða í fjölmörgum vötnum í boði leigutaka eða landeigenda. Það verða um þrjátíu vötn í boði á þessum degi. Sem dæmi um vötn hér í nágrenni Reykjavíkur má nefna vötn eins og Þingvallavatn, Kleifarvatn, Elliðavatn og Meðalfellsvatn.

Landssamband Stangaveiðifélaga hefur gefið út sérstakan kynningarbækling en þar má finna öll þau vatnasvæði sem í boði eru á veiðidegi fjölskyldunnar. Við hvetjum alla til þess að hafa til veiðidótið og taka daginn frá.



Veiðidagur fjölskyldunnar verður haldinn 29. júní næstkomandi. MYND/GOLLI

Kynningarbæklingurinn liggur frammi víða um land en hann má einnig nálgast á heimasíðu SVFR, www.svfr.is.

**Útgefandi:** Stangaveiðifélag Reykjavíkur 108 Reykjavík
**Skrifstofa:** Háaleitisbraut 68 **Sími:** 568 6050 **Netfang:** svfr@svfr.is **Heimasíða:** www.svfr.is
**Ábyrgðarmaður:** Páll Þór Ármann **Ritstjóri:** Haraldur Eiríksson
**Ritstjórnarfulltrúi SVFR:** Þorsteinn Ólafs
**Umbrot og prentun:** 365 og Ísafoldarprentsmiðja ehf.

# Veiðileyfi um land allt

www.svfr.is

HVAR VILTU VEIÐA?
HVAÐ VILTU VEIÐA?
HVENÆR VILTU VEIÐA?

**Byrjaðu veiðiferðina á heimasíðunni okkar!**

Þú færð upplýsingar um veiðisvæði um land allt, lest nýjustu veiðifréttirnar og gengur frá kaupum á veiðileyfum á vefnum okkar, **www.svfr.is**

**Smelltu þér í veiði.**

SVFR

Stangveiðifélag Reykjavíkur | www.svfr.is

ÍSLENSKA SIA.IS SVF 42807

# Leggur til fé til rannsókna á sjóbirtingi

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur samþykkti í byrjun þessa mánaðar að styrkja sjóbirtingsrannsóknir í Tungufljóti á þessu ári um 350.000 krónur og kemur sá styrkur til viðbótar framlagi Fiskræktarsjóðs og veiðiréttareigenda vegna verkefnisins. Útlagður heildarkostnaður við rannsóknirnar er áætlaður 1.200.000 krónur.

Sjóbirtingsveiði hefur verið að dragast saman í ám í Skaftárhreppi síðustu ár. Skýringar á minnkandi veiði liggja ekki fyrir en bent hefur verið á verri afkomu sjóbirtings í sjó vegna bágs ástands á sandsílastofnum sem er fæða sjóbirtings.

Sár eftir steinsugu hafa verið áberandi á sjóbirtingi í ám í Skaftárhreppi og hefur hvað mest kveðið að þeim í Tungufljóti og Kúðafljóti. Rannsóknir munu verða gerðar á seiðabúskap og aldursdreifingu fiska, vorveiði verður merkt til að kortleggja far fiska, fylgst verður með endurheimtum, búsvæði verður metið og steinsugusár verða skráð.

## LAUS LAXVEIÐILEYFI 17. JÚNÍ 2008

| Ársvæði | Mán. | Lausir dagar; dagsetning |
|---|---|---|
| **Höfuðborgarsvæðið:** | | |
| Elliðaár f.h. og e.h. | júní/júlí | Uppselt |
| 1stangir í 1/2 dag í senn | ágúst | Uppselt |
| Korpa | júní/júlí | 23-25/11,17,26 |
| 2 stangir | ágúst/sept | 13,14,15,17,20-22,25-31/2-10 |
| Leirvogsá | júní/júlí | 27,29/2,3,5,8, |
| 2 stangir | ágúst/sept | 1,3,17,19/Uppselt |
| Laxá í Kjós | júní | 22 |
| 10 stangir | júlí/ágúst | Uppselt |
| Gott hús - Þjónusta | sept. | Uppselt |
| Andakílsá Lax | júní | Uppselt |
| 2 st. | júlí/ágúst | Uppselt/Uppselt |
| Gott hús m/potti | sept. | Uppselt |
| Norðlingafljót | júlí/ágúst | Uppselt/Uppselt |
| 5 st. - Góð aðstaða | sept. | 14,15,18,19,24,30 |
| Gljúfurá | júní | 24, 28-30 |
| 3 st. | júlí/ágúst | Uppselt/5-8 |
| Gott veiðihús m/potti | sept. | Uppselt |
| Norðurá I | júní/júlí | 18-21/Uppselt |
| 12 st. Veiðihús m/þjónustu | ágúst/sept | Uppselt//9,12 |
| Norðurá II | júlí | 9,29-31 |
| 2-3 st. Gott hús. | ágúst | 24-27 |
| Norðurá - Munaðarnes | júní/júlí | 23-27/1 |
| Hítará I | jún-sept | Uppselt |
| Hítará II | júní/júlí | 20,23,27,30/2-4, |
| 2-4 st. Gott hús | ágúst | Uppselt |
| 1 st í Hítarvatni fylgir | sept. | 18 |
| Fáskrúð | júlí-sept | Uppselt |
| Krossá | júní-sept | Uppselt |
| Straumar | júní/júlí | 25-27/30,31 |
| 2 st - gott veiðihús | ágúst | 3,4,20,21,25-30 |
| Langá á Mýrum | júní/júlí | |
| 10-12 st. | ágúst | Uppselt |
| Veiðihús m/Þjónustu | sept. | 16-18, |
| Tunguá | júlí/ágúst | 17-21/10-14, |
| **Norðurland:** | | |
| Víkurá | júlí | 14-28 |
| 2 st. Gott hús. | ágúst/sept | 9-13,16,17,20-22/9-12,15-25 |
| Gljúfurá Húnaþ. | júlí/ágúst | 19-21/Uppselt |
| 2 st. Gott hús. | sept | Uppselt |
| Grímsá í Borgarfirði | júní | 24-28 |
| 2 st. Veiðihús m/þjónustu. | júlí -sept | Uppselt |
| Svalbarðsá í Þistilfirði | júlí/ágúst | 3-9/18-21 |
| 3 st. Gott veiðihús | sept | Uppselt |
| Laxá í Aðaldal - NES | júlí/ágúst | 4-7/18-21,30-2 |
| 8 st. - Veiðihús m/þjónustu | sept. | 17-20, |
| Fnjóská | júní/júlí | Uppselt |
| 4 st. Gott hús. | ágúst/sept | 27-29/Uppselt |
| **Suðurland:** | | |
| Sog Alviðra | júní | 24-27,30 |
| 3 st. Gott hús. | júlí | 1-10,13-16,18,20, |
| Góð aðstaða. | ágúst/sept | 29/3,7-24 |
| Þrastarlundur | júní/júlí | 24-29/1,2,3,7,8,9 |
| 1 stöng | ágúst/sept | Uppselt/9-11,14-24 |
| Sog Bíldsfell | júní | 24-27, |
| 3 st. Glæsil. hús. | júlí/ágúst | 2,3,4,8,10,14/Uppselt |
| Góð aðstaða. | sept | 3,16,17 |
| Sog Ásgarður | júní/júlí | 24,30/1,7,14,15,28,31 |
| 3 st. Stórt gott hús | ágúst | 12,15-17,20-30 |
| Góð aðstaða. | sept. | 1-3,5,10-24 |
| Sog Syðri - Brú | júní/júlí | 24-28/1-10,14,15,17,21,22 |
| 1 st. Lítið hús. | ágúst/sept | Uppselt/2,3,8,10,11,12,15-24 |
| Hvítá - Stóru Ármót | júní/júlí | Mikið laust |
| 3 st. Ágætt hús. | ágúst/sept | Mikið laust |
| Hvítá | júní/júlí | Mikið laust |
| Laugardælir / Oddgeirshólar | ágúst/sept | Mikið laust |
| Stóra Laxá I & II | | |
| 4 st. Ágætt hús | júní/júlí | 23/3-7,9,13,15,19,23,31 |
| Svefnrými fyrir 8. | ágúst/sept | 1,4,7,17-21/Uppselt |
| Stóra Laxá III | júní/júlí | 21,24-28/1,3,7-11,13,15,17,23,31 |
| 2 st. Ágætt hús | ágúst/sept | 14,15,16/26,28,29 |
| Stóra Laxá IV | júní/júlí | 23,26-30/1-9,13-18,20,21,27-31 |
| 4 st. Ágætt hús m/potti | ágúst | 1,4,10,13,14,20-22,25,28,29 |
| Svefnrými fyrir 10. | sept. | 6-9,12,13,16-23,25-29 |
| Hróarslækur | júlí/ágúst | 23,24,29-31/Uppselt |
| 4 st. - Flott veiðihús m/potti | sept/okt | 15-18,21-26/1-11 |
| Hólsá | júní/júlí | 23-30/1,2 |
| 4 st.- stak dag | ágúst | Uppselt |
| | sept/okt | 15,18,19,21-30/1-20 |
| Þverá í Fljótshlíð | júlí/ágúst | 1-21,27-31/1-7,10-14,17-19,24-29 |
| 4st í 1-2 daga í senn | sept/okt | 5-13,15-30/1-20 |
| **Austurland:** | | |
| Selá Álftafirði | júlí | 12,13,16-18,21-24,29,30,31 |
| 2st, Gott hjólhýsi | ágúst | 1,4-7,10-14,16-18,21,25,28-31 |
| 3 svefnherb. | sept/okt | 1-8,11,13-16,23-30 |



Veiðihúsið við Hjaltadalsá og Kolku. MYND/ÚR SAFNI SVFR

# Sumarhús með veiði – tilvalið fyrir fjölskylduna

**Áhugi á silungsveiði hefur aukist mikið undanfarin ár enda skemmtileg útivera með fjölskyldunni. Til að koma á móts við þennan aukna áhuga hefur Stangaveiðifélag Reykjavíkur aukið verulega framboð sitt í skemmtilegri silungsveiði.**

Verð á veiðileyfum í silungsveiði eru yfirleitt hagstæð og þegar fjölskyldan dvelur í lengri eða skemmri tíma úti á landi er tilvalið að skella sér í veiði. Á heimasíðu okkar, www.svfr.is, er hægt að ganga frá kaupum á lausum veiðileyfum og einfaldar það mikið þegar komið er út á land. Víðast hvar geta menn haft aðgang að tölvu til að ganga frá kaupum á leyfum eftir hendinni. Yfirleitt er silungsveiði talsvert ódýrari en laxveiði og mjög víða er hægt að finna góða silungsveiðiá með góðri aðstöðu í veiðihúsi á mjög hagstæðu verði.

**ANDAKÍLSÁ Í BORGARFIRÐI:** Silungasvæði með rúmgóðu veiðihúsi, veitt á þrjár stangir.

**NORÐURÁ – FLÓÐATANGI:** Veitt er á tvær stangir. Veiðihús að Melkoti fylgir veiðileyfum.

**HJALTADALSÁ OG KOLKA:** Veitt er á fjórar stangir. Veiðihús fylgir veiðileyfum. Eftir 20. ágúst fylgir kornakur með til gæsaveiða. Tilvalið að sameina sportið.

**LAXÁ Í AÐALDAL:** Í Laxá í Aðaldal, neðan Laxárvirkjunar, má finna frábæra silungsveiði og urriðinn er feitur og fallegur. Náttúra svæðisins er margrómuð og fuglalíf mikið.

Veiðisvæði Hrauns, Staðartorfu, Múlatorfu og Presthvamms.

**STEINSMÝRARVÖTN:** Stutt frá Kirkjubæjarklaustri. Vinsælt og skemmtilegt svæði með góðu veiðihúsi með heitum potti. Seldar eru fjórar stangir.

**ELDVATNSBOTNAR:** Gott sjóbirtingssvæði í landi Botna í Vestur-Skaftafellssýslu u.þ.b. 50 km austan við Vík í Mýrdal. Gott veiðihús, veitt á tvær stangir. Sérlega þægilegt svæði.

**TUNGUFLJÓT Í SKAFTÁRTUNGU:** Eftirsótt veiðisvæði með stórgóðri og nýendurbættri aðstöðu.

**BAUGSTAÐAÓS, VOLI OG TUNGU-BÁR:** Skemmtileg sjóbirtings- og silungsveiðisvæði á Suðurlandi. Tvær stangir á hverju svæði. Veiðihús fylgir með veiðileyfum í Baugstaðaós og Vola. Ódýr og skemmtileg veiði.

# Öryggi þitt er í þínum höndum

**Nokkur atriði er lúta að öryggi veiðimanna.**

- Veiðimaður ber ábyrgð á eigin öryggi – leggðu mat á aðstæður – sýndu ábyrgð.
- Nauðsynlegt er að hafa gleraugu við veiðar til að verja augun. Augun eru viðkvæm og flugur og önglar eru beittir og geta skaðað augun.
- Mikilvægt er að hafa belti á vöðlum, sérstaklega þegar vaðið er.
- Vöðlur geta verið hálar. Sérstaklega er bent á að vöðlur með filtbotni eru afar hálar í blautu grasi.
- Þegar vaðið er skal gæta þess að vöðlujakki sé vel renndur upp og ermar vel þrengdar. Slíkt varnar því að vatn streymi niður í vöðlurnar ef veiðimaður missir fótanna.
- Hægt er að fá sérstaka vaðstafi sem veita stuðning þegar vaðið er í ám.
- Brýnt er að nota flotvesti þegar vaðið er í stórum og vatnsmiklum ám. Ef veiðimaður hrasar og nær ekki til botns og er ekki í slíku vesti er mjög áríðandi að veiðimaður haldi ró sinni, halli sér undan straumi, taki sundtök með fótunum en haldi höndum niður með síðum og hreyfi þær sem minnst. Alls ekki að taka bringusundstök og berjast hratt um. Þá fyllast vöðlurnar strax og draga menn niður.
- Við akstur á veiðislóð skal gæta ítrustu varkárni þegar ekið er yfir vöð og á vegaslóðum.



Veiðimenn skulu ávallt leggja mat á aðstæður. MYND/ANDREW PETHERICK


www.ellingsen.is
Fyrir alvöru veiðiklær
Allar Loop-vörur eru í hæsta gæðaflokki og þaulprófaðar af topp-atvinnumönnum
LOOP
Loop Opti vöðlujakkinn er sérlega vandaður og úr þriggja laga vatnsheldu öndunarefni. Þessi flík hefur allt til að bera sem kröfuharður veiðimaður óskar sér.
OPTI-POCKET
TOOLBOX!
Loop Opti Coast er byltingarkennd flugustöng. Stífleiki og nákvæmni er eins og best verður á kosið og stöngin fæst í línuþyngdinni 7. Vandaður hólkur fylgir og 25 ára ábyrgð.
Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mánudag–föstudag 10–18 • Laugardag 10–17 • Sunnudag 13–17
Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • Opið mánudag–föstudag 8–18 • Laugardag 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\ REYKJAVÍK \ SÍA




**Veiðikortinu hefur verið vel tekið af veiðimönnum.**

## Góðar viðtökur

Veiðikortið hefur notið mikilla vinsælda meðal veiðimanna. SVFR er helmingseigandi í kortinu á móti Ingimundi Jóni Bergssyni, stofnanda og hugmyndasmið þess. Veiðikortið er frábær valkostur fyrir silungsveiðimenn en það er nú á sínu fjórða starfsári. Því hefur verið vel tekið af veiðimönnum enda stórkostlegt að hafa með því nánast ótakmarkaðan aðgang að meira en þrjátíu veiðivötnum um landið fyrir aðeins 5.000 krónur, en verð á því hefur verið óbreytt frá upphafi. Félagsmenn í SVFR fá Veiðikortið með tuttugu prósenta afslætti á skrifstofu SVFR, á 4.000 krónur. Það gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Frábærar viðtökur hafa þýtt að hægt hefur verið að auka framboðið af veiðivötnum sem fylgja kortinu með reglulegu millibili og er Meðalfellsvatn í Kjós þar nýjasta viðbótin. Kortið fæst á skrifstofu SVFR, bensínstöðvum N1, veiðivöruverslunum sem og á www.veidikortid.is.

# Öryggismál stangaveiðimanna

**Skipuð hefur verið nefnd innan Stangaveiðifélags Reykjavíkur til að endurskoða öll öryggismál stangaveiðimanna á þeim veiðisvæðum sem félagið er með.**



Gerðar voru prófanir á veiðivestum í Soginu í vor í samstarfi við björgunarsveitir í Árnessýslu. MYND/HARALDUR EIRÍKSSON

Nefndin hefur þegar hafið störf. Í undirbúningi er að auka fræðslu til veiðimanna, endurskoða aðbúnað á einstökum vatnasvæðum og gera áhættumat á hverju veiðisvæði fyrir sig.

SVFR hefur keypt sérstök flotvesti í veiðihúsin á þeim veiðisvæðum þar sem þörf er talin á slíkum búnaði auk þess sem fræðsla og hvatning til veiðimanna um notkun á þeim verður aukin til muna. Félagar í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur munu verða varir við slíkt í miðlum félagsins.

Gerðar voru prófanir á veiðivestum í Soginu í vor í samstarfi við björgunarsveitir í Árnessýslu. Voru flotvesti reynd við erfiðar aðstæður og í kjölfarið fest kaup á þeim vestum sem best reyndust. SVFR vill hér koma á framfæri sérstökum þökkum til björgunarsveitanna á Suðurlandi fyrir veitta aðstoð og velvilja í garð stangaveiðimanna.

Nýjum búnaði var komið fyrir á svæðum Sogsins fyrir upphaf veiðitíma og nefndin mun ljúka störfum áður en helstu laxveiðisvæðin verða opnuð. Öryggismál munu þó verða í stöðugri endurskoðun í framhaldinu.

Það er Bjarni Júlíusson, fyrrverandi formaður SVFR, sem er formaður nefndarinnar en unnið verður í nánu samstarfi við fagaðila, svo sem Landsbjörg, en Jón Gunnarsson, fyrrverandi formaður Slysavarnafélagsins, er meðal nefndarmanna.









Sjóveiðihjól ....frábær sjóveiðihjól einnig fáanleg með teljara ..

**frá 3.995 kr.**



Polaroid gleraugu.... Góð Polaroid gleraugu mikið úrval

**frá 1.690 kr.**



Gömlu góðu klofstígvélin úr nýðsterku hrágúmmi eins og í gamla daga

**verð 6.890 kr.**



vandaðir sjónaukar

**frá 3.995 kr.**

# Ný sending af slöngubátum

**11 feta slöngubátur með hörðum botn burðageta 560 kg þolir allt að 18 hö.mótor CE vottaður .**
**Rafmagns mótorar á 29.900 kr**




pantanir óskast sóttar

## verð: 119.900 kr.



Vönduð lokuð kasthjól frá Abu 4.700 kr



## Besta verðið á vönduðum flugum

| | |
|---|---|
| straumflugur | -250 kr. |
| púpur | -185 kr |
| laxa flugur | -285 kr |
| brass túpur | -330 kr. |



## XT-PRO tvíhenda

14 fet 19.900 kr.
14 fet + hjól og lína verð.33.900 kr

ótrúlega létt og öflug tvíhenda frábært verð.



öndunar vöðlur með skóm á

**Verð aðeins kr. 21.900**

# Lokað þann 17. júni

## Tilboðin hefjast þann 18. júni

Najtanszy sklep wedkarski w Reykjaviku Mówimy po Polsku.

**Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940**



5mm. Neopren vöðlur með brjóstvasa, styrkingar á hnjám, stigvél með filtsóla og þægilegar axlaólar.

**Verð aðeins kr. 9.900,-**

Abu Garcia · JAXON · CORTLAND · SHIMANO



Fyrsti lax sumarsins í Norðurá.
MYND/GOLLI

## Laxgengd hefur aukist í Norðurá

Norðurá var opnuð hinn 5. júní í ár. Síðan þá hafa orðið nokkur umskipti við Norðurá. Laxgengd hefur aukist síðustu sólarhringa og því má kannski segja að tímabilið sé hafið fyrir alvöru eftir mjög rólega byrjunardaga. Fyrstu smálaxar sumarsins fengust í síðustu viku en laxgengd um laxastigann í Glanna hefur aukist nokkuð og er þar nær eingöngu stórlax á ferðinni.

Veðurfar hefur verið nokkuð óhagstætt til veiða undanfarið en fyrir helgi var tæplega tuttugu gráðu hiti og sól í Norðurárdal og aðstæður voru því ekki upp á það besta. Það verður spennandi að fylgjast með framhaldinu, sér í lagi ef veðrabreytingar eiga sér stað. *Sjá www.svfr.is.*

## Mikil urriðaveiði í Laxá

Mikil veiði er á urriðasvæðum SVFR neðan virkjunar í Laxá í Aðaldal. Má nefna að veiðimenn sem veitt hafa á tvær stangir undanfarna daga hafa fengið á annað hundrað urriða. Mikill fiskur er á ferðinni að sögn heimamanna og ástandið að því er virðist með besta móti. Að sögn Árna Péturs Hilmarssonar í Nesi í Aðaldal hefur heldur bætt í veiðitölur upp á síðkastið. Hins vegar er aflanum misskipt milli manna líkt og gjarnan vill verða og þeir sem halla sér að þurrflugu- og púpuveiðum veiða mikið en straumflugurnar gefa heldur minna en oft áður. Veiðimenn sem komu að norðan fyrir skömmu og hafa stundað Presthvammsveiðar um árabil höfðu orð á því að urriðinn hefði verið óvenjuvænn. Höfðu þeir oft veitt betur en í þetta sinnið en höfðu á orði að umskiptin hefðu verið góð og mikið af tveggja til þriggja punda fiski í aflanum.

*Sjá www.svfr.is.*









## Ýmislegt

Akurhænuegg til sölu. 100 kr. stk. Afgreiðum minnst 30 egg. S. 562 5013 & 866 8112

## Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is




## Fyrirtæki



**Viltu flytja vestur? en vantar vinnu, eða viltu vinna hjá sjálfum þér.**
**Bílalúgusjoppan Krílið á Ísafirði er til sölu. Vinsæl sjoppa á góðum stað.**
**Upplýsingar í síma 456-3556 899-3963.Margrét.**

# HEILSA

## Heilsuvörur



5-7KÍLÓ á 9 Dögum Komdu þér af stað með Hreinsipakka frá Aloe Vera S.6978928 Sigga

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. Orka, vellíðan, betri svefn og aukakílóin hreint fjúka. Dóra - 869-2024 www.dietkur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Dverg schnauzer hvolpar til sölu með HRFÍ ættbók uppl. í s. 690 6464.



Hvolpar til sölu. Dalmatíu með smá Labrador. Undan Doppu sem hefur verið með A gráðu í snjóflóðaleit. Mikil veiðihundur í mink, ref og fugli. Góður heimilishundur. Upplýsingar gefur Helgi Páll Pálmason síma: 8925816

## Heimilistæki



Retro cappuccinovélin, lagar cappuccino, te, latte, espresso.Falleg og handhæg vél fyrir heimilið eða sumarbústaðinn. kr. 27.900. Margir litir. www.kaffifélagið.is -Skólavörðustíg 10

## Ýmislegt



KANADÍSKIR GÆÐA POTTAR

**Opnunartilboð**
Erum flutt!

**Skeljar**
verð áður 270,000
verð nú 199,000

Sendum hreinsiefni og síur um allt land.

www.heitirpottar.is
Kleppsvegur 152, sími 554 7755
(Ath - áður bakarí Jóa Fel)

## Húsgögn

2 og 3 sæta sófar úr Öndvegi og Lazyboy í sama lit úr Svefni og heilsu. Selst saman á 70þús, er þriggja ára gamalt. Gsm: 8939288

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavikwest.com & í s. 866 3063.

**Gisting við ströndina**
Ferðamannaíbúð á Eyrarbakka til leigu. Rúmar 4, sólahringsleiga 12 þ.kr, vikuleiga 70 þ.kr. Gónhóll - S. 771 1940.

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet**
Heimavík. Sími 892 8655.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530.

## TILBOÐ

**Viltu láta dekra við þig í notalegu umhverfi þar sem sumarið er á næsta leiti?**



**Pantaðu þér andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu litun og plokkun frítt. Tilboðið gildir til 1. ágúst.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

SELLOFAN POKAR-UMSLÖG
eftir þínu sniði, umhverfisvæn lausn.

SELLOPLAST sf
sellofan umhverfisvænar umbúðir
Nánari upplýsingar í s. 554-0870 / 861-6595

Til leigu góð 2 herb íbúð í 109 rvk. Laus 1 júlí verð 110 þ, á mán. allt innifalið. uppl í 6933851

Falleg og björt 110 fm 3 herb. íb. í Naustabryggju. Húsgögn fylgja. Skilvísir og reglusamir koma til greina. Leiga 150 þ. S. 695 7382.

Herb. í kjallara við Háteigsveg 105 til leigu til áramóta. Baðkar, þvottavél & ísskápur. S. 567 6198.

Herbergi í 101 Rvk til leigu. 45 þús/mán. Aðg. að sturtu + eldh., sér W.C., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

Til langtímaleigu ca. 85 m2, 4-5 herb. íbúð á 2. hæð í 5 íbúða eldra húsi v/ Skerjafjörð skammt frá Háskólanum með frábæru útsýni. Gæti hentað nokkrum eistaklingum. Laus 1. júl. Verð kr. 125.000.- + hiti og rafm. Uppl. í s. 892 9171.

65 ferm.2herb. íbúð til leigu í seljahverfi uppl í síma 8986634

Góð 90 fm, 3 herb. íbúð í 112. 130 þús + hússj. & rafm. Laus 30.6. S: 868-8680.

Íbúð til leigu í Mosfellsbæ Íbúðin er 94 fm að stærð Þrjú svefnherbergi og sér þvottahús Skamtímaleiga Laus strax uppl. í síma 864-7374

Til leigu ósamþykkt 3 herb. íbúð í atvinnuhúsnæði á Höfðanum. Ca. 80 fm. 100 þ. á mán. Uppl. s. 843 6061 & bjorn@icecharter.com

Til leigu skrifstofuherbergi á Höfðanum ca. 20 fm. Aðgangur að ljósritun. 29 þ. á mán. Uppl. s. 843 6061 & bjorn@icecharter.com

## Húsnæði óskast

Vil kaupa eða leiga geymslu eða atvinnuhúsnæði á Rvk- svæði ca. 25-80 fm jarðhæð. Bílskúr kemur til greina. Uppl. í s. 897 7798.

## Sumarbústaðir



**Gestahús til sölu :**
Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.

## Atvinnuhúsnæði

200 Fm Verslunarhúsnæði í Bæjarlind til leigu, Laust fljótlega. S: 897-5505

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**

**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Margrét 699 1060**

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 844 7589 eða 821 8500 www.cafeoliver.is

**Kökuhornið**
**Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf við afgreiðslu (ekki sumarstarf) ekki yngri en 20 ára. Íslenskukunnátta nauðsynleg**
**Uppl. í s. 866 0060 Ingibjörg & 897 0702 Sirrý.**

**Lítið verktakafyrirtæki**
**óskar eftir duglegum og reglusömum starfsmanni í múr, smíða og málningavinnu og annað tilfallandi.**
**Uppl. í s. 847 6391 & 891 9890.**

**Ert þú næturmanneskja?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur frá 23:45-8 og 7 nætur frí. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir Anna í síma: 530-7004.**
**Aldurstakmark er 18 ár.**
**Íslenskukunnátta er æskileg en annars mjög góð enskukunnátta skilyrði. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**

Óska eftir vönum málara og smið. Looking for experienced carpender and painter. S. 770 6563.

Smiðir-Verkamenn-Flekauppsláttur: Óskum eftir vönum smiðum og verkamönnum í flekauppslátt. Uppl. 856 5555

Traust fyrirtæki vantar múrara og málara. Uppl. í s. 844 1011.

**PRACA OD ZARAZ**
Firma, Zatrudni. Fachowcow, glazurników-murarzy. Z doswiadczeniem. Dobre Zarobki. 847 2209.

**Óskum eftir starfsfólki til starfa í starfsmannamötuneyti Flugstöðvar Leifs Eiríksonar.**
**Óskum eftir starfsfólki til starfa í starfsmannamötuneyti. Sumarafleysingar, kvöld- og helgarvinna.**
**Upplýsingar gefnar í síma 863 8165, einnig má senda tölvupóst á netfangið maturogflug@gmail.com**
**Matur og flug ehf.**

**Pylsuvagninn í Laugardal**
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

**Aktu taktu**
Aktu Taktu Aktu Taktu Mjódd er að leita að vaktstjóra sem er 22 ára og eldri. Vinnufyrirkomulag 1-2 virk kvöld og önnur hver helgi. Mjög góð laun í boði. Aðeins reglusamt, heiðarlegt og duglegt fólk kemur til greina. Umsóknir á www.aktutaktu.is

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Trúlofunarhringur tapaðist. Gullhringur með stórum grænum stein. Inní hringnum stendur „Réne Boivant" Háum fundarlaunum heitið! gsm:615-4040

## Tilkynningar

ÉG GUBBAÐI Í RÚMIÐ HANS OG ÖSKRAÐI FÓSTURLÁT Dalí, Akureyri

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

## TILKYNNINGAR

**Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkur**

**Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur óskar eftir tilnefningum til fegrunarviðurkenninga fyrir fjölbýlishúsalóðir og fyrirtækja- og stofnanalóðir í Reykjavík.**

Tilnefna skal lóðir við fjölbýlishús og fyrirtæki eða stofnanir þar sem vandað hefur verið til verks og lóðir þykja skara fram úr út frá hönnunar- eða fagurfræðilegu sjónarhorni.
Hægt verður að tilnefna lóðir til og með 15. júlí 2008.

Tilnefningar skal senda á netfangið: ***bragi.bergsson@reykjavik.is*** eða með pósti:
Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur
b.t. Bragi Bergsson
Borgartúni 3
105 Reykjavík

## FASTEIGNIR

**BOÐAÞING 6-8 NÝTT HÚS FRÁ HÚSVIRKI**
**FYRIR FÓLK Á BESTA ALDRI 55+**



**VERÐ FRÁ: 26,4 MILLJ.**

Boðaþing 6-8 er glæsilegt og vandað 28 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum, ásamt 22 stæða bílgeymslu í kjallara. Húsið er inná reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagninar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Um er að ræða óvenju skemmtilega skipulagt svæði sem myndar kjarna í kringum hjúkrunaríbúðir og þjónustumiðstöð aldraða á vegum Kópavogsbæjar og Hrafnistu DAS. Afar fallegt umhverfi við Elliðavatn og gönguleiðir um Heiðmörk. Stutt í golf, sund og aðra þjónustu.

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.HUSAVIK.NET**

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali
Elías Haraldsson, lögg. fasteignasali
SÍMI 510-3800

**VANTAR ÞIG**
**SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000**

ÁS STYRKTARFÉLAG

**Ás styrktarfélag** er öflugt félag sem byggir á traustum grunni Styrktarfélags vangefinna og leitar að traustu fólki til starfa sem fyrst. Störf sem í boði eru:

### Ás vinnustofa,
óskar eftir starfsmanni í sumarafleysingar. Um er að ræða dagvinnu, 100% starf. Ás vinnustofa er verndaður vinnustaður í Brautarholti 6. Þar er lögð áhersla á að skapa fólki með skerta starfsgetu vinnuaðstöðu sem sniðin er að þörfum þess og getu. Áhersla er lögð á að efla sjálfsöryggi og bæta starfshæfni. Í Ási starfa um 50 starfsmenn. Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir í síma 414-0530. Netfang halla@styrktarfelag.is.

### Lyngás
óskar eftir starfsmanni í eldhús í júlí. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Matreitt er fyrir um 50-60 manns. Lyngás er sérhæft dagheimili fyrir fötluð börn og ungmenni á aldrinum 1-18 ára. Lyngás er staðsett í Safamýri 5 og er opið frá 8.00-16.00 á virkum dögum.
Nánari upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir í síma 553-8228.netfang:birna@styrktarfelag.is.

### Búseta-Langagerði,
nýtt íbúðasambýli sem opnaði í maí vantar starfsfólk um helgar. Nánari upplýsingar gefur Hrefna Sigurðardóttir í síma 551-4478. Netfang:hrefnas@styrktarfelag.is,

Einnig veitir starfsmannastjóri upplýsingar í síma 4140500 og hægt er að nálgast upplýsingar um félagið á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is

Ofangreind störf taka laun eftir gildandi kjarasamningum.

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.styrktarfelag.is

Ofangreind störf taka laun eftir gildandi kjarasamningum.

## TILKYNNINGAR

# Gjöf Jóns Sigurðssonar

Í reglum frá árinu 1881 um Gjöf Jóns Sigurðssonar er kveðið á um að fé úr sjóðnum megi veita „1. til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, 2. til að styrkja útgáfur slíkra rita annars kostar og 3. til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita." Enn fremur segir: „Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum." Á árinu 1974 var bætt við ákvæði þess efnis „að þegar sérstök ástæða þyki til, megi verja fé til viðurkenningar á viðfangsefnum og störfum höfunda, sem hafa vísindarit í smíðum."

Umsækjendur um verðlaun úr sjóðnum skulu senda nefndinni þrjú eintök þeirra rita er þeir óska að tekin verði til álita. Miðað er við rit, gefin út eftir síðustu úthlutun úr sjóðnum. Æskilegt er að þeim fylgi umsögn viðurkenndra fræðimanna, sérfróðra um efnið.

Framangreind gögn skulu send forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu, 150 Reykjavík, merkt verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar, fyrir 1. september næstkomandi.

**Reykjavík, 17. júní 2008**

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar
Jón G. Friðjónsson
Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Ragnheiður Sigurjónsdóttir

Auglýsingasími 512 5050

HÚSAVÍK
FASTEIGNASALA

Borgartúni 29 | 105 Reykjavík | Sími: 510 3800 | Fax: 510 3801
husavik@husavik.net | www.husavik.net


**Elías Haraldsson**
Lögg. fasteignasali


**Reynir Björnsson**
Lögg. fasteignasali


**Sólveig Regína Biard**
Ritari


**Bryndís G. Knútsdóttir**


**Inga Dóra Kristjánsdóttir**
Sölufulltrúi



**2ja herb. - Hamrahlíð - Útsýni.** Góð 35,5 fm 2ja herb. íb. í fallegu steinhúsi. Stórar svalir til suðurs með glæsilegu útsýni. **Verð 13,9**

**4ra til 5 herb- Álfheimar - Gott hús.** Mjög björt og skemmtileg 103,8 fm 4ra herb. íbúð á 4 hæð (efstu) í fallegu fjölbýli. **Verð 24,9 millj.**

**Sérbýli - 4ra til 5 herb. Gnoðavogur - Sér hæð.** Falleg 160 fm 5 herb. neðri sérhæð í góðu fjórbýli með 29 fm bílskúr (íbúð er 131 og bílskúr 29 fm). **Verð 36,7 millj.**

**Sérbýli - Fagrihjalli - Tvær íbúðir.** Fallegt ca 330 fm einb. m. tvöfaldan bílskúr og 68 fm 2ja herb. auka íbúð m. sér inng. Möguleiki er að opna á milli eigna. **Tilboð**

**Sérbýli - Blómvellir** - Frábært fjölskylduhús. Fallegt 275 fm fullbúið einb. m. innb. bílskúr. Vandaðar innr. og gólfefn. Stórar verandir m. heitum potti.

**Byggingalóð - Skildinganes, Skerjafjörður.** Um er að ræða 443 fm eignarlóð. Nýtingarhlutfall þessarar lóðar er 0,4 eða ca. 177,2 fm til byggingar á einbýlishúsi. Einstakt tækifæri !



**3ja herb. - Langholtsvegur.** Björt og snyrtileg 2ja herb. ca 74 fm íb. á jarðh. Íbúðin er á rólegum stað og hefur verið mikið endurnýjuð að innan, t.d. eldhús, baðh., gólfefni, gler og gluggar. Þvottahús á hæðinni. **Verð 18,9 millj.**

**4ra til 5 herb. Vesturbær - Laus.** Glæsileg 4-5 herb. 113.1 fm íbúð/hæð á frábærum stað í vesturbænum, innst í lokaðri götu. Íbúðin er sérlega björt, með sjávarútsýni, vel skipulögð með vönduð gólfefni og innréttingar. **Verð 35,5 millj.**

**2ja herb. - Langholtsvegur - Sér inng**. Rúmgóð 3-4ra herb. íbúð á jarðh. m. sér inng. Björt stofa, eldhús endurnýjað að hluta og tvö góð svefnherbergi. Tvær geymslur fylgja eigninni og er möguleiki að nota aðra sem herbergi með glugga. **Verð 24,5 millj.**

**2ja herb. - Fálkagata.** Glæsilegt og ný endurn. 2ja herb. 55,4 fm einbýlishús. Eignin skiptist í anddyri, svefnh., baðh. m. tengi f. þvottavél, geymslu, eldhús og stofu með tvöfaldri vængjahurð út í garð. Laust. **Verð 22,9 millj.**

**2ja herb. Grænahlíð** - Kósý Nett 31,5 fm 2ja herb. kj.íbúð á vinsælum stað. Gott herb., flísalagt bað m/sturtu (endurn.2002), eldhúsinnr. og bjartur gluggi í alrými. Nýtt parket. **Verð 12,0 millj.**

**4ra til 5 herb. - Flúðasel** - Aukaherbergi. Rúmgóð og vel skipul. 4ra herb. 101,4 fm íb. á 2. hæð ásamt aukah. í sameign. Sér merkt bílastæði fylgir. Þrjú svefnh., sjónvarpshol og björt stofa m. útg. út á svalir **Verð 23,5 millj.**



**Sérbýli - Beykihlíð - Tvö sérstæð hús.** Um er að ræða mjög skemmtilega og sérstaka eign sem samanstendur að tveimur sérstæðum íbúðarhúsum á sömu lóð. **Verðtilboð.**

**4ra til 5 herb. - Vindás - Bílskýli. Vel skipul.** 4ra herb. 85,2 fm íb. á 2. h. Rúmg. svalir til suðvest. og þrjú svefnherbergi. Barnvænt umh. þar sem skóli, leikskóli og ýmis önnur þjónusta er í göngufæri. **Verð 24,9 millj.**

**4ra til 5 herb. - Hverfisgata - Auka-h.** Björt og góð 3-4ra herbergja 89 fm íbúð á 2. hæð með aukaherbergi í kjallara með útleigumöguleika. Eignin skiptist í forstofu/hol, bjarta stofu, eldhús, baðherbergi og tvö stór svefnherbergi.

**Sérbýli - Faxahvarf.** Stórgl. 281 fm einb. á tvei-mur h. með innb. bílskúr á frábærum útsýnisstað. Möguleiki á að kaupa í núverandi ástandi. Lyklar á skrifstofu. **Verð 69,9 millj.**

**Sérbýli - Garðabær** - 66 fm bílskúr Stórglæsilegt 296,3 fm einbýlishús á tveimur pöllum þar með talinn 66,5 fm bílskúr í lokaðri götu á vinsælum stað í Garðabæ. **Verð 75,0 millj.**

**Byggingalóð Byggingalóðir.** Erum með nokkrar lóðir undir einbýli, raðhús og atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu **Húsavíkur fasteignasölu.**



**Sérbýli - Kleifarsel.** Fallegt 192 fm parhús m. rúmg. bílskúr. Húsið er vel skipulagt m. fallegri gluggasetningu, rúmg. svölum til suðurs og verönd m. skjólv. Á sameiginlegu svæði er frábært leiksvæði fyrir börnin og skóli er í göngufæri. **Verð 44,3 millj.**

**3ja herb. - Háagerði** - Risíbúð Falleg og kósý 59,4 fm 3ja herb. risíbúð. Gott lán ca 9,6 millj. m/4,15% vxt. getur fylgt. Eldhús m/útsýni. Falleg stofa og borðst. m/svölum. Ljóst parket á gólfum. Flísal. baðherb. Geymsluris. Rafmagn endurn. og vatnsl. að hluta. **Verð 19,5 millj.**

**Sérbýli - Smárarimi.** Frábærlega skipul. 172 fm einb. á einni hæð m. innb. bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, fjögur svefnh., sjónvarpsh., baðh., þvottahús og bílskúr. Parket á gólfum en flísar á forstofu, Góður sólpallur með skjólveggjum. **Verð 59,5 millj.**

**Atvinnuhúsnæði Hlíðasmári.** - Leiga. Um er að ræða stórglæsilega ca 330 fm skrifstofuhæð á 4 hæð í fallegu nýju lyftuhúsi. ásamt ca.64 fm rými á jarðhæð. Glæsilegt útsýni og góðar suðvestur svalir.

**4ra til 5 herb. Ársalir - Útsýni.** Glæsileg 98,9 fm 3ja herb. íbúð m. fallegu útsýni í ál-klæddu lyftuhúsi. Náttúrust. og parket á gólfum. Stofa og borðstofa bjartar og baðh. fallega flísalagt. Þvottah. innnan íbúðar og svalir til suðurs með glerlokunum sem hægt er að opna að fullu. **Verð 26,5 millj.**

**3ja herb. - Dvergabakki - Bílskúr - Laus.** Mjög snyrtileg 72,5 fm 3ja herb. íbúð á 3 hæð (efstu) ásamt 19,2 fm bílskúr í fallegu fjölbýli. Eignin skiptist. Anddyri/hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa. Góðar suður svalir. Húsið í mjög góðu ástandi að utan. **Verð 18,8 millj.**



**2ja herb. - Hlíðahvammur Kóp.** Björt 72,5fm 3ja herb. íbúð í kj. m/sér inng. í 2ja íbúða húsi. Verið að ljúka viðgerðum á húsi og það verður málað í sumar. Íbúðin þarfnast lagfæringar. Stór og falleg lóð. Gott tækifæri fyrir laghenta. **Verð 17,7 millj.**

**4ra til 5 herb. - Fífulind - Frábær staður.** Glæsileg og björt 109,3fm 4ra herb. endaíb. Hús nýmálað. Stigagangur einnig nýmálaður og teppalagður. Parket á gólfum, gluggar á 3 vegu, þvottahús í íbúðar. Stutt í leikskóla og skóla. Áhv. lífeyrissj.lán ca 17,3 millj. sem hægt er að yfirtaka. **Verð 27,9 millj.**

**4ra til 5 herb. - Breiðavík - Bílskúr.** Falleg og rúmg. 5 herb. ca 150 fm íb. m. sér inng. m. 25 fm bílskúr. Íbúðin er fallega innréttuð 4 svefnh. og baðh. m. baðkari, sturtu og glugga. Þvottah. innan íbúðar og tveir útg. út á hellul. verönd. Stutt í alla þjónustu. **Verð 37,5 millj.**

**4ra til 5 herb. - Blásalir - Kóp Lækkað verð.** Glæsileg og rúmg. 4ra herb. 124 fm íbúð á 2. hæð (efstu) m. sér inng. ásamt 33 fm bílskúr. Fallega innréttuð íbúð með samst. innréttingum, auka baðh. inn af hjónah., bjartri og stórri stofu með mikilli lofthæð og tvenn-um svölum. **Verð 39,9 millj.**

**3ja herb. - Ársalir - Útsýni.** Glæsileg 98,9 fm 3ja herb. íbúð m. fallegu útsýni í ál-klæddu lyftuhúsi. Náttúrust. og parket á gólfum. Stofa og borðstofa bjartar og baðh. fallega flísalagt. Þvottah. innnan íbúðar og svalir til suðurs með glerlokunum sem hægt er að opna að fullu. **Verð 26,5 millj.**

**4ra til 5 herb. - Vindakór.** Gullfalleg 112,9 fm 4ra herb. 113 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi með sér inngangi af svölum. Íbúðin er fallega innréttuð með samstæðum innréttingum og parketi á gólfum. Baðherbergi flísalagt með baðkari og góðri innréttingu. Stofa og borðstofa bjartar með útgangi út á rúmgóðar suður svalir. **Verð 28,4 millj.**



**4ra til 5 herb. - Tröllakór - Bílskýli.** Glæsilega innr. og rúmg. 4ra herb. 113 fm enda íbúð á 2. hæð m. sér inng. af svölum. Þvottah innan íbúðar og útg. út á stórar s. svalir. Fallegt parket á gólfum og baðh. m. baðkari, sturtukl. og gl. **Verð 30,5 millj.**

**Atvinnuhúsnæði Steinhella - Hf.** Nýtt og glæsilegt 210,2 fm atvinnuhúsnæðisbil með tvennum innkeyrsludyrum þannig að hægt er að keyra í gegn. Staðsteypt og vandað húsnæði sem er mjög vel staðsett innan hverfis. Möguleiki á 85% láni. **Verð 32,7 millj.**

**Sérbýli - Kirkjubrekka - Álftanes.** Glæsilegt 164 fm parhús m. innb. bílskúr. Vel skipul. á einni hæð m. gólfsí. gluggum og útgangi út úr stofu í suðurg.. Gert er ráð fyrir arinn og skilast húsið fullb. að utan og fokh. að innan. **Verð 33,4 millj.**

**Sérbýli - Furuás** - Stórkostlegt útsýni. Frábært 281 fm einb. m. innb. tvöf. bílskúr. Húsið er vel hannað m. gólfsíðum gluggum í stofum, mikilli lofthæð og stórum svölum. Eignin skilast fullbúin að utan og tæplega tilb. til innr. að innan. **Verð 59,5 millj.**

**4ra til 5 herb. - Vindakór - Nýtt.** Nýjar 120-130 fm 4ra herb. íb. tilb. til afh., fullbúnar án gólfefna m. flísal. baðh. og þvottah. sem er innan hverrar íbúðar. Stutt í sund, verslun, heilsugæslu, Íþróttaakademíuna ofl. **Verð frá 29,4 millj.**

**4ra til 5 herb. - Laufengi - Bílskýli.** Falleg 4ra herb. 93,5 fm íbúð. Nýlegt parket á gólfum, gott eldhús og björt stofa m. útg. út á suður svalir. Þrjú góð svefnh. og baðh. m. glugga og tengi fyrir þvottavél. Sér inng. frá svölum. Laus. **Verð 23,9 millj.**



**3ja herb. Grafarvogur - Sér inng.** Mjög glæsileg og rúmgóð 3ja herbergja 105,5 fm íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli með sér inngangi. Eignin er innréttuð á fallegan máta með parketi á gólfum. Baðherbergi með glugga. Stórar svalir til suðvesturs. Rúmgott þvottahús innan íbúðar sem gefur möguleika á að nýta geymsluna sem vinnuherbergi. **Verð 24,9 millj.**

**3ja herb. - Hagamelur - Risíbúð.** Frábærlega staðsett 3ja herbergja 55,5 fm ósamþ. risíbúð í mjög fallegu steinhúsi. Nýlega var húsið steinað að utan, gler og gluggar endurnýjaðir ásamt þaki. Íbúðin sjálf er parketl. m. fallegum kvistum og skiptist í hol, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, stofu og geymslu í risi. **Verð 16,9 millj.**

**2ja herb. - Hrísrimi - Bílskýli.** Snyrtileg 2-3ja herb. 75,5 fm íbúð á 3. hæð (efstu) í fallegu fjölb. Íbúðin skiptist í forst., tvö herbergi (annað m. glugga sem snýr að stofu, baðh. m. glugga og tengi fyrir þvottavél, eldhús, stofu og geymslu í sameign. Rúmgóðar svalir eru til suðvesturs. Parket og flísar á gólfum. Stórt stæði í bílskýli fylgir. Glæsilegt sjávar- og fjallasýn er úr eigninni. **Verð 22,9 millj.**

**2ja herb. - Andrésbrunnur.** Falleg og björt 70,5 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi. Parket á gólfum og þvottahús innan íbúðar. Björt stofa með útgangi út á rúmgóðar suðursvalir. Fallegar eikarinnréttingar. Sameign er snyrtileg með sér geymslu og sameiginlegri hjóla-, vagna- og dekkjageymslu. **Verð 20,9 millj.**

**Borgartún - Leiga.** Til leigu í Borgartúni annars vegar bjart og skemmtilegt 665 fm á jarðhæð með mikilli lofthæð, gólfsíðum gluggum og góðu aðgengi, og hins vegar glæsilega innréttað og vandað ca 350 fm skrifstofuhúsnæði á 4. hæð í sama húsnæði. Húsnæðið er frábærlega staðsett við sjávarsíðuna við eina af mestu umferðaæð höfuðborgarsvæðisins í þessu ört vaxandi viðskipahverfi borgarinnar. Falleg fjalla- og sjávarsýn er úr eigninni.

**Sérbýli Frakkastígur- Laust.** Frábærlega vel staðsett eign miðsvæðis, tveggja hæða einbýli sem hægt er að skipta niður í tvíbýli. Húsið er skráð samtals 129,1 fm, er tvær hæðir með tveimur inngöngum, annar frá götu og hinn frá garðinum, sem auðveldar skiptingu hússins. **Verð tilboð. Möguleiki á eignaskiptum.**

**HÚSAVÍK FASTEIGASALA • BORGARTÚNI 29 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 510 3800 • FAX 510 3801 • HUSAVIK@HUSAVIK.NET • WWW.HUSAVIK.NET**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Guðrún Ágústsdóttir**

frá Æðey,

lést föstudaginn 13. júní á líknardeild LSH í Kópavogi. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Reynir Heide**
**Birgitte Heide**
**Nína Heide.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ingibjörg Þ. Guðbjörnsdóttir**

Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést þann 12. júní á LHS Fossvogi. Útförin verður gerð frá Áskirkju þann 23. júní kl. 15.00.

**F.h. annarra vandamanna**

**Guðbjörn Sigvaldason** **Jónína M. Árnadóttir**
**Kristján Jóhann Sigvaldason**
**Silja Hlín Guðbjörnsdóttir**
**Gísli Freyr Guðbjörnsson**



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingibjörg Jónsdóttir**

áður til heimilis að Strandgötu 45, Eskifirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að kvöldi fimmtudagsins 12. júní.

**Greta J. Ingólfsdóttir**
**Friðný Ingólfsdóttir**
**Auður Ingólfsdóttir** **Bragi Michaelsson**
**Ingólfur Friðgeirsson** **Svanhildur Sveinbjörnsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Lilja Guðlaugsdóttir**

áður til heimilis á Garðarsbraut 36, Húsavík,

lést á Landspítala Fossvogi 6. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Elín Björk Hartmannsdóttir**
**Már Eyfjörð Höskuldsson**
**Hildur Hauksdóttir**
**Erna Hauksdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær stjúpmóðir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,*

**Kristveig Jónsdóttir,**

Hólmgarði 15, áður Bakka á Kópaskeri,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarþjónustuna Karitas.

**Árni Hrafn Árnason** **Hlín P. Wíum**
**Gunnar Árnason** **Sólveig Jóhannesdóttir**
**Ástfríður Árnadóttir** **Þorsteinn Helgason**
**Einar Árnason** **Ragnheiður Friðgeirsdóttir**
**Jón Árnason** **Metta Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og tengdadóttir,*

**Jónína Björg Guðmundsdóttir**

Álakvísl 10, Reykjavík,

lést föstudaginn 13. júní á krabbameinsdeild LSH.

**Hnikarr Antonsson**
**Ýr Hnikarsdóttir** **Arnar Már Bergmann**
**Arnór Hnikarsson** **Anna Kristín Höskuldsdóttir**
**Rebekka Hnikarsdóttir**
**Hnikarr Örn Arnarson Bergmann**
**Guðmundur S. Magnússon** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Jóhanna Guðjónsdóttir**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingvar Gunnlaugsson**

frá Gjábakka, Vestmannaeyjum,
Heimahaga 12, Selfossi,

lést sunnudaginn 15. júní á Sjúkrahúsinu á Selfossi.

**Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir**
**Elísabet Ingvarsdóttir** **Guðmundur Þórarinn Óskarsson**
**Guðmundur Kristinn Ingvarsson** **Elínborg Gunnarsdóttir**
**Þröstur Ingvarsson** **Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir**
**Svanur Ingvarsson** **María Óladóttir**
**Þuríður Ingvarsdóttir** **Einar Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg systir mín og frænka okkar,*

**Hanna Ólöf Guðmundsdóttir**

Gullsmára 9, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 12. júní. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 23. júní klukkan 13.

**Kristín Guðmundsdóttir og systkinabörn.**



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Hönnu Ragnarsdóttur**

Sóltúni 11,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, 28. maí sl. Innilegar þakkir til allra sem önnuðust hana í langvinnum veikindum. Sérstakar þakkir til Sigurðar Björnssonar yfirlæknis, hjúkrunarþjónustunnar Karitas og alls starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

**Guðmundur Einarsson**
**Kristín Guðmundsdóttir** **Vignir Einar Thoroddsen**
**Ásdís Guðmundsdóttir** **Þórarinn V. Þórarinsson**
**Árni Guðmundsson** **Hrönn Stefánsdóttir**
**Hanna Kristín Thoroddsen** **Mark Van Daalen**
**Arndís Þórarinsdóttir** **Haukur Þorgeirsson**
**Hildur Þórarinsdóttir** **Trausti Þorgeirsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Einarsdóttir**

Hagamel 23,

lést á Grund aðfaranótt laugardagsins 14. júní.

**Einar Júlíusson** **Valfríður Gísladóttir**
**Sigríður Júlíusdóttir** **Rögnvaldur Ólafsson**
**Jón Júlíusson** **Jónína Zophoníasdóttir**
**Áslaug Júlíusdóttir**
**Björn Júlíusson** **Rannveig Einarsdóttir**

**KEN LIVINGSTONE ER 63 ÁRA**

*„Ef kosningar skiptu máli, væri búið að leggja þær niður."*

***Ken Livingstone er breskur stjórnmálamaður og fyrrverandi borgarstjóri í London.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BORÐAÐ BLINDANDI** Bergvin Oddsson, tómstundaráðgjafi Ungblind, hefur unnið að hagsmunabaráttu blindra- og sjónskertra og gaf nýlega út fyrstu skáldsögu sína Allt fer úrskeiðis. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

UNGBLIND: BÝÐUR Í BLINT KAFFI

## Súpa og brauð í svartamyrkri

Blint kaffihús opnar í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17 í dag. Hópur ungs fólks í Ungblind, ungmennadeild Blindrafélagsins, mun starfrækja kaffihúsið í samstarfi við Hitt húsið í sumar. Kaffihúsið verður algerlega myrkvað og geta gestir sest þar niður og fengið sér mat eða kaffi og meðlæti í svartamyrkri.

„Við höfðum áður prófað þetta einn og einn dag en núna er meiningin að starfrækja kaffihúsið í mánuð og má segja að við séum að renna svolítið blint í sjóinn með þetta," segir Bergvin Oddsson, tómstundafulltrúi Ungblind, og hlær.

Á kaffihúsinu munu fimm ungmenni úr Ungblind, á aldrinum 17-22 ára, ýmist þjóna eða elda. „Við verðum með tvo leiðbeinendur frá Hinu húsinu sem verða okkar augu. Þeir verða í eldhúsinu ásamt tveimur sjónskertum ungmennum en síðan þjóna þrjú alblind ungmenni til borðs," útskýrir Bergvin. Boðið verður upp á súpu og brauð í hádeginu og kaffi, kökur og bakkelsi í kaffinu. Súpan og kakan verða búnar til á staðnum en Orkan styrkir kaffihúsið um bakkelsi og brauð.

Spurður hvort kaffihúsið sé undir áhrifum frá erlendum almyrkvuðum veitingastöðum segir Bergvin hugmyndina eflaust upphaflega komna frá þeim. „Við höfðum heyrt um blinda veitingastaði í Berlín, París og London en ekkert okkar hefur sótt þá heim," segir Bergvin.

Hann hvetur sem flesta til að líta inn og bragða súpu eða bakkelsi í myrkrinu enda segir hann bragð, lykt og heyrn eflast til muna. „Þetta er alveg ný upplifun fyrir sjáandi fólk og er vaninn að það fari að hvísla um leið og það kemur inn. Þegar augun eru svo farin að venjast myrkrinu fer fólk að sjá útlínur og þá er hægt að gera sér í hugarlund hvernig það er að vera sjónskertur," lýsir Bergvin. Hann segir að þegar sé búið að taka við pöntunum frá hópum og fyrirtækjum sem vilja prófa að borða hádegismat í svartamyrkri. Kaffihúsið verður opið frá 11-18 í dag en annars frá 11-15 virka daga og 12-16 laugardaga, næstu fjórar vikurnar.

**vera@frettabladid.is**



**55 ára afmæli**

Kæru vinir og ættingjar.
Nú eru fimm ár síðan við hittumst og gengum saman í Heiðmörk á fimmtugsafmæli mínu. Nú er komin tími til að endurtaka leikinn. Vonast til að sjá sem flesta á sama stað í Heiðmörk á morgun, miðvikudaginn 18. júní 2008 kl. 18. Kökur og heitt súkkulaði eftir gönguna.

Hlakka til að sjá ykkur.

**Margrét Árnadóttir**

(Magga meiriháttar).

SPORT 2

**Frábær samantektarþáttur** í kvöld kl. 21:00

# EM 442




# Í KVÖLD KL. 21:30

Stórkostlegir heimildaþættir um 10 bestu
knattspyrnumenn Íslands fyrr og síðar.
Öll þriðjudagskvöld í sumar.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




## STUÐ MILLI STRÍÐA Listin að vera pabbi

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** VELTIR FYRIR SÉR ÓLÍKUM HLUTSKIPTUM



Feður hafa í gegnum tíðina haft ólík hlutskipti í barnseignum. Þegar maðurinn var að stíga sín fyrstu skref á jörðinni horfði hann helst til þeirra sem voru líkir honum. Apanna í trjánum. Þar eru það apaynjurnar sem sjá alfarið um uppeldið og feðurnir húka eiginlega bara úti í horni, felmtri slegnir yfir því að þarna skuli vera kominn hugsanlegur keppinautur um hjörðina.

Ekki eru til neinar heimildir um að pabbar til forna hafi reynt að leggja stein í götu sona sinna en aftur á móti er vitað að synirnir voru stundum sendir út af örkinni í hættuleg verkefni. Eins og til dæmis að veiða hættuleg dýr. Slíkt var oft kallað „manndómsvígsla“.

Þegar fram liðu stundir og siðmenningin af einhverju tagi tók völdin fóru pabbar að vera fremur stoltur yfir erfingjum sínum. Svo lengi sem þeir voru strákar. Ef í ljós kom að eiginkonan gat ekki eignast son var henni oft kastað á dyr eða sett með hinum konunum í kvennabúrið. Enda voru engir Kárar til á þeim tíma sem hefðu getað leyst vandamálið með einfaldri genarannsókn. Stúlkubörnin voru síðan bara notuð sem skiptimynt til að bæta sambandið við erkióvini eða styrkja vináttuna við gamla vini. Engu skipti ef aldursmunurinn var meiri en fjörutíu ár, hvað var jú ein dóttir milli vina.

Og ekki eru margir áratugir síðan karlar voru álitnir aðskotahlutir á fæðingardeildum. Til voru sérstök „reykherbergi“ á sjúkrahúsum þar sem karlarnir biðu, reyktu vindil og drukku koníak og leystu heimsvandamálin á örskotsstundu.

En ekki í dag. Því núna eru til margra síðna bæklingar um hlutverk feðra á meðgöngu, útskýringar á því hvernig þeim líður yfir meðgönguna og lausnir við öllum þeirra vanda. Í dag eru pabbar ekki bara einhver blindfull fól eða valdasjúkar karlrembur. Í dag ganga pabbarnir með.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












# Glerlykilinn til Svíþjóðar

Tilkynnt var um handhafa Norrænu glæpasagnaverðlaunanna Glerlykilsins 2008 nýverið. Komu þau að þessu sinni í hlut Svíans sáluga Stiegs Larsson fyrir hinn magnaða krimma Luftslottet som sprängdes. Larsson fékk einnig Glerlykilinn árið 2006 fyrir bók sína Män som hatar kvinnor. Larsson lést árið 2004, skömmu áður en fyrsta glæpasagan hans kom út. Hann er annar tveggja höfunda sem unnið hafa Glerlykilinn í tvígang, en hinn er að sjálfsögðu Arnaldur Indriðason. Til stóð að Skipið, glæpasaga Stefáns Mána, tæki þátt í keppninni um Glerlykilinn í ár. Því miður náðist ekki að tryggja þýðingu á verkinu í tæka tíð og því var það ekki með að þessu sinni.



STIEG LARSSON

- vþ

# Ljós í myrkri

Nokkuð athyglisverð myndlistarsýning verður opnuð í Blindravinnustofunni, Hamrahlíð 17, á morgun kl. 12. Sýningin nefnist Ljós í myrkrinu og má á henni sjá verk eftir Halldór Dungal. Halldór stundaði nám við bæði Myndlistarskóla Reykjavíkur og Myndlistar- og handíðaskóla Íslands, en er í dag lögblindur. Hann leggur þó stund á málaralistina og má á sýningunni sjá þrjátíu málverk sem hann hefur nýlega unnið.

Halldór líkir vinnslu verka sinna við það að skjóta blindandi ör af boga. Hann málar verkin fyrst í huganum og getur þannig komið þeim frá sér á striga á örskotsstundu.

- vþ



GLJÚFUR Eitt af verkum Helgu Sigurðardóttur.

# Vatn í mörgum myndum

Helga Sigurðardóttir opnaði sýningu sína Bleikt og Blátt á Thorvaldsen Bar, Austurstræti 8, um helgina. Heiti sýningarinnar vísar í þá liti sem heilla mest og eru viðfangsefnin óhlutbundin, en undirliggjandi er hin magnþrungna íslenska náttúra, sem gefur innblástur og kraft og má í því samhengi sérstaklega nefna vatn í öllum sínum myndum. Jöklar, fossar, íshellar, jökulsprungur og sjórinn eru öll miklir áhrifavaldar á verkin. Helga vinnur bæði með olíu- og vatnsliti, blek og leir og málar á pappír, striga, ál og timbur. Sýningin stendur í átta vikur.

- vþ

# Handritamenning og prentvæðing

Bandaríski bókmenntafræðingurinn Margaret J. M. Ezell heldur opinn fyrirlestur á vegum ReykjavíkurAkademíunnar að Hringbraut 121 á morgun kl. 16.15. Fyrirlesturinn fjallar um rannsóknir á handritamenningu og stöðu hennar á tímum prentvæðingar. Ezell er prófessor í enskum bókmenntum við Texas A&M University í Bandaríkjunum. Hún hefur undanfarna tvo áratugi verið í framvarðasveit þeirra fræðimanna sem rannsakað hafa hlutverk og virkni handritamenningar eftir tilkomu prenttækni Gutenbergs. Ezell hefur meðal annars lagt áherslu á endurskoðun bókmenntasögu kvenna fyrir atbeina handritarannsókna síðari alda og veitt nýja sýn á höfundarhugtakið í ljósi handritaðrar miðlunar á árnýöld. Rannsóknir og kenningar Margaret Ezell eru einkar áhugaverðar fyrir íslenska fræðimenn í ljósi þess að miðlun og neysla bókmennta hérlendis fór að mestu leyti fram á vettvangi handritamenningar fram undir aldamótin 1900. Það er því mikill fengur og heiður fyrir ReykjavíkurAkademíuna að fá fræðimann í fremstu röð á því vaxandi sviði bókmennta og menningarsögu sem handritarannsóknir síðari alda eru til að kynna rannsóknir sínar og hugmyndir.

Áður en Ezell tekur til máls mun Davíð Ólafsson, doktorsnemi í sagnfræði, kynna hana og verk hennar. Davíð leggur um þessar mundir lokahönd á doktorsritgerð um Sighvat Grímsson Borgfirðing, ritstörf hans og íslenska handritamenningu á 19. öld í samhengi alþjóðlegra rannsókna.

Að loknum fyrirlestri Ezell og umræðum mun Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar, fjalla um fræðimanninn, skáldið og skrifarann Gísla Konráðsson og kynna nýja rannsóknarstofnun innan ReykjavíkurAkademíunnar, Stofnun Gísla Konráðssonar í handritarannsóknum síðari alda, sem verður einmitt stofnsett á morgun.



HANDRIT Handritamenning á sér vissan stað í sögu íslensku þjóðarinnar.

- vþ



## > BARN Í MYRKRI

Hjónin Gavin Rossdale og Gwen Stefani bíða nú komu annars barns þeirra í heiminn. Þau hafa ekki fengið að vita hvers kyns barnið er, en það kemur ekki að sök við innréttingu barnaherbergis: hjónin hafa málað það svart. „Barnið verður „goth“ svo það skiptir ekki máli hvors kyns það verður,“ segir Rossdale.



**Fólk**
folk@frettabladid.is

# Keppinautar sameinast

Eins og fram hefur komið mun Skjár einn efna til söfnunarátaks til styktar Krabbameinsfélaginu og senda út skemmtiþátt í beinni útsendingu föstudaginn 20. júní. Skipuleggjendur, þátttakendur og starfsmenn þáttarins verða svo til eingöngu konur og munu fjölmargar landsþekktar konur leggja sitt af mörkum. Merkilegt þykir að þar á meðal verða sjónvarpsstjórnur af öðrum stöðvum og hafa þær Svanhildur Hólm, Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Kolfinna Baldvinsdóttir og Nadía Banine staðfest þátttöku sína.

Dagskráin hefst klukkan níu og mun ágóði söfnunarinnar renna óskertur til átaksins „Á allra vörum,“ sem hefur það að markmiði að leggja Krabbameinsfélagi Íslands lið við að kaupa ný tæki sem greina brjóstakrabbamein á frumstigi.





**ALLAR SJÓNVARPSSTÖÐVARNAR Í SKÓGINUM ERU GÓÐIR VINIR** Sjónvarpsstjörnur af RÚV, Stöð 2, ÍNN og Skjá einum munu sameinast til að styrkja Krabbameinsfélagið.



**STÓRTÆKIR** Ultra Mega Techno Bandið Stefán hugsar stórt og hefur leigt sér flugvél.

# Kynna sig með flugvélaborða

Hljómsveitin með langa nafnið, Ultra Mega Techno Bandið Stefán, er þekkt fyrir að ótroðnar slóðir í kynningu á efni frá sér. Á morgun ættu höfuðborgarbúar að horfa til himins því hljómsveitin hyggst nota loftin blá til að kynna væntanlega plötu. Hljómsveitin er nefnilega búin að leigja sér flugvél sem á að fljúga með borða yfir miðborg Reykjavíkur milli klukkan tvö og fjögur til að hita aðeins upp fyrir væntanlega útgáfu. „Ég ætla ekki að gefa upp hvað þetta kostar en þetta er tiltölulega ódýrara en að kaupa sér heilsíðuauglýsingu í einhverjum prentmiðli,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason, söngvari hljómsveitarinnar.

Hann bætir því við að hljómsveitin hafi alltaf verið stórtæk frá upphafi og hljómsveitarmeðlimirnir þrífist á því að hugsa stórt. „Við ætlum okkur að brjóta blað í sögu íslenskra hljómsveita,“ segir Sigurður.

Hann bætir því við að platan sem þarna verður auglýst sé hins vegar ekki alveg tilbúin. Þeir vilji hins vegar halda aðdáendum sínum á tánum. „Við erum að vanda okkur mjög mikið og þetta verður eitt heilsteyptasta verk sem fólk hefur heyrt í langan tíma,“ lýsir Sigurður yfir, án þess að hika. - fgg

# Grapevine-gleði í Viðey

**Tímaritið Reykjavík Grapevine fagnaði fimm ára afmæli sínu með teiti í Viðey síðastliðið föstudagskvöld. Þangað lögðu leið sín skemmtanaþyrstir gestir sem settu eins og eina bátsferð ekki fyrir sig – þótt sumir hafi mætt á þyrlu.**





FRÉTTABLAÐIÐ/VIKTOR ÖRN

## VIÐRAR VEL TIL VEISLUHALDA

Veðurguðirnir gerðu vel við Grapevine-gesti í Viðey á föstudagskvöldið, en skemmtihald var reyndar í höndum hljómsveitarinnar Dáðadrengja, sem gerðu sér lítið fyrir og mættu á þyrlu. Fólk fagnaði fimm ára afmæli blaðsins ýmist úti í lautu eða inni í húsi, en það var ekki annað að sjá en að allir hefðu skemmt sér vel. Á meðal gesta voru tónlistarkonan **Bryndís Jakobsdóttir** og **Krummi**, leikarinn **Arnmundur Ernst Björnsson**, hönnuðirnir **Brynhildur Pálsdóttir** og **Guðfinna Mjöll** og tónlistarkonan **Mr. Silla.**






Í tilefni þjóðhátíðardags ætlar amma okkar að bjóða öllum Íslendingum upp á vöfflur í dag. Verið velkomin!






Moods of Norway hefur dansað trylltan dans á alþjóðlega tískudansgólfinu í rúmlega fjögur ár og er hugsjónin á bakvið fatahönnunina enn sú sama þrátt fyrir að olíuverðið í Noregi sé jafn sveigjanlegt og búlgörsk fimleikamanneskja eftir 14 tekíla skot. Okkar markmið er að gera þig hamingjusama/n í hamingjusömum fötum.

moods OF NORWAY

Hverfisgötu 37 // 101 // Reykjavík




# Dagskrá 17. júní 2008 í Reykjavík

**Kl. 09.55**
**Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík**

**Kl 10:00**
**Í kirkjugarðinum við Suðurgötu**
Forseti borgarstjórnar, Hanna Birna Kristjánsdóttir, leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar
Lúðrasveit Reykjavíkur leikur:
*Sjá roðann á hnjúkunum háu*
Stjórnandi: Lárus H Grímsson
Skátar standa heiðursvörð

**Kl 10:40**
**Hátíðardagskrá á Austurvelli**
Hátíðin sett: Kjartan Magnússon, formaður Þjóðhátíðarnefndar, flytur ávarp
Karlakórinn Fóstbræður syngur:
*Yfir voru ættarlandi*
Stjórnandi: Árni Harðarson
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða Jóns Sigurðssonar
Karlakórinn Fóstbræður syngur þjóðsönginn
Ávarp forsætisráðherra, Geirs H. Haarde
Karlakórinn Fóstbræður syngur:
*Ísland ögrum skorið*
Ávarp fjallkonunnar
Lúðrasveit Reykjavíkur leikur:
*Ég vil elska mitt land*
Kynnir er Áslaug Skúladóttir og Ríkisútvarpið sendir dagskrána út í útvarpi og sjónvarpi

**Kl. 11:20**
**Guðsþjónusta í Dómkirkjunni**
Séra Þorvaldur Víðisson prédikar
Dómkórinn syngur
Einsöngvari er Hallveig Rúnarsdóttir

**Kl. 13 – 17**
**Hljómskálagarður**
Í Hljómskálagarði verður Skátaland með leiktæki, þrautabrautir og fleira
Sirkusskóli Wally kennir sirkus-kúnstir
Iss piss trúðarnir
Jón Víðis töframaður
Dívurnar Díana og Didda taka myndir af gestum
Fallhlífaklúbbur Reykjavíkur sýnir fallhlífastökk kl. 16
Ókeypis er í leiktækin í garðinum

**Kl. 13 – 16**
**Akstur fornbíla og sýning**
Hópakstur Fornbílaklúbbsins og sýning á Miðbakka
Hópakstur Krúsers og sýning á Skothúsvegi

**Skrúðgöngur**
**Kl. 13:40**
Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg að Ingólfstorgi.
Lúðrasveitin Svanur leikur og Götuleikhúsið tekur þátt
**Kl. 13:45**
Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð.
Lúðrasveit verkalýðsins leikur

**Kl. 14**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli**
Hamrahlíðarkórinn
Óskin. *Atriði frá Einleikhúsinu*
Skoppa og Skrítla
Gosi. *Atriði frá Borgarleikhúsinu*
Klassíski listdansskólinn
Karímarímambó! *Barna- og fjölskyldutónlist*
Landið vifra. *Atriði frá Möguleikhúsinu*
Skilaboðaskjóðan.
*Atriði frá Þjóðleikhúsinu*
Ljón og mýs. *Leikhópurinn Perlan*
Trúðurinn Wally og félagar
Danslistarskóli JSB
Ástin er diskó, lífið er pönk.
*Atriði frá Þjóðleikhúsinu*
Eurobandið, *Friðrik Ómar og Regína Ósk*
Jói G og Atli Þór kynna dagskrána

**Kl. 14 og 14:30**
**Brúðubíllinn í Hljómskálagarði**
Hókus pókus

**Kl. 14 - 17**
**Dagskrá í Hallargarði**
Tóti trúður
Fimleikadeild Ármanns sýnir fimleika
Skylmingafélag Reykjavíkur sýnir skylmingar
Kínversk kung fu-sýning
Aikido-sýning
Sumargrín ÍTR
Spákonur í garðhýsinu

**Kl. 14**
**Danssýning á Ingólfstorgi**
Lúðrasveitin Svanur leikur fyrir sýninguna
Klassíski listdansskólinn
Kramhúsið
Danslistarskóli JSB
Romani Dance Studio
Drop the Pressure
Ice on Fire
Blackout
Bboyizm
HVIK
Tælenskur söngur og dans
Magadanshúsið
Capoeira Pontapé
SalsaIceland
Komið og dansið

**Kl. 14**
**Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur**
Sverrir Norland, hirðskáld Hins hússins
Hamrahlíðarkórinn
Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari
Sólveig Thoroddsen hörpuleikari
Tríó Glingur
Djasshljómsveitin Reimar
Tríó Vadim Fedorov

**Kl. 14**
**Uppákomur víðsvegar um Miðbæinn**
Danshópurinn Hnoð sýnir í Lækjargötu og Bankastræti
Sólskoðun Stjörnuskoðunarfélagsins á Austurvelli
Fjöllistamaðurinn Truly Odd leikur listir sínar
Fjölþjóðlegt Hafnarstræti. Kynning á AUS og framandi menningu

**Kl. 14 - 23**
**Skapandi sumarhópar Hins Hússins**
Götuleikhúsið sýnir í Austurstræti, á Austurvelli og við tjörnina
Myndlistartvíeykið Flýjandi með gjörning í Banka- og Austurstræti
Reykjavík Looks með tískusýningu á Austurvelli
Blómstrun Sub Rósu með innsetningu í glugga Sævars Karls
Stígis verður á flakki með leynilegar uppákomur
Hirðskáldið, Flutter, Únettinn Harpa, Reimar og Tríó Glingur í Ráðhúsinu
Reimar og Skver kvartettinn í Lækjargötunni
Stórtónlekar Galerí Ibiza Bunker á kaffi Babalú kl. 20

**Kl. 14**
**Skákmót á Útitafli**
Lýðveldisskákmót Hróksins á útitaflinu við Lækjargötu

**Kl. 14**
**Kraftakeppni við Ráðhúsið**
Trukkadráttur í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

**Kl. 15**
**Tónleikar í Lækjargötu**
Gæðablóð
Tepokinn
Blikandi stjörnur
Hraun
Margrét Guðrúnardóttir og bandið hans pabba
Reimar
Skver kvartettinn
Kristín

**Kl. 15**
**17. júnímót í siglingum**
Siglingamót Brokeyjar á sundinu fyrir utan Sæbrautina

**Kl. 16:30**
**Leiksýning í Hljómskálagarði**
Leikhópurinn Lotta sýnir Galdrakarlinn frá Oz vestan tjarnarinnar. Miðaverð er 1500 kr. fyrir fullorðna en 1000 kr. fyrir börn

**Kl. 17**
**Dansleikur á Ingólfstorgi**
Komið og dansið

**Kl. 19**
**Gospel-tónleikar í Lækjargötu**
Sigurður Ingimarsson
Jack London
Constella

**Kl. 19:30**
**Tónleikar á Arnarhóli**
Blæti
Hinir
Happy Funerals
Óskar Axel og Karen Páls
Múgsefjun
Nýdönsk
Eyþór Ingi
Hinn íslenski þursaflokkur
Hjaltalín
Agent Fresco

**Kl. 20**
**Harmónikuball í Ráðhúsi**
Léttsveit Harmónikufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

**Kl. 20**
**Dansleikur á Ingólfstorgi**
Bermuda
Ingó og Veðurguðirnir
Hara syngja Abba
Milljónamæringarnir, Ragnar Bjarnason borgarlistamaður og Bogomil Font

**Kl. 21**
**Hiphop-tónleikar í Lækjargötu**
Daníel Alvin og Addi Páw
Bíbí
Vivid Brain
Authentic
Poetrix
Dabbi T, MC Gauti og Erpur

**Kl. 23**
**Dagskrárlok**

*Skipulagt hátíðasvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis. Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina.*

**Týnd börn** *Upplýsingar í Hinu húsinu eða í síma 411 5500*

Hitt Húsið • Pósthússtræti 3-5 • 101 Reykjavík • Sími: 411 5500 • 17juni@hitthusid.is • 17juni.is

# Tólf fagmenn í símaskránni

Það virðist vera allur gangur á því hvort fólk titlar sig eftir starfi eða menntun í símaskránni. Í símaskrá ja.is eru til dæmis tólf einstaklingar titlaðir „fagmenn“ en hvert fag þeirra er látið liggja á milli hluta. Einn þeirra er Jón Ragnar Jónsson, 22 ára hagfræðinemi og knattspyrnumaður hjá Þrótti.

„Þetta var nú bara eitthvað sem ég ákvað að prófa. Ég held að það sé hægt að titla sig nánast hvað sem er og ég ákvað bara að gera þetta til að vera nettur,“ segir Jón Ragnar sem stundar nám við Boston University.

Margir eru titlaðir eftir sínu fyrrverandi starfi, eða alls 549 einstaklingar. Allt frá því að vera fyrrverandi talsímavörður, bréfberi og póstbifreiðarstjóri yfir í fyrrverandi ljónatemjara.

„Þetta hafði alltaf blundað í mér frá því að ég sá fyrstu ljónin í Sædýrasafninu. Þá tókst mér að teygja mig inn í búrið og klappa einu karldýrinu,“ segir Óðinn Snorrason, fyrrverandi ljónatemjari sem starfaði í dýragarði í Barcelona í um það bil tíu ár. „Maður þurfti ekki að fara í sérstakt nám heldur fyrst og fremst að hafa kjarkinn í þetta,“ segir Óðinn sem þurfti að láta af störfum eftir að hann lenti í alvarlegu reiðhjólaslysi fyrir ellefu árum. „Ég tví háls- og höfuðkúpubrotnaði í slysinu svo ég þurfti að hætta að vinna og er öryrki í dag, en þetta var góður tími á Spáni,“ segir Óðinn að lokum.



**FYRRVERANDI LJÓNATEMJARI** Óðinn Snorrason starfaði í tíu ár sem ljónatemjari í dýragarði í Barcelona.



**FAGMAÐUR** Jón Ragnar Jónsson nemur hagfræði við Boston University og spilar knattspyrnu með Þrótti.

# Blóðdropinn drýpur á föstudag

**Glæpasagnahöfundar eru nú milli vonar og ótta. Blóðdropinn verður afhentur á föstudaginn. Blóðdropinn er aðgöngumiði að Glerlyklinum.**

„Já, blóðdropinn hann drýpur á föstudaginn,“ segir Eiríkur Brynjólfsson, glæpaforingi og framhaldsskólakennari.

Á föstudag verður Blóðdropinn afhentur. En það er viðurkenning Hins íslenska glæpafélags fyrir bestu íslensku glæpasögu síðustu vertíðar. Afhending verður í bókabúðinni Eymundsson klukkan fimm. Eftir nokkru er að slægjast því handhafi Blóðdropans er jafnframt fulltrúi í keppninni um Glerlykilinn, sem veittur er bestu norrænu glæpasögunni. Síðast sigraði Stefán Máni með Skipinu en svo slysalega vildi til að ekki tókst að þýða bókina í tæka tíð þannig að íslendingar áttu enga von nú þegar Svíinn sálugi Stieg Larsson fékk lykilinn fyrir sinn magnaða krimma Luftslottet som sprängdes. Eiríkur segir að Blóðdropinn hafi verið afhentur að hausti en nú sé honum flýtt til að þetta megi ekki koma fyrir aftur. Þær bækur sem bárust í keppnina eru eftirfarandi: Harðskafi eftir Arnald Indriðason, Dauði trúðsins eftir Árna Þórarinsson, Hnífur Abrahams eftir Óttar Norðfjörð, Ógn eftir Þorstein Gunnarsson, Kalt blóð Þórunnar Erlu-Valdimarsdóttur, Englar dauðans eftir Þráin Bertelsson og Aska Yrsu Sigurðardóttur. Dómnefndina skipa þau Kristján Jóhann Jónsson, kennari við Kennaraháskólann, Anna Ingólfsdóttir þýðandi og Ingibjörg Rögnvaldsdóttir sem starfar á bókasafni Reykjavíkur.

Glæpasagnagerð hefur staðið með miklum blóma undanfarin ár hér á landi sem er alger viðsnúningur frá því sem var. Að sögn Eiríks koma nú að jafnaði út um átta glæpasögur en menn muna vel þegar ekki kom nema ein glæpasaga á Íslandi á tíu ára fresti og þá var skrifað undir dulnefni. Tilurð Glæpafélagsins var að auka glæpasagnagerð og koma Íslandi inn í keppnina um Glerlykilinn sem Arnaldur Indriðason hefur fengið tvisvar. „Markmiðinu er náð en fastir liðir starfsins eru Blóðdropinn, tilnefning til Glerlykils og að halda glæpakvöld í nóvember,“ segir Eiríkur.

jakob@frettabladid.is



**EIRÍKUR BRYNJÓLFSSON** Nú koma að jafnaði út átta glæpasögur á ári en menn muna þá tíð þegar það var kannski ein á tíu ára fresti og þá skrifuðu menn undir dulnefni.



**STEFÁN MÁNI** Sigraði í fyrra en átti því miður enga möguleika á Glerlyklinum - því ekki gafst svigrúm til að þýða Skipið og leggja það fram.

# Nýtt andlit Chanel

Emma Watson hefur landað tveggja ára samningi við Chanel upp á þrjár milljónir punda og mun Harry Potter-stjarnan því verða nýja andlit ilmvatnsins Coco Mademoiselle.

Ungstirnið hefur klæðst fatnaði frá tískufyrirtækinu við hin ýmsu tækifæri upp á síðkastið, en eftir að hún komst á samning hjá umboðsskrifstofunni Storm náðust samningar milli Emmu og Chanel. Heimildarmaður greindi frá því í viðtali við veftímaritið Femalefirst að Emma væri himinlifandi yfir samningnum.



**LANDAÐI SAMNINGI UPP Á ÞRJÁR MILLJÓNIR PUNDA** Hin 18 ára gamla leikkona Emma Watson landaði tveggja ára samningi við tískufyrirtækið Chanel.


SAMbio.is







ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| SPEED RACER | kl. 5:30 - 8:30 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 | 12 |
| NEVER BACK DOWN | kl.10:30 | 14 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8:30 - 10:30 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5:30 - 8:30 - 10 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 7 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 8 - 10:50 | 14 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PROM NIGHT | kl. 8 - 10 | 16 |
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 10:20 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 8 | 10 |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 10:20 | 12 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK DIGITAL | kl. 5.30 D - 8 D - 10.30 D | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK LÚXUS | kl. 5.30 D - 8 D - 10.30 D | |
| THE HAPPENING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE HAPPENING | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| ZOHAN | kl. 6 - 8.30 - 11 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| FLAWLESS | kl. 5.40 - 8 -10.20 | |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| 88 MINUTES | kl. 8 -10.20 | 16 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.40 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| ZOHAN | kl. 5.45 - 8 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 10.15 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.45 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE INCREDIBLE HULK - DIGITAL | kl. 2, 5, 8 og 10.15(P) | 12 |
| ZOHAN | kl. 5 og 8 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3, 6 og 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 og 10.15 | 12 |



Fiton/SÍA

# Fáðu ferskar íþróttafréttir á hverjum morgni



**Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.***

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttaúrslit dagsins liggja fyrir og *24 stundir* koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara *24 stundir* í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. **Fréttablaðið** er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttafréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

**Allt sem þú þarft – alla daga**



## > Nemanja Sovic í viðræðum við Stjörnuna

Nemanja Sovic, framherjinn snjalli sem spilaði með Breiðabliki í 1. deildinni í vetur og þar á undan með Fjölni við góðan orðstír í Iceland Express-deildinni, mun að öllum líkindum spila með Stjörnunni næsta vetur. Sovic er í viðræðum við Garðabæjarliðið og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ganga þær mjög vel. Stjörnuliðið sló í gegn á síðasta vetri og var aðeins hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina. Sovic er góður liðsstyrkur fyrir liðin en hann hefur skorað 22,1 stig að meðaltali í 69 leikjum í úrvalsdeild karla.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HANDBOLTALANDSLIÐIÐ Á ÓLYMPÍULEIKUNUM:** Í RIÐLI MEÐ HEIMS- OG EVRÓPUMEISTURUNUM

# *Dauðariðillinn er enginn óskadráttur*

Í gær var dregið í riðla fyrir handboltakeppni Ólympíuleikanna í Peking í sumar. Íslenska liðið er þar í afar erfiðum en spennandi riðli. Ísland er í B-riðli með Evrópumeisturum Dana, heimsmeisturum Þjóðverja, Rússlandi, Suður-Kóreu og Egyptalandi. Í A-riðli eru Pólverjar, Spánverjar, Frakkar, Króatar, Kínverjar og Brasilíumenn.

„Er þetta ekki dauðariðill, heitir þetta ekki það," sagði landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson glaðbeittur í gær. „Það er alveg ljóst að það eru slakari þjóðir í hinum riðlinum, eins og Brasilía og Kína, en það er ekki eitt slakt lið í okkar riðli. Ég get því alls ekki sagt að þetta sé óskadráttur. Þetta eru samt sem áður skemmtilegar þjóðir að mæta," sagði Guðmundur, sem var upptekinn þegar dregið var í gærmorgun og frétti hann um dráttinn eftir hádegið. Fjögur lið komast upp úr riðlinum, það sem vinnur A-riðil mætir liðinu í fjórða sæti í B-riðli og svo koll af kolli.

„Fyrsta skrefið er að komast áfram, við tökum bara eitt skref fyrir í einu," sagði Guðmundur, sem er að fara á sínu fjórðu leika. Hann þjálfaði liðið á síðustu leikum, í Aþenu árið 2004, og fór sem leikmaður til Los Angeles1984 og Seúl1988. „Já, það er töluvert," sagði Guðmundur, sem vonar að pólitíkin í kringum leikana í Kína verði ekki áberandi.

„Það er ólympíuhugsunin sem á að fá að lifa þarna og við einbeitum okkur bara að því að standa okkur á íþróttasviðinu, pólitíkin verður vonandi bara lögð til hliðar," sagði hann en þjóðir hafa meðal annars hótað að sniðganga leikana.



Guðmundur hefur ekki áhyggjur af því og er bersýnilega farinn að hlakka til sumarsins. „Ólympíuleikar eru engu líkir sem ég hef upplifað á íþróttaferlinum. Það er andinn sem svífur yfir vötnum og umfangið sem gerir þetta að stærsta íþróttaviðburði veraldar. Þeir eru byggðir upp á ákveðnum gildum og ákveðinni hugsjón sem færir þetta upp á annan stall," sagði Guðmundur, sem fær lítið frí í sumar en hann er þegar byrjaður að leggja grunn að skipulagi að undirbúningi fyrir leikana.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Landsbankadeild karla*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **7** | **6** | **0** | **1** | **19-11** | **18** |
| FH | 7 | 5 | 1 | 1 | 18-8 | 16 |
| **Fram** | **7** | **4** | **0** | **3** | **7-4** | **12** |
| Fjölnir | 8 | 4 | 0 | 4 | 9-8 | 12 |
| **Breiðablik** | **7** | **3** | **2** | **2** | **12-11** | **11** |
| Þróttur | 7 | 3 | 2 | 2 | 12-13 | 11 |
| **Valur** | **7** | **3** | **1** | **3** | **11-12** | **10** |
| KR | 7 | 3 | 0 | 4 | 12-11 | 9 |
| **Fylkir** | **8** | **3** | **0** | **5** | **10-15** | **9** |
| ÍA | 7 | 1 | 3 | 3 | 6-10 | 6 |
| **Grindavík** | **7** | **2** | **0** | **5** | **8-14** | **6** |
| HK | 7 | 1 | 1 | 5 | 8-15 | 4 |

### *Landsbankadeild kvenna*

Keflavík-Fjölnir 2-0
Karen Sævarsdóttir , Danka Podovac.
KR-HK/Víkingur 4-0
Fjóla Dröfn Friðriksdóttir 2, Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, Hrefna Huld Jóhannesdóttir.
Fylkir-Stjarnan 0-4
Björk Gunnarsdóttir 2, Inga Birna Friðjónsdóttir 2.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **7** | **7** | **0** | **0** | **29-5** | **21** |
| KR | 7 | 6 | 0 | 1 | 20-6 | 18 |
| **Stjarnan** | **7** | **4** | **2** | **1** | **15-6** | **14** |
| Afturelding | 7 | 2 | 2 | 3 | 4-6 | 8 |
| **Keflavík** | **7** | **2** | **2** | **3** | **10-19** | **8** |
| Breiðablik | 7 | 2 | 1 | 4 | 11-11 | 7 |
| **Þór/KA** | **7** | **2** | **1** | **4** | **10-14** | **7** |
| Fylkir | 7 | 2 | 0 | 5 | 5-17 | 6 |
| **HK/Víkingur** | **7** | **1** | **2** | **4** | **5-12** | **5** |
| Fjölnir | 7 | 1 | 2 | 4 | 5-18 | 5 |

### *Evrópumótið í fótbolta*

Austurríki-Þýskaland 0-1
0-1 Michael Ballack (49.)
Pólland-Króatía 0-1
0-1 Ivan Klasnic (52.)

**LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Króatía** | **3** | **3** | **0** | **0** | **4-1** | **9** |
| Þýskaland | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-2 | 6 |
| **Austurríki** | **3** | **0** | **1** | **2** | **1-3** | **1** |
| Pólland | 3 | 0 | 1 | 2 | 1-4 | 1 |

**Króatía** mætir **Tyrklandi** í 8 liða úrslitum en **Þýskaland** spilar við **Portúgal**.

### *Opna bandaríska í golfi*

**Tiger Woods** vann Opna bandaríska golfmótið í þriðja sinn á ferlinum eftir að hafa haft betur gegn **Rocco Mediate** í bráðabana eftir átján holu umspil. Þetta er fjórtánda risamótið sem Tiger vinnur á ferlinum.

# Umdeilt sigurmark Fram

## Framarar hrifsuðu 3. sætið af Fjölnismönnum þar sem sigurmarkið kom beint úr hornspyrnu þar sem Fjölnismenn töldu að brotið hafði verið á markverði sínum.

**FÓTBOLTI** Fram sigraði Fjölni, 1-0, í afspyrnuslökum en dramatískum leik. Fátt var um fína drætti en Fjölnismenn voru allt annað en sáttir við sigurmark Fram sem Samuel Tillen skoraði beint úr hornspyrnu á 81. mínútu.

„Þetta var alveg verulega súrt. Sér í lagi af því að rétt áður en þeir skora þá ver hann á línu nánast með hendi og í þessu marki sem við fáum á okkur keyra þeir þrír Dodda niður og hann sér ekki ástæðu til að dæma. Það er klisjukennt að kenna dómaranum um. Við hefðum svo sem átt að vera búnir að skora en mistökin voru dýr hjá honum í dag," sagði Óli Stefán Flóventsson, varnarmaður Fjölnis, um sigurmark Fram en rétt áður en Fram skoraði vildu Fjölnismenn einnig fá vítaspyrnu.



**UPP Í 3. SÆTIÐ** Ívar Björnsson og félagar í Fram hækkuðu sig um 3 sæti með sigri í Grafarvogi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Þéttur varnarleikur**

Liðin spiluðu þéttan varnarleik og var lítið um opin færi í leiknum. „Þetta voru tvö þétt lið og það er týpískt að sigurinn hafi dottið svona. Hvorugt liðið fékk mikið á sig. Við erum með öfluga vörn og fáum ekki mikið af færum á okkur," sagði Óli Stefán.

Auðun Helgason, miðvörður Fram, var mjög sáttur við leik sinna manna en Fram er í þriðja sæti deildarinnar með 12 stig líkt og Fjölnir þrátt fyrir að hafa aðeins skorað 7 mörk í 7 leikjum.

„Þetta var baráttuleikur. Það var erfitt að hemja boltann í vindinum en á köflum var þetta ágætt. Við fengum þann leik sem við vildum og mér fannst við hafa ansi góð tök á þessu. Það var ekki mikið af færum í leiknum. Þeir fá sama og ekki neitt og við fáum nokkur hálffæri. Þetta féll okkar megin í dag því við vorum að berjast sem lið og höfðum trú á þessu. Mér fannst góð stemning hjá okkur eftir erfitt tap fyrir Grindavík í síðasta leik."

**Markvörðurinn datt með boltann**

„Vörnin var mjög sterk og þá allur varnarleikur liðsins. Það væri óskandi að við myndum skora meira. Við erum með hættulega menn og eigum eftir að skora meira. Það vantar aðeins meira sjálfstraust. Við þurfum að vinna í því," sagði Auðun, sem vildi lítið tjá sig um hin umdeildu atriði sem voru Óla Stefáni hugleikin.

„Ég sé ekki almennilega hvað gerist í vörninni. Ég fæ boltann eitthvað í mig. Hinum megin vildum við líka fá víti skömmu seinna en við fengum horn sem við skoruðum úr. Dómarinn dæmir mark og hefur hann ekki rétt fyrir sér? Línuvörðurinn var vel staðsettur og markvörðurinn virðist detta inn fyrir línuna með boltann," sagði Auðun. **- gmi**



**VALIN BEST** Dóra María Lárusdóttir úr Val. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Landsbankadeild kvenna:

## Dóra María best

**FÓTBOLTI** Valskonan Dóra María Lárusdóttir var valin besti leikmaður fyrstu sex umferðanna í Landsbankadeild kvenna.

Dóra María skoraði tvö sigurmörk fyrir Val í þessum umferðum, þar á meðal í toppslagnum á móti KR. Elísabet Gunnarsdóttir og Freyr Alexandersson, þjálfarar Vals, voru valin bestu þjálfarnir og stuðningsmenn nýliða Aftureldingar fengu líka verðlaun. **- óój**

### LIÐ UMFERÐANNA

**Markvörður:**

| | |
|---|---|
| Brett Elizabeth Maron | Aftureldingu |

**Varnarmenn:**

| | |
|---|---|
| Ásta Árnadóttir | Val |
| Embla Sigríður Grétarsdóttir | KR |
| Guðrún Sóley Gunnarsdóttir | KR |
| Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir | KR |

**Tengiliðir:**

| | |
|---|---|
| Dóra María Lárusdóttir | Val |
| Edda Garðarsdóttir | KR |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | KR |
| Sophia Andrea Mundy | Aftureldingu |

**Framherjar:**

| | |
|---|---|
| Margrét Lára Viðarsdóttir | Val |
| Rakel Hönnudóttir | Þór/KA |

### FJÖLNIR 0-1 FRAM

*0-1 Sam Tillen (81.)*
Fjölnisvöllur, áhorfendur: 939
Eyjólfur M. Kristinsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–7 (2–3) |
| Varin skot | Þórður 2 – Hannes 2 |
| Horn | 3–9 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–14 |
| Rangstöður | 0–1 |

**Fjölnir 4–5–1** Þórður Ingason 4 - Gunnar Valur Gunnarsson 5, Óli Stefán Flóventsson 6, Kristján Hauksson 6, Eyþór Atli Einarsson 4 - Ómar Hákonarson 5 (80. Pétur Georg Markan -), Ólafur Páll Snorrason 5 (72. Ásgeir Aron Ásgeirsson -), Ágúst Þór Gylfason 4, Gunnar Már Guðmundsson 6, Tómas Leifsson 5 - Davíð Þór Rúnarsson 4.

**Fram 4–3–3** Hannes Þór Halldórsson 6 - Daði Guðmundsson 5, Auðun Helgason 7, Óðinn Árnason 7, ***Sam Tillen 7** - Paul McShane 4, Heiðar Geir Júlíusson 5, Halldór Hermann Jónsson 6 - Ívar Björnsson 6, Hjálmar Þórarinsson 4 (88. Jón Orri Ólafsson -), Josehp Tillen 5 (40. Jón Þogrímur Stefánsson 4) (65. Ingvar Þór Ólason 5)

### BREIÐABLIK 4-1 FH

*1-0 Prince Rajcomar (18.)*
*2-0 Prince Rajcomar (24.)*
*2-1 Tryggvi Guðmundsson, víti (48.)*
*3-1 Nenad Petrovic (58.)*
*4-1 Arnar Grétarsson, víti (81.)*
Kópavogsvöllur, áhorfendur: 987
Ólafur Ragnarsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–14 (8–9) |
| Varin skot | Casper 8 – Daði 4 |
| Horn | 3–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–10 |
| Rangstöður | 6–6 |

**Breiðablik 4–4–2** Casper Jacobsen 8 - Árni Kristinn Gunnarsson 6, Srjdan Gasic 6, Arnar Grétarsson 7, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 - Jóhann Berg Guðmundsson 6, Guðmundur Kristjánsson 5, Nenad Petrovic 6 (78., Steinþór Freyr Þorsteinsson -) , Olgeir Sigurgeirsson 5 - Marel Baldvinsson 6 (80. Magnús Páll Gunnarsson -), ***Prince Rajcomar 8** (90. Nenad Zivanovic -)

**FH 4–3–3** Daði Lárusson 3 - Guðmundur Sævarsson 3, Freyr Bjarnason 4, Tommy Nielsen 4, Hjörtur Logi Valgarðsson 4 - Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 5 (61. Bjarki Gunnlaugsson 4), Dennis Siim 5, Matthías Vilhjálmsson 4 (71. Matthías Guðmundsson -) - Atli Guðnason 4 (76. Arnar Gunnlaugsson -), Atli Viðar Björnsson 3, Tryggvi Guðmundsson 5

FH-ingar töpuðu sínum fyrsta leik í sumar gegn sprækum Blikum í Kópavogi:

# Prinsinn í Kópavogi var í stuði

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann góðan 4-1 heimasigur á FH, sem þar með tapaði sínum fyrsta leik í sumar. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson var í byrjunarliðinu í fyrsta skipti í sumar hjá FH en hjá Blikum kom ungur miðjumaður, Guðmundur Kristjánsson, inn í byrjunarliðið í sínum fyrsta leik en í staðinn spilaði Arnar Grétarsson í stöðu miðvarðar með góðum árangri.

Leikurinn byrjaði fjörlega, Casper varði skot frá Tryggva í stöngina áður en Blikar komust yfir. Prince Rajcomar fékk sendingu sem Tommy Nielsen virtist ætla að ná en Prince hafði hann á hraðanum. Hann óð inn í teig og skaut undir Daða. Í næstu sókn small fyrirgjöf í Blikaslánni og Casper varði svo frábærlega frá Ásgeiri.

Prince skoraði sitt annað mark nokkrum mínútum síðar. Hann vippaði boltanum þá skemmtilega yfir Daða eftir sendingu frá Jóhanni Berg. Marel skallaði svo framhjá úr besta færi leiksins áður en flautað var til hálfleiks. Blikar 2-0 yfir, þökk sé frábærum Casper og sprækum Prince.

Í upphafi síðari hálfleiks skoraði Tryggvi úr víti fyrir FH eftir að brotið var á Atla Guðnasyni. Heimamenn mótmæltu dómnum ákaft. Marel skaut í kjölfarið beint í Daða af markteignum og voru Marel mislagðir fætur fyrir framan markið. Prince olli aftur á móti miklum usla í sókninni og var afar sprækur allan leikinn.

Nenad Petrovic skoraði svo þriðja mark Blika eftir harða sóknarlotu. Fyrirgjöf fór í stöngina, Freyr Bjarnason bjargaði á línu en Petrovic setti boltann upp í þaknetið. Freyr tæklaði svo Prince tíu mínútum fyrir leikslok innan teigs, víti var dæmt og var Freyr heppinn að sleppa við spjald sem hefði hæglega getað verið rautt. Arnar skoraði örugglega úr vítinu og úrslitin 4-1.



**FRÁBÆR** Prince Rajcomar hjá Breiðabliki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta er annar leikurinn í sumar sem FH fær á sig mörk í og í báðum leikjunum voru þau fjögur. Fyrsta tap FH í sumar varð staðreynd og sigur Blika var sanngjarn. Þeir voru grimmari í leiknum, hættulegir fram á við og sterkir varnarlega.

Tapið þýðir að FH-ingar eru búnir að missa toppsætið til Keflvíkinga, sem unnu sinn leik í umferðinni á sunnudagskvöldið. **- hþh**


Hvannadalshnúkur
2008
Kæru þátttakendur í Toppaðu með 66°Norður.
Innilega til hamingju með áranguurinn!
66°
NORÐUR
FJALLALEIDSOGUMENN.IS

> **Robert De Niro**

„Eitt af því besta við að vera leikari er að fá tækifæri til að lifa lífi annarra án þess að þurfa að takast á við afleiðingarnar." De Niro leikur í myndinni „Hide and Seek" sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR Á KONUR RANNSAKA MORÐ

## *Tilfinningauppgjör í uppsiglingu*

Heldur var það nú undarleg samsuða sjónvarpsþáttagreina sem Stöð 2 bauð áhorfendum sínum upp á á sunnudagskvöldið. Þá fór í loftið fyrsti þátturinn af Morðklúbbi kvenna, bandarískri framleiðslu sem sameinar harðsvíraða lögguþáttinn ástleitna konuþættinum. Skemmst er frá því að segja að þessi blanda lofar ekki góðu.



Þættirnir segja okkur frá ævintýrum fjögurra kvenna sem allar koma á einhvern hátt að morðrannsóknum. Jafnframt býðst áhorfendum að skyggnast inn í einkalíf þeirra; ein er gift fötluðum manni og á einhverja glás af krökkum. Önnur er fráskilin og bitur, sú þriðja er haldin skuldbindingafælni og sú fjórða er njörður sem á sér ekkert einkalíf. Morðfórnarlambið í fyrsta þættinum var kona sem hafði einbeitt sér að framanum og átti því engan að. Dapurleg örlög þessarar vinnuglöðu konu leiddu kvenhetjurnar fjórar til vangaveltna um stöðu eigin einkalífs og varð morðrannsóknin að eins konar bakgrunni á meðan. Kynnt var til sögunnar gamalt, óleyst morðmál sem virðist ætla að verða efniviður í langloku mikla sem mun teygja sig yfir þáttaröðina, allt til síðasta blóðdropa. Tók svo steininn úr þegar fyrrverandi eiginmaður fráskildu píunnar var ráðinn til starfa sem yfirmaður hennar og kom í ljós að hann er kominn með nýja dömu upp á arminn. Ljóst er að tilfinningauppgjör er í uppsiglingu hjá hjónunum fyrrverandi, en þó ekki fyrr en eftir dúk og disk. Fyrst þurfa þau væntanlega að kyssast og játa fyrir hvort öðru að gamla aðdráttaraflið er enn til staðar.

Það hefur oft gefið góða raun að blanda saman sjónvarpsgreinum og skapa þannig eitthvað nýtt. Sumar blöndur virka vel, til að mynda fréttaskýringar og grín, en aðrar missa marks. Vel má vera að Morðklúbbur kvenna rétti úr kútnum og reynist hin besta skemmtun þegar upp er staðið, en ekki var fyrsti þátturinn spennandi.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.55** Moment of Truth
STÖÐ 2



▶ **20.10** Kid Nation
SKJÁREINN



▶ **20.30** Entourage
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.10** Sniglabandið
SJÓNVARPIÐ



▶ **00.45** Úrslitakeppni NBA
BEINT STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Bú!, Ávaxtakarfan, Friðþjófur forvitni, Hopp og hí Sesamí, Trillurnar og Gæludýr úr geimnum.

**10.40 Hátíðarstund á Austurvelli** Bein útsending. Forsætisráðherra flytur ávarp.

**11.20 Leiftrið bjarta** (1:2) (e)

**12.10 Leiftrið bjarta** (2:2) (e)

**12.55 Þráinn** (e)

**13.40 Þjóðin og þýðingarnar** (e)

**14.10 Tónleikar á Menningarnótt** (e)

**15.55 „Ég er nefnilega svo aldeilis yfirgengilega magnaður að lifa"** (e)

**16.45 Bang og mark** Sýnt frá leikjum í efstu deild kvenna í fótbolta.

**17.05 Bang og mark** Sýnt frá leikjum í efstu deild karla í fótbolta.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 EM 2008 - Upphitun**

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Frakka og Ítala. Leikur Hollendinga og Rúmena er sýndur á RÚV plús.

**20.45 Fréttayfirlit**

**20.50 Ávarp forsætisráðherra**

▶**21.10 Sniglabandið - Beztu sætin** Upptaka frá tónleikum í Borgarleikhúsinu.

**22.05 EM 2008 - Samantekt**

**22.35 EM í fótbolta 2008** Upptaka frá leik Hollands og Rúmeniu.

**00.15 Jane Eyre**

**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.20 Zathura: A Space Adventure**

**08.00 Guess Who**

**10.00 Lake House**

**12.00 Tenacious D in The Pick of Destiny**

**14.00 Zathura: A Space Adventure**

**16.00 Guess Who**

**18.00 Lake House**

**20.00 Tenacious D in The Pick of Destiny**

**22.00 Hide and Seek** Spennudrama með Robert De Niro í aðalhlutverki.

**00.00 Syriana**

**02.05 Lawnmower Man**

**04.00 Hide and Seek**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Dora the Explorer, Refurinn Pablo, Hlaupin, Sylvester and Tweety Mysterie, Kalli kanína og félagar, Camp Lazlo, Ginger segir frá, Dexter´s Laboratory og Shin Chan.

**10.45 Bartok the Magnificent** Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Oprah**

**13.15 Homefront** (6:18)(e)

**14.05 Friends** (17:24)

**14.30 Michael Jackson: After the Verdict** Heimildarmynd sem um hver afdrif Michael Jackson hafa orðið eftir að hann var sýknaður af ákæru fyrir kynferðisglæpi.

**15.20 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**15.55 Wife Swap** (10:10)

**16.45 Barbershop 2: Back in Business** Framhald gamanmyndarinnar vinsælu með Ice Cube, Cedric The Entertainer og Queen Latifah.

**18.30 Fréttir**

**19.05 The Simpsons** (2:22) Sautjánda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna. Lisa hættir að þora að sofa ein í sínu herbergi og fer að skríða upp í til mömmu og pabba á næturnar.

**19.30 Friends** (24:24) Lokaþáttur. Spurning er hvort allt gangi upp hjá Monicu og Chandler en í síðasta þætti virtist Chandler vera að guggna á brúðkaupinu.

▶**19.55 Moment of Truth** (2:25) Nýr spurningaþáttur þar sem Þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig. Háar peningaupphæðir eru í boði en það getur verið hægara sagt en gert að svara þegar maður er bundinn við lygamæli.

**20.40 Bláu augun þín** Upptaka frá tónleikum til heiðurs Gunnars Þórðarsonar, Ólaf Hauk Símonarsonar og Ólafs Gauk.

**21.25 Traveler** (3:8)

**22.10 60 minutes**

**22.55 How to Kill Your Neighbor´s Dog** Dramatísk gamanmynd með Kenneth Branagh og Robin Wright Penn í aðalhlutverkum.

**00.40 ReGenesis** (1:13)

**01.25 Big Love** (7:12)

**02.20 The Little Richard Story**

**03.45 Barbershop 2. Back in Buisness**

**05.30 The Simpsons** (2:22)

**05.55 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008**
Breiðablik - FH. Útsending frá leik Breiðabliks og FH í Landsbankadeild karla.

**17.00 Kaupþings mótaröðin 2008**
Sýnt frá öðru móti sumarsins á Kaupþingsmótaröðinni.

**18.00 Landsbankadeildin 2008**
Breiðablik - FH. Útsending frá leik Breiðabliks og FH í Landsbankadeild karla.

**19.50 Landsbankamörkin 2008**
Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

**20.50 Opna bandaríska mótið - US open**
Útsending frá lokadegi US Open í golfi.

▶**00.45 NBA-körfuboltinn - Úrslitakeppnin** Bein útsending frá leik í úrslitarimmunni um NBA-meistaratitilinn.

## SPORT 2

**16.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð.

**16.30 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**17.25 Bestu bikarmörkin** Enska bikarkeppnin á sér langa sögu. Mörg óvænt úrslit hafa litið dagsins ljós og glæsileg tilþrif og mörk hafa yljað knattspyrnuáhugamönnum.

**18.20 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**18.50 Bestu leikirnir** Reading - Liverpool.

**20.30 PL Classic Matches Man. United - Chelsea, 99/00.** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 EM 4 4 2**

**21.30 10 Bestu - Rúnar Kristinsson** Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.20 Bestu leikirnir** Reading - Liverpool

**00.00 EM 4 4 2**

**00.30 Champions of the World**

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Girlfriends** (e)

**10.00 Dr. Phil** (e)

**16.00 Everybody Hates Chris** (e)

**16.30 Girlfriends** Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.

**17.00 Rachael Ray** Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Jay Leno** (e)

▶**20.10 Kid Nation** (9:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Deilur meðal krakkanna setja allt í uppnám í Bonanza og óvænt tilkynning á bæjarráðsfundi kemur mörgum úr jafnvægi.

**21.00 Age of Love** (4:8) Bandarísk raunveruleikasería. Mark Philippoussis er þrítug tennisstjarna frá Ástralíu sem er að leita að stóru ástinni. Í upphafi er piparsveinninn kynntur fyrir hópi kvenna. Það kemur honum í opna skjöldu þegar þær reynast allar vera á fimmtugsaldri.

**21.50 The Real Housewives of Orange County** (3:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkisbubbasamfélagi í Kaliforníu. Áhorfendur fá að fylgjast með öllu sem gerist í lífi þeirra sem er langt frá því að vera fullkomið.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 C.S.I.** (e)

**00.20 Eureka** (e)

**01.10 C.S.I.**

**01.50 Girlfriends** (e)

**02.15 Vörutorg**

**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 21.30

**10 Bestu - Rúnar Kristinsson**

Einn dáðasti sonur Íslands verður tekinn fyrir í kvöld. Rúnar Kristinsson fór seint í atvinnumennskuna en sýndi það og sannaði í Svíþjóð, Noregi og Belgíu að hann var einn af betri knattspyrnumönnum Íslands. Átti einnig þátt í einum besta árangri íslensks landsliðs þegar Íslendingar gerðu jafntefli gegn Frökkum árið 1998 á Laugardalsvelli. Ferill Rúnars verður skoðaður í þessum frábæra þætti.



### ▶ STÖÐ 2 KL. 20.40

**BLÁU AUGUN ÞÍN - TÓNLEIKAR**

Upptaka frá einstökum tónleikum sem haldnir voru í apríl á þessu ári í Íslensku óperunni. Þar heiðruðu valinkunnir tónlistarmenn þrjá af helstu dægurtónlistarhöfundum þjóðarinnar, þá Gunnar Þórðarson, Ólaf Hauk Símonarson og Ólaf Gauk, með því að syngja og leika nokkur af þeirra dáðustu lögum. Meðal flytjenda voru Stefán Hilmarsson, KK, Lay Low, Svavar Knútur, Þorsteinn úr Hjálmum, Ellen Kristjánsdóttir, Eyþór Gunnarsson og fjölskylda þeirra hjóna.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gengið um Reykholt
**09.03** Handa almúganum á Íslandi
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Lúðraþytur
**10.25** Frá þjóðhátíð í Reykjavík
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í nýju landi
**14.00** Nú förum við í okkar fínasta púss
**15.00** Systurnar úr Flatey
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Minningartónleikar um Árna Scheving
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Í tilefni dagsins
**18.55** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Maxímús Músíkús á Sinfóníutónleikum
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Huldumál: Tónlist eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Í léttri sveiflu á þjóðhátíð
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (14:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**17.30 Entourage** (11:20)
**18.00 Comedy Inc.** (20:22) Ástralskur sketsaþáttur.
**18.30 American Dad** (14:19) Fjórða teiknimyndaserían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að í heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (14:22)
▶**20.30 Entourage (11:20)** Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn er bæði skrykkjótt og brött. Á slíkri þrautagöngu kemur sér vel að eiga góða vini en stundum getur það líka bara skemmt fyrir.
**21.00 Comedy Inc.** (20:22)
**21.30 American Dad** (14:19)
**22.00 Fallen. The Destiny**
**23.20 Missing** (7:19)
**00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Kolbrún Bergþórsdóttir og Björk Jakobsdóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Et godt kvarter **10.50** Vagn på floden **11.30** Hammerslag **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Spartacus **21.25** Dødens Detektiver **21.45** Seinfeld **22.10** Barnebrud gør oprør

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Bokbussen **10.40** Eit liv med fisk og kjærleik **11.40** Faktor **12.10** Når passer det å få barn? **12.50** Syklus **13.20** Dávgi - Urfolksmagasin **13.45** De dødes tjern **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Landgang **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Koht i familien **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extratrekning **20.35** Chaser's War **21.00** Kveldsnytt **21.20** Dårlig oppdragelse **23.00** Det glade vanvidd

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Niklas mat **11.05** Förtigen barnhandel **12.40** Lilla Märta kommer tillbaka **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Kort från Kina **15.05** På luffen i Norden **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Lilla blåa draken **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Hej hej sommar **16.31** Philofix **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue water high **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören - killar sjunger inte


# Goran Superform á 4 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni, kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.



***Nýtt á Íslandi* Goran Superform matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200
## Námskeiðin byrja 23. júní!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Nýja uppáhaldið er veitingastaðurinn Fiskimarkaðurinn. Mér finnst kálfakjötið og japanska nautakjötið þar alveg geggjað. Grái kötturinn er svo alltaf góður þegar maður vill eiga notalegan sunnudagsmorgun. Svo er Sushibarinn á Laugavegi með rúllur sem mér finnst mjög góðar, mig minnir að þær séu kallaðar Awesome Sushi.*

Anna Sigríður Pálsdóttir, eigandi hárgreiðslustofunnar Gels.



**LÁRÉTT**
**2.** korntegund, **6.** skammstöfun, **8.** sæ, **9.** yfirbreiðsla, **11.** utan, **12.** ólögl. innfluttningur, **14.** skot, **16.** pot, **17.** viður, **18.** af, **20.** rykkorn, **21.** baktal.

**LÓÐRÉTT**
**1.** flík, **3.** þys, **4.** gutla, **5.** gláp, **7.** safna, **10.** ætt, **13.** hola, **15.** verðir, **16.** skammstöfun, **19.** hæð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** bygg, **6.** eh, **8.** sjó, **9.** lak, **11.** án, **12.** smygl, **14.** snafs, **16.** ot, **17.** tré, **18.** frá, **20.** ar, **21.** last.
**LÓÐRÉTT: 1.** pels, **3.** ys, **4.** gjálfra, **5.** gón, **7.** hamstra, **10.** kyn, **13.** gat, **15.** sért, **16.** ofl, **19.** ás.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Bræðrabylta
2. Bíladagar
3. Orkuverið jörð




**Viltu taka daginn snemma í sumar?**

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á **www.posthusid.is**

Pósthúsið
www.posthusid.is

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Baltasar með her manns í vinnu

Tökur á kvikmynd Baltasars Kormáks, Run for Her Life, hófust á sunnudag í Nýju-Mexíkó. Frá þessu er greint á fréttastöðinni KDBC 4. Jafnframt kemur fram að þetta sé hundraðasta kvikmyndin sem tekin er upp í ríkinu í stjórnartíð ríkisstjórans, Bills Richardson, en hann hefur lagt mikið upp úr því að laða kvikmyndagerðarfólk til ríkisins. Óskarsverðlaunamynd Coen-bræðra, No Country for Old Men, var einmitt tekin upp þar.

Á vef fréttastöðvarinnar er síðan sagt frá því að þrjú hundruð aukaleikarar frá Nýju-Mexíkó muni taka þátt í kvikmyndinni auk níutíu manna tökuliðs. Sem þýðir að Baltasar hefur tæplega fjögur hundruð manns á sínum snærum á meðan á tökum stendur.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leika Delmot Mulroney og Diane Kruger í kvikmyndinni hjón sem standa frammi fyrir siðferðislega erfiðri ákvörðun þegar dóttir þeirra veikist alvarlega. Með önnur hlutverk fara þeir Vincent Perez og Jordi Mollà. Baltasar er þó ekki eini Íslendingurinn sem kemur að gerð myndarinnar því um klippingu sér Elísabet Ronaldsdóttir en kvikmyndatökumaður er Óttar Guðnason. **- fgg**



**NÓG AF FÓLKI** Baltasar er með nóg af fólki í vinnu en tæplega fjögur hundruð manns koma að gerð nýjustu myndar hans, Run for Her Life.



**STÓRSTJARNA** Diane Kruger er á góðri leið með að verða stórstjarna í Hollywood.

LOGI GEIRSSON: HELDUR PARTÍ Á RÚBÍN

# Tek pottþétt lagið

„Ætli þetta verði ekki bara dýrari týpan?" segir Logi Geirsson um partí sem hann heldur á föstudagskvöldið fyrir vel valda aðila. Partíið fer fram á skemmtistaðnum Rúbín í Öskjuhlíð og er það Logi sem borgar brúsann frá A til Ö. „Já, já, ég tek þetta allt á mig og sé um allan kostnað. Þetta er bæði af því tilefni að lífið er yndislegt og líka að Ísland er komið á Ólympíuleikana," segir Logi en hann hefur haldið partí hér á landi árlega í fimm ár. „Mér finnst vanta partíkúltúr á Íslandi. Góð partí með hljómsveit þar sem fólk mætir til að hitta annað fólk og skemmta sér." Hann segir að slík partí séu algeng í Þýskalandi þar sem Logi er búsettur. „Maður er soldið að stela þessu þaðan."

Þetta partí er án nokkurs vafa það stærsta sem Logi hefur haldið. „Já, þetta er á mjög flottum stað og það verður mikið af fólki. Einhverjir af strákunum í landsliðinu mæta og svo náttúrulega fólk alls staðar að," segir Logi. Logi vill sem minnst gefa upp um dagskrá kvöldsins en eitthvað þó. „Gömlu Grasræturnarverða að spila þarna og ég tek pottþétt lagið með þeim. Það er alveg klárt," segir Logi sem hikar ekki við að taka lagið hvar sem er, og hvenær sem er. Hann gefur þó ekkert upp hvaða lag hann tekur.

Logi er staddur hér landi og einbeitir sér nú einna helst að því að ná sér góðum af meiðslum, en hann reif magavöðva í vor. Hann stefnir að því að vera orðinn klár fyrir Ólympíuleikana. Hann lætur vel af sér, vel greiddur og glæsilegur. Enda notar hann sitt eigið gel sem hann seldi í vetur í gegnum internetið. „Það er erfitt að nálgast það núna," segir Logi en ekki er útséð með að það komi á markað áður en langt um líður.

Logi segir að þeir sem hafi áhuga á að mæta í partíið geti haft samband við Árna Inga Árnason gegnum netfangið arningi22@hotmail.com. „Hann er að hjálpa mér að dreifa miðum á þetta enda get ég ekki komið þeim til allra sjálfur." **soli@frettabladid.is**



**AÐEINS EINN LOGI GEIRSSON** Logi Geirsson heldur partí á Rúbín á föstudagskvöldið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Eric Clapton** heldur tónleika í Egilshöll 8. ágúst en ólíklegt er að hann renni fyrir lax hér á landi eins og undanfarin sumur. Í fyrra var ástand laxveiðiáa slæmt framan af sumri vegna vatnsleysis og Clapton, sem mætti í Laxá í Ásum samkvæmt venju, hætti snemma og fór heim. Ástæðan fyrir því að Clapton hefur ekki mynstrað sig í lax nú er líklega ekki sú að hann sé orðinn fráhverfur íslenskri laxveiði heldur yfirstandandi tónleikaferðalag hans í sumar.



Silungasvæði Laxár í Mývatnssveit hefur verið leigt út til Stangaveiðifélags Reykjavíkur við mismikla ánægju heimamanna. **Hólmfríður Jónsdóttir** landeigandi lýsir yfir áhyggjum og sagði í útvarpsfréttum RÚV að hún óttast að lagðir verði vegspottar í óleyfi því veiðin þar kallaði á mikið labb og væri ekki fyrir feitt fólk sem ekki kæmist áfram. **Haraldur Eiríksson** er ritstjóri á vef Stangaveiðifélagsins og skrifar harðorða grein þar sem hann segir SVFR traustsins vert. Og segjast verður að í stjórn félagsins virðast engar feitubollur. **Guðmundur Stefán Maríasson** formaður er til dæmis körfuboltadómari og **Árni Friðleifsson** mótorhjólalögga er fyrrverandi handboltahetja og bróðir **Sivjar**.



Veðmálafyrirtækið Betsson, hvers lögmaður er **Sigurður G. Guðjónsson**, hefur sagt öðrum veðmálafyrirtækjum, líkt og Rauða krossinum, Íslenskri getspá, Háskóla Íslands, Lengjunni og fleiri fyrirbærum stríð á hendur. Þannig hyggjast þeir opna veðstofu á Íslandi en þeir þar telja það stangast á við alþjóðleg lög að slík starfsemi sé háð opinberu leyfi. Betsson ætlaði að láta flugvél fljúga yfir miðborgina og dreifa tíu þúsund dollurum merktum Betsson yfir mannfjöldann en lögreglu og flugmálastjórn þótti hugmyndin afleit og var því fallið frá henni. **-jbg**



# Varð ástfangin af New York

Fyrrverandi Nikita-hönnuðurinn Ingibjörg Finnbogadóttir, eða Imba eins og hún er betur þekkt, hefur verið búsett í New York síðastliðin tvö ár Hún fékk atvinnuleyfi í fyrrahaust og hefur síðan þá haft nóg fyrir stafni. Hún rekur meðal annars sitt eigið stílistafyrirtæki, Creatively Superior.

Fyrir skömmu lauk hún við að stílisera myndir fyrir nýjustu auglýsingaherferð fatamerkisins Zoo York en nýjasta verkefni hennar er heldur nýstárlegt. Hún var fengin til að stílisera sex persónur fyrir nýtt fyrirtæki sem kallast Fauxcialite. „Mitt verk var að klæða þau og skapa mismunandi karaktera. Þessar persónur sækja síðan ýmsa menningarviðburði hér í New York. Það sem Fauxcialite er að gera er að skapa sex stjörnur sem eiga að vekja athygli hvert sem þær fara, hugmyndin er síðan sú að fyrirtæki geti í framtíðinni keypt hluta af manneskjunni, til að mynda handlegg eða föt, og auglýst vöru sína þannig á menningarviðburðum," segir Imba, en hún mun sjá um að koma auglýsingunum fyrir á réttum líkamshluta og klæða persónurnar fyrir hvern viðburð.

Imba segist ekki hafa komið til Bandaríkjanna til að ná frægð og frama heldur til þess að kanna heiminn. „Mig langaði að prófa eitthvað nýtt en varð ástfangin af borginni. Það er engin borg eins og New York; það þarf aga og karakter til að lifa af hérna." Þeir sem hafa áhuga á að skoða verkefni Imbu er bent á síðuna www.stylingbyimba.com. **- sm**

**IMBA HEFUR GETIÐ SÉR GOTT ORÐ Í NEW YORK** Hún rekur meðal annars sitt eigið fyrirtæki, Creatively Superior.




MERZEDES
CLUB
NASA Í DAG KL. 18.00
EKKERT ALDURSTAKMARK!
MIÐAVERÐ KR. 1.000. FRÍTT FYRIR
EITT FORELDRI MEÐ HVERJU BARNI.
PIPAR • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**


## MEST LESIÐ:

- Handtekinn Hollendingur þekktur smyglari
- Lalli Johns handtekinn í Hveragerði
- Eimskip afskrifar nærri níu milljarða
- Svarthöfði er félagsmaður í Vantrú


vísir.is
...ég sá það á vísir.is




**BAKÞANKAR**

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar


# *Ráð við rostahjöðnun*

Rostahjöðnun er óhjákvæmilegur fylgifiskur verðbólgu. Hún lýsir sér þannig að þegar sjóðir tæmast og efnahagskerfi veikist þykir þjóðinni hún síður hafa efni á að vera með rosta.

**EINKENNI** rostahjöðnunar eru meðal annars þau að útrásarhetjur verða að skúrkum og frægðarsögur af íslenskum tónlistarmönnum á erlendri grund missa flugið. Þó ber þess að minnast að Einar Bárðarson er það oft fjarverandi að hann hefur farið nokkuð á mis við verðbólgu og þar af leiðandi rostahjöðnun. Einnig eiga Disneyumbúðirnar, sem ferðafrömuðir hafa brugðið utan um ímynd Íslands, það til að verða að álpappír.

**BESTA** ráðið við þessum kvilla, sem fer okkur Íslendingum afar illa, er að minnast sögunnar af Gretti Ásmundarsyni og Þorsteini Drómundi hálfbróður hans. Þegar þeir voru að hátta eina kvöldstund í Noregi var rosti mikill í Gretti þar sem Þorsteini þótti mikið til tröllslegra handleggja hans koma. Átti Þorsteinn þá við mikla rostahjöðnun að etja þegar hann fór úr að ofan. Gretti þótti nefnilega lítið til koma og kvað Þorstein hafa kerlingahandleggi hangandi undir öxlum. Þorsteinn sagðist þá óska þess að hendur Grettis væru ögn snauðari af afli en ríkari af gæfu.

**SÖGULOK** urðu á þá leið að Þorsteinn Drómundur brá sér til Miklagarðs, ekki þó við Sundahöfn. Hafði hann þar uppi á Þorbirni öngli, sem var að monta sig af því að hafa höggvið Gretti í spað. Það var ekki létt verk þó að Grettir hafi verið rúmfastur í lokabardaganum því hann var svo þrjóskur að þegar hann var höggvinn í hausinn brotnaði saxið. (Ef til vill er þaðan komið enska orðatiltækið „hard headed“ sem notað er yfir þrjóska menn.) Þorsteinn hjó Þorbjörn öngul í herðar niður með sínum kerlingahöndum og hefndi þannig fyrir víg Grettis. Var það þjóðþrifaverk því ófleygum íbúum í Drangey hafði aldrei fækkað jafnmikið og eftir að Grettir fór í sundur og hefur byggðarþróun aldrei náð sér á strik eftir það.

**EN** Þorsteinn gerði gott betur en það og stakk undan Sigurði bónda og gekk að eiga Spes húsfreyju.

**VILJI** menn flýtimeðferð gegn rostahjöðnun má einfaldlega minnast þess að sitt er hvað gæfa og gjörvileiki. Menn þurfa hvorki tröllahandleggi né digra sjóði til að vera Spes ... innan handar á síðkvöldum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 17. júní, 170. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.56 | 13.29 | 0.02 |
| Akureyri | 1.35 | 13.13 | 0.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


